

Skýrsla

eftirlitsnefndar til efnahags- og viðskiptaráðherra, samkvæmt lögum nr.
107/2009 um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka-
og gjaldeyrishrunsins

September 2010

| | | |
|---------|--|----|
| 1 | Inngangur | 4 |
| 2 | Markmið og tilgangur laga um sértæka skuldaaðlögun..... | 6 |
| 2.1 | Almennt um markmið og tilgang | 6 |
| 2.2 | Þjóðhagsleg rök..... | 8 |
| 3 | Um eftirlitsnefndina..... | 13 |
| 3.1 | Hlutverk nefndarinnar..... | 13 |
| 4 | Tölulegar upplýsingar | 16 |
| 4.1 | Sértæk skuldaaðlögun - Einstaklingar | 16 |
| 4.2 | Fjárhagsleg endurskipulagning - Fyrirtæki..... | 17 |
| 4.3 | Eftirgjöf skulda nemur hærri fjárhæð en einum milljarði króna..... | 18 |
| 5 | Framkvæmd eftirlits | 20 |
| 5.1 | Almennt um störf nefndarinnar og aðferðafræði við eftirlit..... | 20 |
| 5.2 | Aðgengi nefndar að gögnum fjármálfyrirtækja | 21 |
| 5.3 | Ferlar og eftirlitskerfi fjármálfyrirtækja/bankanna | 22 |
| 5.3.1 | Verklagsreglur | 22 |
| 5.3.2 | Eftirlitskerfi | 23 |
| 5.3.2.1 | Endurskoðunarnefndir og innri endurskoðandi | 23 |
| 5.3.2.2 | Ytri endurskoðandi | 25 |
| 5.3.3 | Umboðsmaður viðskiptavina | 26 |
| 5.4 | Fundargerðir fjármálfyrirtækja | 29 |
| 5.4.1 | Yfirlestur á fundargerðum greiðsluerfiðleikanefnda eða annarra sambærilegra nefnda, lánanefnda og stjórna fjármálfyrirtækjanna | 29 |
| 5.5 | Afskriftasjóðir | 29 |
| 6 | Einstaklingar | 32 |
| 6.1 | Sértæk skuldaaðlögun einstaklinga - Almennt | 32 |
| 6.2 | Framkvæmdin..... | 32 |
| 6.2.1 | Greiðslugeta..... | 33 |
| 6.2.2 | Framfærslukostnaður..... | 35 |
| 6.2.3 | Ráðstöfunartekjur | 36 |
| 6.2.4 | Eignir..... | 38 |
| 6.3 | Úrvinnsla og mögulegar ástæður fárra mála..... | 38 |
| 6.4 | Synjun um sértæka skuldaaðlögun | 42 |

| | | |
|---------|--|----|
| 6.5 | Hefur jafnræðis og sanngirni verið gætt? | 44 |
| 6.5.1 | Lántaki er starfsmaður bankans sem leiðir ferlið..... | 44 |
| 6.6 | Nauðasamningur til greiðsluaðlögunar..... | 45 |
| 6.6.1 | Ný lög um umboðsmann skuldara og greiðsluaðlögun | 46 |
| 7 | Fyrirtæki..... | 48 |
| 7.1 | Fjárhagsleg endurskipulagning fyrirtækja | 48 |
| 7.1.1 | Skilyrði fyrir fjárhagslegri endurskipulagningu..... | 49 |
| 7.1.2 | Mat á fyrirtækjum | 53 |
| 7.1.2.1 | Verðmæti fyrirtækis með hliðsjón af áætluðu sjóðstreymi | 55 |
| 7.1.3 | Mat á áframhaldandi þáttöku eigenda og stjórnenda fyrirtækis | 61 |
| 7.1.4 | Skilmálar samninga við endurskipulagningu..... | 62 |
| 7.1.5 | Aðferðafræði og sjónarmið..... | 63 |
| 7.1.6 | Helstu gögn við mat og úrvinnslu mála | 66 |
| 7.1.7 | Söluferli eigna | 68 |
| 7.2 | Úrræði fjármálafyrirtækja | 68 |
| 7.2.1 | Almennt um úrræði fjármálafyrirtækja | 69 |
| 7.2.1.1 | Arion banki | 70 |
| 7.2.1.2 | Íslandsbanki..... | 71 |
| 7.2.1.3 | Landsbankinn | 73 |
| 7.2.1.4 | Önnur fjármálafyrirtæki..... | 73 |
| 7.2.2 | Breytingar á úrræðum fjármálafyrirtækja | 73 |
| 7.2.3 | Kyrrstöðusamningar | 75 |
| 7.2.3.1 | Almennt | 75 |
| 7.2.3.2 | Tengsl kyrrstöðusamninga og ábyrgða stjórnarmanna | 77 |
| 7.2.4 | Dæmi um úrræði fjármálafyrirtækja | 78 |
| 7.2.4.1 | Úrræði Arion banka | 80 |
| 7.2.4.2 | Úrræði Íslandsbanka..... | 82 |
| 7.2.4.3 | Úrræði Landsbankans | 84 |
| 7.2.4.4 | Úrræði Dróma / Slitastjórnar SPRON..... | 85 |
| 7.2.5 | Áhrif mismunandi aðferða við eftirgjöf krafna | 86 |
| 7.3 | Ábendingar nefndarinnar á framkvæmd fjárhagslegrar endurskipulagningar fyrirtækja..... | 89 |
| 7.4 | Ábyrgðir í litlum og meðalstórum fyrirtækjum og ábyrgðir aðila með rekstur í eigin nafni | 90 |

| | | |
|-----|--|----|
| 8 | Ábendingar nefndar..... | 92 |
| 8.1 | Almennt um sértæka skuldaaðlögun | 92 |
| 8.2 | Einstaklingar og heimili | 93 |
| 8.3 | Fyrirtæki | 94 |
| 9 | Áframhaldandi störf nefndarinnar | 96 |
| 10 | Lokaorð | 98 |

1 Inngangur

Alþingi samþykkti 23. október 2009 lög nr. 107/2009 um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins (hér eftir nefnd lög um sértæka skuldaaðlögun). Samkvæmt 4. gr. laganna skyldi efnahags- og viðskiptaráðherra skipa faglega nefnd (hér eftir eftirlitsnefndin eða nefndin) til að hafa eftirlit með framkvæmd sértækrar skuldaaðlögunar. Efnahags- og viðskiptaráðherra skipaði nefndina þann 22. desember og var fyrsti fundur nefndarinnar um miðjan janúar 2010. Nefndarmenn eru María Thejll forstöðumaður Lagastofnunar Háskóla Íslands, formaður, Sigríður Ármannsdóttir löggiltur endurskoðandi, eigandi APaL endurskoðunarskrifstofu og Dr. Þórólfur Matthíasson prófessor við hagfræðideild Háskóla Íslands. Starfsmaður nefndarinnar er Valgerður Rún Benediktsdóttir lögfræðingur efnahags- og viðskiptaráðuneytisins. Nefndinni er ætlað að starfa til ársloka 2011 en þá falla lög um sértæka skuldaaðlögun úr gildi.

Lögin tóku gildi 30. október 2009. Af því leiðir að mál einstaklinga og fyrirtækja sem afgreidd voru af fjármálfyrirtækjum á því rúma ári sem leið frá hruni bankakerfisins til gildistöku laganna, falla ekki undir starfsvið nefndarinnar.

Samkvæmt lögum um sértæka skuldaaðlögun bar nefndinni að skila skýrslu 1. mars. Þá lá hins vegar fyrir að afar fá mál höfðu verið afgreidd af eftirlitsskyldum aðilum og höfuð sumir jafnvel ekki afgreitt nein mál á þeim tíma. Verlagsreglur samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laganna voru ekki staðfestar af Fjármálaeftirlitinu fyrr en 2. mars og reynslan af þeim því nánast engin á þeim tímapunkti er nefndinni var ætlað að skila skýrslu sinni. Eðli máls samkvæmt þarf hvert fjármálfyrirtæki að hafa fullafgreitt allnokkur sambærileg mál svo nefndin geti gengið úr skugga um að leyst sé úr sambærilegum málum með svipuðum hætti. Af þeim sökum óskaði nefndin eftir því við efnahags- og viðskiptaráðuneytið að fresta skýrsluskilum og féllst ráðuneytið á þá ósk Nefndin skilaði því hlutaskýrslu til ráðherra þann 8. mars 2010 þar sem fram kom að nefndin myndi skila fyrstu fullnaðarskýrslu þann 1. júlí 2010.

EKKI voru tök á að ljúka skoðun og kynna niðurstöður nefndarinnar fyrir þeim fjármálafyrirtækjum sem hún skoðaði á tímabilinu mars-júní, fyrir 1. júlí. Þá settu Hæstaréttardómar frá 16. júní 2010 um bílalán, öll mál í biðstöðu og frágengin mál þörfnuðust endurskoðunar. Því var óskað eftir fresti fram í september til að skila skýrslunni og var hann veittur.

Í byrjun september voru fjármálafyrirtækin enn að vinna að því að koma verkferlum í framkvæmd. Fjármálafyrirtækin eru að endurskoða hvort úrræði þau sem veitt hafa verið fyrirtækjum dugi til að koma á jafnvægi milli virði eigna og greiðslugetu annars vegar og fjárskuldbindinga hins vegar. Úrræði fyrir fyrirtæki höfðu í sumum tilvikum ekki verið endanlega mótuð eða birt viðskiptavinum með aðgengilegum hætti. Landsbankinn var eina fjármálafyrirtækið sem hafði birt úrræði sín á heimasíðu um miðjan ágúst 2010. Í framhaldi af viðræðum um útfærslu úrræðanna tók Landsbankinn þau til endurskoðunar og birti endurskoðuð úrræði þann 20. september 2010. Að tilmælum nefndarinnar birti Íslandsbanki á heimasíðu sinni úrræði fyrir fyrirtæki í lok ágúst en bankinn hafði unnið eftir þeim úrræðum frá vormánuðum 2010. Arion banki gekk frá skriflegri útfærslu úrræða og birti á heimasíðu sinni í byrjun september að tilmælum nefndarinnar. Að ábendingu nefndarinnar útfærðu Slitastjórn SPRON/Drómi úrræði en hafa ekki birt á heimasíðu. BYR vinnur enn að útfærslu sinna úrræða og hefur ekki birt þau.

Í þessari skýrslu er fjallað um hlutverk og störf nefndarinnar og farið yfir framkvæmd eftirlits. Þá eru teknar saman tölulegar upplýsingar um sértæka skuldaaðlögun og farið yfir skilyrði sértækrar skuldaaðlögunar og hvernig þeim er framfylgt bæði hvað varðar einstaklinga og fyrirtæki. Að auki er fjallað um úrræði einstakra fjármálastofnana og tekin dæmi um mismunandi niðurstöður. Þá leitast nefndin við að leggja gagnrýnið mat á framkvæmdina og benda á atriði sem betur megi fara, bæði hvað varðar reglurnar sem slíkar og framkvæmd þeirra.

2 Markmið og tilgangur laga um sértæka skuldaaðlögun

2.1 Almennt um markmið og tilgang

Ákvæði 1. gr. laga nr. 107/2009 er svohljóðandi:

Markmið laga þessara er að hraða endurreisn íslensks efnahagslífs í kjölfar banka- og gjaldeyrishrunsins haustið 2008 og að jafnvægi komist á virði eigna og greiðslugetu annars vegar og fjárskuldbindinga einstaklinga, fyrirtækja og heimila hins vegar. Lögin kveða á um leiðir og viðmið til að ná því markmiði.

Í 2. gr. laganna er fjallað um einstaklinga og heimili. Þar segir að í samningi milli kröfuhafa um breytingu á skilmálaum skuldabréfa og láanasamninga skuli horft til þess að laga skuldir að greiðslugetu og eignastöðu, hámarka gagnkvæman ávinning samningsaðila af því að gefa eftir tapaðar kröfur og komast hjá óþarfa kostnaði og óhagræði. Í því skyni sé eftirlitsskyldum aðilum á fjármálamarkaði heimilt að setja sér samræmdar verklagsreglur sem gilda tímabundið. Í kjölfar lagasetningarinnar gerðu aðildarfélög Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF), Samband íslenskra sparisjóða, BYR sparisjóður, Lýsing, Avant, SP fjármögnun, Landssamtök lífeyrissjóða, Íbúðaláanasjóður og slitastjórn SPRON, Frjálsa fjárfestingabankans og Tryggingarmiðstöðin með sér „Samkomulag um verklagsreglur um sértæka skuldaaðlögun einstaklinga“ (Samkomulagið) sem samþykkt var 31. október 2009. Sjá fsk. nr. 1.

Í 2. gr. Samkomulagsins segir að með sértækri skuldaaðlögun sé átt við að kröfuhafar fallist á eftirgjöf krafna, hlutfallslega lækkun þeirra eða gjaldfrest á þeim samkvæmt sérstökum samningi hlutaðeigandi, án þess að leitað sé eftir opinberri greiðsluaðlögun.¹

Rétt er að benda á þá staðreynd að samkvæmt lögnum er lagt til grundvallar að sérhvert fjármálafyrirtæki leysi skuldavanda sinna eigin viðskiptavina með sambærilegum hætti og að leitast eigi við að skoða hvort vægari úrræði dugi áður en farið er í sértæka skuldaaðlögun. Flest fjármálafyrirtæki bjóða upp á almenn úrræði fyrir einstaklinga sem ganga skemur en sértæk skuldaaðlögun. Ekki er gert ráð fyrir að fjármálafyrirtækin bjóði upp á sömu úrræði við úrlausn

¹ Sjá lög nr. 50/2009 um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna og X. kafla a. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

skuldavanda sinna viðskiptavina, heldur er beinlínis gert ráð fyrir að fjármálafyrirtækin bjóði viðskiptavinum sínum mismunandi úrræði. Hefur Samkeppniseftirlitið lagt á þetta ríka áherslu enda kæmust sameiginleg úrræði ekki á nema með nánu samstarfi fjármálafyrirtækjanna. Slíkt samráð er ekki heimilt nema með leyfi Samkeppniseftirlitsins. Í reglugerð nr. 307/2010 um störf eftirlitsnefndarinnar segir í 3. mgr. 2. gr. að nefndin skuli að eigin frumkvæði fylgjast með og kanna hvort eftirlitsskyldir aðilar framfylgja verlagsreglum um aðlögun og fjárhagslega endurskipulagningu skulda einstakling og fyrirtækja, og að sanngirni og jafnræðis sé gætt við framkvæmd reglnanna, þannig að sambærileg mál séu meðhöndluð með sambærilegum hætti hjá hverjum eftirlitsskyldum aðila fyrir sig.

Misskilnings hefur gætt hvað varðar vægari úrræði sem fjármálafyrirtæki bjóða upp á. Ábendingar og kvartanir sem einstaklingar hafa sent til nefndarinnar hafa einkum tengst þeirri staðreynd að viðskiptavinir eins fjármálafyrirtækis hafa fengið sömu úrlausn vegna vægari úrræða en sértækrar skuldaaðlögunar og staðið hafa viðskiptavinum annars fjármálafyrirtækis til boða. Það er ekki markmið laganna eða tilgangur að jafna hin vægari úrræði milli fjármálafyrirtækja. En til þess er ætlast að innbyrðis samræmis gæti milli þeirra mála sem einstök fjármálafyrirtæki afgreiða með vægari úrræðum en sértækri skuldaaðlögun.

Í 3. gr. laganna er fjallað um fyrirtæki en þar segir að kröfueigendur skuli setja sér reglur um skuldbreytingar og breytingar á skilmálum skuldabréfa og lánasamninga sem kunna að leiða til eftirgjafar skulda eða annarra ívilnana fyrir skuldara. Í athugasemdum með greininni segir að mikilvægt sé að kröfueigendur viðhafi samræmd vinnubrögð hvað endurskipulagningu varðar og að ætla megi að eftirlitsskyldir aðilar hafi með sér samstarf um setningu regla um fjárhagslega endurskipulagningu. Í kjölfarið vann SFF „*Sameiginlegar verlagsreglur um úrlausn skuldavanda fyrirtækja*“ (SFF reglurnar) sem staðfestar voru af Fjármálaeftirlitinu þann 2. mars 2010 en gerður var fyrirvari um að Samkeppniseftirlitið veitti undanþágu frá slíkum samræmdum reglum á grunni 15. gr. samkeppnisлага nr. 44/2005. Sjá fsk. nr. 2.

Samkvæmt 2. kafla SFF reglnanna er með fjárhagslegri endurskipulagningu átt við það þegar endurskipulagning kann að leiða til eftirgjafar skulda eða annarra ívilnana frá gerðum samningum.

Á grundvelli SFF reglnanna, hafa stóru bankarnir þrír, mótað mismunandi úrræði fyrir sína viðskiptavini. Það er í samræmi við markmið laganna enda ekki gert ráð fyrir að endanlegar útfærslur á fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja yrðu þær sömu hjá fjármálfyrirtækjum þó fylgt sé sömu grunnreglum verklagsreglnanna þegar meta skal hvort fyrirtæki séu til þess fallin að fá slíka endurskipulagningu.

Fjármálfyrirtækin eru í mjög ólíkri aðstöðu og með mismunandi svigrúm til afskrifta. Fjármálfyrirtæki með fullburða efnahag hafa hag af því að rækta samband sitt við viðskiptavini með framtíðarviðskipti í huga. Staða viðskiptavina fjármálfyrirtækja í slitameðferð er önnur, enda er slíkt fyrirtæki ekki í leit að framtíðarviðskiptavinum. Svigrúm fjármálfyrirtækja sem ekki hafa gengið í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu er takmarkað til að semja við viðskiptavini sem sjálfir eru í fjárhagsvanda, þar sem fjármálfyrirtækið á óhægt um vik að meta áhrif skilmálabreytinga og afskrifta á áhættugrunn sinn. Þegar borin eru saman almenn úrræði þeirra fjármálfyrirtækja sem þegar er búið að endurskipuleggja og yfirgnæfandi líkur eru á að verða í áframhaldandi rekstri, má sjá í þeim sameiginlega þætti þó útfærslur séu ólíkar.

2.2 Þjóðhagsleg rök

Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum um sértauka skuldaaðlögun og í umfjöllun nefnda Alþingis um það þingmál, er aðeins óbeint vikið að þjóðhagslegum rökum fyrir skuldaaðlögun. Vikið er að því að lögunum sé ætlað að flýta endurreisin íslensks efnahagslífss í kjölfar hrunsins seinnihluta árs 2008: Ein af orsökum hrunsins var mikið ósamræmi milli gengis íslensku krónunnar og undirliggjandi efnahagsþátta. Hrunið hafði í för með sér snögga leiðréttingu á þessum aðstæðum. Mörg heimili og fyrirtæki höfðu aukið skuldir sínar á þensluárunum fyrir hrun. Umtalsverður hluti skuldanna var í öðrum myntum en íslenskum krónum. Fyrirtæki og heimili urðu því fyrir tvíþættu áfalli við hrunið: Umtalsverðum

tekjusamdrætti reiknað í erlendri mynt, jafnvel lækkun tekna í íslenskum króna á sama tíma og upphæð skulda reiknað í íslenskri mynt jukust umtalsvert þó upphæðin væri óbreytt reiknað í erlendri mynt. Með öðrum orðum þá jók hrunið skuldahlutfall og greiðslubyrði lána hjá mörgum aðilum. Í verstu tilfellunum myndaði hrunið svokallaða skuldahengju en þá stendur tekjumyndun viðkomandi aðila ekki undir vöxtum og afborgunum tekinna lána.

Nú er það svo að heimili og fyrirtæki geta orðið fyrir tekjuáföllum í venjulegu árferði sem sviptir þau möguleikunum að standa við skuldbindingar gagnvart lánadrottnum. Í öllum hagkerfum eru til staðar úrræði og leikreglur sem stjórna atburðarásinni í framhaldinu: Fyrirtæki getur farið fram á greiðslustöðvun eða lýst sig gjaldþrota, skuldareigandi getur gengið að veðum eða farið fram á gjaldþrotaskipti. Markmið þessara úrræða er að lágmarka svokallaða mótaðilaáhættu lánveitandans. Þeim mun minni sem mótaðilaáhætta er þeim mun minni er sá vaxtamunur sem lánveitandinn þarf til að lifa af í sínum rekstri.

Í kjölfar fjármálakreppu fjölgar þeim mjög sem geta ekki staðið við skuldbindingar gagnvart lánadrottnum á sama tíma og verðmæti veða rýrnar mjög. Ávinningur skuldareiganda af að knýja fram gjaldþrot eða af að leysa til sín veð er þá takmarkaður. Í besta falli situr fjármálastofnunin uppi með eignir sem eru mun verðminni en kröfur, í versta falli fellur umtalsverður lögfræði- og málareksturskostnaður á fjármálfyrirtækið. Notkun gjaldþrotáúrræðisins kann því við þessar aðstæður að auka mótaðilaáhættu fjármálfyrirtækis, ekki minnka hana.

Samandregið, í venjulegu árferði þá dregur beiting einnar fjármálastofnunar á hefðbundnum gjaldþrotáúrræðum úr mótaðilaáhættu annarra fjármálastofnana. Í kjölfar fjármálakreppu er þessu öðruvísi farið. Beiti eitt fjármálfyrirtæki gjaldþrotatækinu óspart er ýtt undir verðfall eigna og eignasöfn annarra fjármálastofnana rýrna. Aðgerðir eins fjármálfyrirtækis felur í sér neikvæð ytri áhrif fyrir fjármálageiranum í heild.

Staða einstaklinga og heimila annars vegar og fyrirtækja hins vegar er ekki sú sama þegar kemur að úrvinnslu greiðsluþrots- og gjaldþrotamála. Við gjaldþrot fyrirtækis er tilvist þess lokið og ótryggðar kröfur á hendur fyrirtækinu eiga ekki lengur neinn mótaðila. Þessu er öðruvísi farið með einstaklinga. Gjaldþrot hefur í för með sér eignasölu og í framhaldinu er greitt upp í skuldir. Einstaklingurinn er hins vegar áfram virkur í efnahagslegu tilliti, enda þarf einstaklingurinn áfram að afla sér tekna til framfærslu. Fyrirtæki sem hefur verið úrskurðað gjaldþrota aflar ekki tekna, einstaklingur sem gengur í gegnum gjaldþrot getur hins vegar haldið áfram að afla tekna og getur hugsanlega myndað einhvern sparnað. Lánadrottnar geta haldið óuppgjerðum kröfum gagnvart gjaldþrota einstaklingum lifandi eftir gjaldþrotið, mislengi eftir löndum.

Efnahagslegar afleiðingar gjaldþrots einstaklinga og efnahagslegar afleiðingar gjaldþrots fyrirtækis eru einnig ólíkar. Umfangsmikil gjaldþrotahrina einstaklinga dregur úr einkaneyslu og hefur þannig neikvæð áhrif á umsvifastig í hagkerfinu til skamms tíma. Séu margir í hópi vinnufærra einstaklinga að glíma við eftirköst gjaldþrota má búast við að þessi sjáist merki í vinnuframboði. Einstaklingur sem veit að afrakstur aukins vinnuframboðs gagnast aðeins skuldareigendum er ekki líklegur til að leggja á sig aukna vinnu. Við venjulegar aðstæður ætti tilvist gjaldþotaúrræðisins að hvetja einstaklinga til að halda útgjöldum innan þess ramma sem tekjuöflunarmöguleikar í bráð og lengd setja. Við venjulegar aðstæður getur því tilvist gjaldþotaúrræðisins ýtt undir vinnusemi og vinnuframboð. En verði hlutfall þeirra sem eru gjaldþrota of hátt í einhverjum skilningi þess orðs hættir tilvist gjaldþotaúrræðisins að virka vinnuhvetjandi og getur orðið vinnuletjandi af þeim ástæðum sem raktar voru hér að ofan.

Áhrif gjaldþrots á fyrirtæki með jákvætt sjóðstreymi þurfa ekki að vera mikil. Hinn tekuskapandi rekstur er ein þeirra eigna sem skiptastjóri hefur til umráða og hagur kröfuhafa er jafnan að koma þeirri eign, jafnt sem öðrum, í verð. Þessi staða kemur m.a. upp verði skyndilegar og ófyrirséðar breytingar á ytri aðstæðum í rekstri fyrirtækisins, einnig ef það hafa verið gerð mistök við fjármögnun fyrirtækis eða ef reksturinn er byggður á kostnaðarsamri, óendurkræfri fjárfestingu. Rekstrartekjur duga fyrir rekstrarkostnaði og kannski vel það, en ekki

til að greiða allan fjármagnskostnað. Hinar hagrænu afleiðingar gjaldþrots slíks fyrirtækis er að skuldsetning rekstrarins er færð til samræmis við afborgunarþol hans.

Sé sjóðstreymi fyrirtækis neikvætt og horfur á að það haldist neikvætt um langa framtíð horfir öðru vísi við. Eigendur eða forráðamenn slíks fyrirtækis geta þrjóskast við og rekið fyrirtækið uns eigið fé þess er uppurið og mörg dæmi eru um slíkt og jafnvel að forráðamönnum slíkra fyrirtækja hafi tekist að halda rekstrinum lengur áfram. Orsakir neikvæðs sjóðstreymis eru alla jafna ófyrirséðar breytingar í ytra umhverfi rekstrarins. Í þessum tilvikum eru skilaboð umheimsins þau að þjónustan sem rekstur fyrirtækisins grundvallaðist á sé ekki nægjanlega verðmæt til þess að henni verði haldið áfram.

Neikvætt sjóðstreymi getur verið tímabundið ástand. Hægt er að bregðast við slíku ástandi með tímabundinni rekstrarstöðvun eða umsvifaminnkunar ef eigið fé er til staðar til að taka þeim einskiptiskostnaði sem rekstrarstöðvuninni fylgir. Sé eigið fé ekki til staðar til að standa undir kostnaði við breytta rekstrartilhögun þarf að kalla eftir aukningu þess hjá núverandi eða nýjum eigendum eða afla annarrar fjármögnunar. Fjármögnun tímabundins taprekstrar er alla jafna ekki vandamál sé hægt að sýna fram á að núvirt sjóðstreymi sé jákvæð stærð.

Í kjölfar fjármálakreppu þorna gjarnan lindir nýs eiginfjár og/eða viðbótarfjármögnunar. Þetta gerist vegna aukinnar áhættufælni meðal fjárfesta, minni sparnaðarvilja almennings og minni sparnaðargetu hans. Sömuleiðis er efnahagsreikningur fjármálafyrirtækja gjarnan illa leikinn eftir fjármálakreppur. Það er því hætta á að mörg fyrirtæki sem geta sýnt fram á jákvætt núvirt sjóðstreymi þrátt fyrir neikvætt sjóðstreymi til skamms tíma lendi í fjármögnunarferfiðleikum. Erfiðleikar einstakra fyrirtækja geta síðan haft keðjuverkandi áhrif vegna krosseignahalds eða annarra víltengsla aðila í atvinnulífinu.

Til viðbótar við þann vanda sem felst í fjármögnun tímabundins neikvæðs sjóðstreymis í kjölfar fjármálakreppu kemur sú staðreynnd að mat á framtíðarsjóðstreymi er afar flókin fræði og óviss. Fjármálakreppan á Íslandi sem hófst í október 2008 orsakaðist af og hafði í för með sér miklar

sveiflur í gengi íslensku krónunnar. Vísbendingar eru um að gengi krónunnar hafi verið of sterkt um alllangt árabil fyrir hrún og kreppu. Vísbendingar eru einnig um að gengi krónunnar hafi skotist undir eðlilegt undirliggjandi gildi eftir hrún og kreppu. Þessar staðreyndir hafa afgerandi áhrif á verðmæti framtíðarsjóðstreymis hjá fyrirtækjum sem búa við ólíka gjaldmiðlasamsetningu tekna og gjalda. Hægt er að draga upp sviðsmyndir gengisþróunar sem sýna jákvætt núvirði sjóðsteymis hjá útflutningsfyrirtækjum og neikvætt núvirði sjóðstreymis hjá innflutnings- og þjónustufyrirtækjum. Það er líka hægt að draga upp sviðsmyndir gengisþróunar sem sýna þveröfuga mynd. Þetta eykur enn á vanda fjármálafyrirtækja sem standa frammi fyrir ákvörðunum um fjármögnun neikvæðs sjóðstreymis viðskiptavina.

Inntak og markmið laganna um sértæka skuldaaðlögun er að draga úr þeim neikvæðu keðjuverkandi smitáhrifum á fjármálamarkaði sem lýst er hér að ofan bæði gagnvart fyrirtækjum og gagnvart einstaklingum. En þó hugmyndinni megi lýsa í fáum orðum þá er framkvæmdin langt í frá einföld. Jafnframt er rétt að hafa í huga að úrræðin sem boðið er uppá samkvæmt lögunum um sértæka skuldaaðlögun eru langt í frá einu úrræðin sem tiltæk eru. Í fyrsta lagi bjóða flestar fjármálastofnanir upp á lausnir sem fela í sér aðlögun greiðsluferils vaxtagreiðslna og afborgana að sjóðstreymi hjá þeim aðilum sem búa við gott jákvætt sjóðstreymi. Í öðru lagi eru hinrar opinberu gjaldþrotaleiðir einnig nýttar gagnvart þeim einstaklingum og fyrirtækjum sem eru svo illa skuldsett að viðreisnarvonin er engin.

3 Um eftirlitsnefndina

Eins og áður segir skal efnahags- og viðskiptaráðherra, skv. 4. gr. laga um sértæka skuldaaðlögun, skipa nefnd til að hafa eftirlit með framkvæmd sértækrar skuldaaðlögunar og var hún skipuð þann 22. desember. Verð er að benda á að löginn tóku gildi 30. október 2009. Af því leiðir að mál einstaklinga og fyrirtækja sem afgreidd voru af fjármálaþyrtækjum á því rúma ári sem leið frá hruni bankakerfisins til gildistöku laganna, falla ekki undir starfsvið nefndarinnar.

3.1 Hlutverk nefndarinnar

Hlutverk eftirlitsnefndar, samkvæmt 5 gr. laga um sértæka skuldaaðlögun, er sem hér segir:

- Eftirlitsnefnd skv. 4. gr. laganna skal fylgjast með og kanna að eigin frumkvæði hvort eftirlitsskyldir aðilar á fjármálamarkaði framfylgja samræmdum reglum sem kunna að verða settar á grundvelli 2. gr. og reglum skv. 2. mgr. 3. gr. Nefndin skal enn fremur fylgjast með því að við framkvæmd sértækra aðgerða sé gætt sanngirni og jafnræðis milli skuldara.
- Vakni grunur hjá nefndinni um að við framkvæmd reglnanna sé gengið að lögbundnu eigin fé eftirlitsskyldra aðila eða rekstri þeirra að öðru leyti skal hún tilkynna það til Fjármálaeftirlitsins.

Í apríl 2010 var sett reglugerð nr. 307/2010 um störf eftirlitsnefndarinnar. Í reglugerðinni er framkvæmd eftirlitsins útskýrt nokkuð nánar en gert er í lögum um sértæka skuldaaðlögun og sett inn ákvæði í 4. gr. um ákveðna upplýsingasöfnun af hálfu nefndarinnar:

4. gr. Eftirlit með endurskipulagningu fyrirtækja á vegum fjármálaþyrtækja.

Fjármálaþyrtæki sem standa að fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja skulu, þegar eftir því er kallað, gera eftirlitsnefndinni grein fyrir fjárhagslegri endurskipulagningu allra fyrirtækja þar sem eftirgjöf skuldar nemur hærri fjárhæð en 1 milljarði króna.

Með eftirgjöf skuldar samkvæmt þessari grein er m.a. átt við beina lækkun höfuðstóls skuldar eða lækkun höfuðstóls innan tiltekins tímafrests, breytingu skuldar í víkjandi lán eða breytingu víkjandi láns í hlutafé eða annað eigið fé.

Með fjármálafyrirtæki skv. þessari grein er átt við fyrirtæki sem fengið hefur starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu á grundvelli laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Í upplýsingum fjármálafyrirtækja til nefndarinnar, skv. 1. mgr., skal gera grein fyrir niðurstöðu og forsendum endurskipulagningarár, þ.m.t. fjárhæð eftirgjafar, áframhaldandi þátttöku eigenda og stjórnenda í rekstri fyrirtækis eftir fjárhagslega endurskipulagningu og skilyrðum og kvöðum sem kunna að hafa verið settar á fyrirtækið, eigendur þess og/eða stjórnendur.

Einnig er ákvæði um álit, tilkynningar og birtingu þeirra upplýsinga sbr. 6. gr.:

6. gr. Álit, tilkynningar og greinargerðir nefndarinnar.

Telji nefndin að eftirlitsskyldir aðilar framfylgi ekki verklagsreglum um aðlögun og endurskipulagningu skulda einstaklinga og fyrirtækja eða sanngirni og jafnræðis sé ekki gætt skal hún greina ráðherra frá því í sérstöku áliti.

Telji nefndin að verklagsreglum um aðlögun og endurskipulagningu skulda fyrirtækja sé ekki framfylgt hjá eftirlitsskyldum aðilum, eða sanngirni og jafnræðis ekki gætt, skal hún skila áliti til Fjármálaeftirlitsins.

Vakni grunur hjá nefndinni um að við framkvæmd reglnanna sé gengið að lögbundu eigin fé eftirlitsskyldra aðila eða rekstri þeirra að öðru leyti, skal hún tilkynna það til Fjármálaeftirlitsins.

Verði nefndin þess áskynja við störf sín að um hugsanleg brot á samkeppnislögum sé að ræða skal hún gera Samkeppniseftirlitinu grein fyrir því.

Eftirlitsnefndin skal ársfjórðungslega birta greinargerð með tölfraðilegum upplýsingum um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja skv. 4. gr. reglugerðar þessarar. Greinargerð þessi skal tiltaka upplýsingar vegna fjárhagslegrar endurskipulagningars sem ráðist var í á næstliðnum ársfjórðungi. Skal greint frá fjölda fyrirtækja sem sætt hafa

fjárhagslegri endurskipulagningu, hvers konar fyrirtæki eiga í hlut og á hvaða sviðum atvinnulífsins þau starfa. Jafnframt skal veita upplýsingar um heildarfjárhæð eftirgjafar skuldar í hverjum flokki. Séu mjög fá fyrirtæki í tilteknum flokkum skal flokkun vera með þeim hætti að ekki sé hægt að rekja upplýsingar til einstakra fyrirtækja, sbr. 5. gr.

4 Tölulegar upplýsingar

4.1 Sértaek skuldaaðlögun - Einstaklingar

Nefndin kallaði eftir því hjá fjármálafyrirtækjum að þau veittu nefndinni tölulegar upplýsingar um sértaeka skuldaaðlögun einstaklinga. Var spurt um fjölda þeirra sem höfðu gengið frá samningi um sértaeka skuldaaðlögun, fjölda þeirra sem hafði verið hafnað um slíka skuldaaðlögun í kjölfar umsóknar ásamt rökstuðningi fyrir höfnun, auk upplýsinga um fjöldu þeirra mála sem væru í vinnslu. Mál í vinnslu teljast bæði vera mál þar sem fjármálafyrirtækið hefur stillt upp tillögu að skuldaaðlögun og sent kröfuhöfum án þess að afstaða þeirra allra liggi fyrir og mál þar sem enn er verið að vinna greiðslumati og finna út greiðslugetu.

Sértaek skuldaaðlögun einstaklinga 31. ágúst 2010

| | Fjöldi einstaklinga | Samningur | Hafnað | Í vinnslu ² |
|--------------------|------------------------|------------|-----------|------------------------|
| Arion banki | 170 | 80 | 0 | 90 |
| Íslandsbanki | 64 | 9 | 6 | 49 |
| Landsbanki | 37 | 6 | 18 | 13 |
| Byr | 96 | 23 | 37 | 36 |
| Aðrir ³ | 70 | 10 | 17 | 43 |
| Samtals | 437 | 128 | 78 | 231 |

Hér sést að 128 einstaklingar hafa getað nýtt sér þetta úrræði, 78 beiðnum hefur verið hafnað og 231 mál eru í vinnslu. Mál sem hefur verið hafnað geta bæði verið mál sem viðkomandi fjármálafyrirtækið hefur sjálft hafnað að taka í sértaeka skuldaaðlögun og mál þar sem fjármálafyrirtækið hefur gert tillögu að samningi um sértaeka skuldaaðlögun en önnur fjármálafyrirtæki eða kröfuhafar utan samkomulags hafa hafnað samningnum. Því má ekki

² Í þessari tölu eru mál í greiðslumati, þau sem bíða greiðslumats og mál sem hafa verið samþykkt af bankanum en eru í samþykktarferli hjá öðrum kröfuhöfum.

³ Byggt á upplýsingum frá sparísjóðunum.

draga of víðtækar ályktanir af hlutfalli mála sem hefur verið hafnað samanborið við samþykkt mál.

Líklega eru þetta fá mál samanborið við þær væntingar sem voru til þessa úrræðis við lagasetningu. Ástæður þess hve fáum einstaklingum nýtist þetta úrræði eru ekki augljósar. Þó má ganga út frá að fyrir marga einstaklinga hafi frekar nýtt sér þau almennu úrræði sem fjármálafyrirtækin bjóða upp á og ganga skemur en sértæk skuldaaðlögun. Af þeim málum sem nefndin hefur skoðað virðist sem sértæk skuldaaðlögun henti helst/betur þeim sem eru með a.m.k. miðlungstekjur eða tekjur sem eru þaðan af hærri. Málafjöldi er þó ekki svo mikill að hægt sé að slá þessu föstu með fullri vissu. Þá vekur það einnig athygli að meirihluti mála sem búið er að ljúka eru þannig vaxin að þeir einstaklinga sem í hlut eiga er með lán hjá einu eða tveimur fjármálafyrirtækjum. Slík mál eru mun einfaldari í framkvæmd en mál þar sem skuldareigendur eru fleiri en tveir. Fjallað er nánar um framkvæmdina og hugsanlegar skýringar á fáum málum í kafla 6.3.

4.2 Fjárhagsleg endurskipulagning - Fyrirtæki

Nefndin fór fram á það við fjármálafyrirtækin að þau leggðu fram yfirlit yfir fyrirtæki sem hafa farið í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu eða verið hafnað, frá gildistöku laganna. Fjármálafyrirtækin voru beðin um að gera grein fyrir því fyrir sérhvert fyrirtæki sem á yfirlitinu var hvort afstaða til erindis fyrirtækisins hefði verið tekin til atriða sem fram koma í verklagsreglum og á hvaða forsendum ákvarðanir um afgreiðslu voru teknar, hvaða gögn hefðu verið fyrirliggjandi og hvaða fjárhæðir um var að tefla í sérhverju máli. Upp úr yfirlitunum frá fjármálafyrirtækjunum hefur nefndin unnið tölfraðilegar upplýsingar um fjölda fyrirtækja sem hafa farið í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu, gert samkomulag við fjármálafyrirtæki um að þau tækju eignir á móti skuldum og fjölda fyrirtækja sem hefur verið hafnað.

Fjárhagsleg endurskipulagning fyrirtækja 30. júní 2010

| | Fjöldi mála | Fjárhagsleg endurskipulagning | Hafnað, gjaldþrot, nauðasamningar, leysa til sín eignir |
|----------------|-----------------|----------------------------------|---|
| Arion banki | 66 | 21 | 45 |
| Íslandsbanki | 11 ⁴ | 11 | 0 |
| Landsbanki | 39 | 17 | 22 |
| Byr | 14 | 1 | 13 |
| Aðrir | 1 | 1 | 0 |
| Samtals | 131 | 51 | 80 |

Eins og fram kemur hér að ofan þá hefur óverulegur fjöldi fyrirtækja farið í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu. Ástæðan er fyrst og fremst sú að SFF reglurnar voru í mótu þar til í byrjun mars 2010. Fjármálafyrirtækin töku sér í framhaldinu rúman tíma til að útfæra þessar verklagsreglur, hvert með sínum hætti. Vinna við mál sérhvers fyrirtækis sem óskar eftir fjárhagslegri endurskipulagningu tekur langan tíma, gagnaöflun er umfangsmikil, málin oft og tíðum mjög flókin og nauðsynleg upplýsingagjöf fyrirtækjanna oftast tímafrek.

4.3 Eftirgjöf skulda nemur hærri fjárhæð en einum milljarði króna

Samkvæmt 4. gr. í reglugerð um störf eftirlitsnefndar skv. lögum um sértæka skuldaaðlögun ber fjármálafyrirtækjum að gera nefndinni grein fyrir fjárhagslegri endurskipulagningu allra fyrirtækja þar sem eftirgjöf skuldar nemur hærri fjárhæð en 1 milljarði króna.

⁴ Íslandsbanki hefur enn ekki skilað inn endanlegum lista yfir fyrirtæki í fjárhagslegri endurskipulagningu og þeim sem hafnað hefur verið. Bankinn mun skila inn lista fyrir 10. október næstkomandi.

Með eftirgjöf skuldar samkvæmt þessari grein er m.a. átt við beina lækkun höfuðstóls skuldar eða lækkun höfuðstóls innan tiltekins tímarests, breytingu skuldar í víkjandi lán eða breytingu víkjandi láns í hlutafé eða annað eigið fé.

Í upplýsingum fjármálafyrirtækja til nefndarinnar skal gera grein fyrir niðurstöðu og forsendum endurskipulagningar, þ.m.t. fjárhæð eftirgjafar, áframhaldandi þátttöku eigenda og stjórnenda í rekstri fyrirtækis eftir fjárhagslega endurskipulagningu og skilyrðum og kvöðum sem kunna að hafa verið settar á fyrirtækið, eigendur þess og/eða stjórnendur.

Eftirlitsnefndin skal ársfjórðungslega birta greinagerð með tölfraðilegum upplýsingum um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja samkv. 4. gr. reglugerðarinnar. Greinagerð þessi skal tiltaka upplýsingar vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar sem ráðist var í á næstliðnum ársfjórðungi. Skal greint frá fjölda fyrirtækja sem sætt hafa fjárhagslegri endurskipulagningu, hvers konar fyrirtæki eiga í hlut og á hvaða sviðum atvinnulífsins þau starfa. Jafnframt skal veita upplýsingar um heildarfjárhæð eftirgjafar skuldar i hverjum flokki. Séu mjög fá fyrirtæki í tilteknum flokkum skal flokkun vera með þeim hætti að ekki sé hægt að rekja upplýsingar til einstakra fyrirtækja sbr. 6. gr. reglugerðarinnar.

Nefndinni hefur borist svör frá fjármálafyrirtækjum m.v. 30. júní 2010. Heildarfjöldi fyrirtækja sem hafa fengið eftirgjöf skulda yfir einum milljarði króna eru átta og nemur heildarfjárhæð eftirgefinna skulda 54,7 milljörðum króna. Þar sem um óverulegan fjölda fyrirtækja er að ræða var tekin ákvörðun um að flokka fyrirtækin í two flokka, annars vegar fasteignafyrirtæki og hinsvegar önnur fyrirtæki. Fasteignafyrirtækin eru þrjú og nam eftirgjöf skulda þeirra samtals 30,3 milljörðum króna. Önnur fyrirtæki eru fimm og nam eftirgjöf skulda þeirra samtals 24,3 milljörðum króna.

5 Framkvæmd eftirlits

5.1 Almennt um störf nefndarinnar og aðferðafræði við eftirlit

Markmið nefndarinnar var að hafa skoðað framkvæmd hjá sem flestum fjármálafyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu þegar skýrslu væri skilað í september. Vinnan við eftirlitið er hins vegar mjög umfangsmikil og hefur nefndin, nú þegar skýrslu er skilað, skoðað framkvæmdina hjá Arion banka, Íslandsbanka og Landsbankanum, auk þess að hafa fundað með starfsmönnum slitastjórnar SPRON og Frjálsa fjárfestingarbankans og forsvarsmönnum BYR sparisjóðs. Á þeim fundum var farið gaumgæfilega yfir fyrirkomulag þessara aðila við sértæka skuldaaðlögun og almenn úrræði auk nokkurra einstakra mála sem nefndinni höfðu borist ábendingar um. Að auki hefur nefndin fundað með Sparisjóði Keflavíkur og nokkrum lífeyrissjóðum og fengið sendar upplýsingar um stöðu mála hvað varðar fjárhagslega endurskipulagningu einstaklinga og fyrirtækja frá þeim eftirlitsskyldu aðilum sem um ræðir.

Þá hefur eftirlitsnefndin á starfstíma sínum fundaði með starfshópi fulltrúa allra þingflokkja, sérfraðinga og fulltrúa hagsmunaaðila sbr. ákvæði til bráðabirgða I. í lögum um sértæka skuldaaðlögun, Samkeppniseftirliti, Fjármálaeftirlitinu og Samtökum fjármálafyrirtækja. Þá óskaði sendinefndar Alþjóða gjaldeyrissjóðsins eftir fundi með nefndinni í júní 2010 og var orðið við því.

Nefndin er ekki úrskurðarnefnd í deilumálum sem upp kunna að koma milli fjármálastofnunar og viðskiptavina enda ekki gert ráð fyrir að einstaklingar eða fyrirtæki leiti beint til nefndarinnar með einstök mál. Hins vegar hefur verið tölувert um það að einstaklingar eða fyrirtæki leiti beint til nefndarinnar með málefni sín og nokkuð borið á því að aðilar telji nefndina einhverskonar úrskurðanefnd en það er hún ekki líkt og áður sagði. Þrátt fyrir þetta telur nefndin nauðsynlegt að fá rökstuddar ábendingar einstaklinga og fyrirtækja telji þau á sér brotið við framkvæmd sértækrar skuldaaðlögunar. Af þeim sökum hefur nefndinni verið úthlutað netfang skuldaadlogun@evr.is. Nefndin hefur skoðað þau mál sem hún hefur fengið ábendingar um og tekið þau upp við viðkomandi fjármálafyrirtæki ef við á, en hún getur ekki

tjáð málsaðila um niðurstöður sínar. Komist nefndin að því að brotið hafi verið á viðkomandi ber henni að tilkynna það ráðherra ef um einstaklinga er að ræða en FME í tilvikum fyrirtækja.

5.2 Aðgengi nefndar að gögnum fjármálafyrirtækja

Nefndin hefur við eftirlitið fengið setta upp starfsstöð hjá bönkunum. Gögn hafa verið sett á tilgreint svæði í tölvukerfum bankanna og nefndin unnið alfarið með gögnin innan hvers banka. Hefur þetta fyrirkomulag þýtt að starf nefndarinnar hefur tekið lengri tíma en ella en það var mat nefndarmanna að nauðsynlegt væri að viðhafa þetta vinnulag til að engin hætta væri á að bankaleynd yrði brotin.

Nefndin hefur ekki haft beinan aðgang að gagnakerfum fjármálafyrirtækja og hafa störf hennar litast af því. Öll gögn sem nefndin hefur til skoðunar eru yfirfarin og jafnvel endurunnin af starfsmönnum fjármálafyrirtækjanna og vistuð á gagnakerfissvæði viðkomandi fjármálafyrirtækis sem nefndin hefur aðgang að. Verður nefndin að treysta því að starfsmenn fjármálafyrirtækis leggi fram öll þau gögn sem máli skipta sem styðja eða mæla gegn þeim ákvörðunum sem eftirlit nefndarinnar nær til.

Til að tryggja öryggi gagna sem nefndin skoðar, var tekin ákvörðun um að öll vinna með kennitölugreinanleg gögn væri unnin á starfstöð fjármálafyrirtækis og ekki færð út fyrir veggi eða tölvukerfi þess. Gögn eru merkt með númeri sem tengd eru við kennitölu og nafn viðkomandi viðskiptavinar og er listinn vistaður ásamt öllum gögnum hjá viðkomandi fjármálafyrirtæki. Nefndin hefur eingöngu gögn um viðkomandi viðskiptavin í sinni vörlu sem eru órekjanleg nema með vitneskju um tengsl númera annars vegar og nafns og kennitölu hins vegar. Kostur þessa vinnulags er að tryggt er að bankaleynd verði ekki rofin. Ókosturinn er hins vegar að upsetning aðstöðu og frágangur gagna af hálfu eftirlitsskyldra aðila er tímafrek. Það er mat nefndarinnar að kostirnir vegi þyngra en ókostirnir.

Í nefndaráli með frumvarpi til laga um sértæka skuldaaðlögun kemur fram að samkvæmt drögum að samkomulagi Samtaka fjármálfyrirtækja, Íbúðaláanasjóðs og Landssamtaka lífeyrissjóða muni viðskiptabankar og sparisjóðir varðveita gögn og halda skrá um hvort fallist sé á beiðni um skuldaaðlögun, með upplýstu samþykki skuldara. Mikilvægt sé að eftirlitsnefndin hafi aðgang að þessum gögnum og fjármálfyrirtæki geti ekki borið fyrir sig ákvæði um bankaleynd, sbr. 58. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálfyrirtæki. Verulegur misbrestur hefur verið á að fjármálfyrirtæki haldi skrá um beiðnir viðskiptavina um sértæka skuldaaðlögun/fjárhagslega endurskipulagningu. Hvað varðar fyrirtæki er ekki skráð í upplýsingakerfi fjármálfyrirtækis að leitað hafi verið eftir aðstoð við fjárhagslega endurskipulagningu. Því er ekki hægt að fylgjast með einföldum hætti eins og lýst er hér að ofan hvort að fjármálfyrirtæki fallist á að aðstoða fyrirtæki í fjárhagslegri endurskipulagningu eða ekki. Þau fjármálfyrirtæki sem nefndin hefur verið að skoða hafa tekið vel í tilmæli nefndarinnar að úr þessu verði bætt.

5.3 Ferlar og eftirlitskerfi fjármálfyrirtækja/bankanna

5.3.1 Verklagsreglur

Í athugasemdum við 3. grein frumvarps til laga um sértæka skuldaaðlögun segir að allar ákvarðanir um skuld- og skilmálabreytingar skulu fara í gegnum nákvæmlega skilgreint ferli hjá kröfueigendum og skal bókað sérstaklega um allar ákvarðanir og þær varðveittar hjá kröfueiganda. Þannig skal hjá eftirlitsskyldum aðilum almennt miðað við að ákvarðanir um skuld- og skilmálabreytingar fari eftir sama eða sambærilegu ferli og þegar ákvörðun er tekin um lánveitingar.

Eins rakið hefur verið í 2. kafla skýrslunnar gerðu aðildarfélög Samtaka fjármálfyrirtækja (SFF), Samband íslenskra sparisjóða, BYR sparisjóður, Lýsing, Avant, SP fjármögnun, Landssamtök lífeyrissjóða, Íbúðaláanasjóður og slitastjórn SPRON, Frjálsta fjárfestingabankans og Tryggingarmiðstöðin með sér „Samkomulag um verklagsreglur um sértæka skuldaaðlögun einstaklinga“ (Samkomulagið) sem samþykkt var 31. október 2009. Að auki vann SFF

„Sameiginlegar verklagsreglur um úrlausn skuldavanda fyrirtækja“ (SFF reglurnar) sem staðfestar voru af Fjármálaeftirlitinu þann 2. mars 2010 en gerður var fyrirvari um að Samkeppniseftirlitið veitti undanþágu frá slíkum samræmdum reglum á grunni 15. gr. samkeppnisлага nr. 44/2005.

Fjármálafyrirtækjunum er í sjálfsvald sett hvort þau starfa eingöngu eftir SFF reglunum án þess að setja sér sínar eigin, þau geta sett sér viðbótarreglur sem FME þarf þá að samþykkja, eða hvort þau setja sér sínar eigin reglur frá grunni. Ekkert fjármálafyrirtæki hefur valið síðastnefnda kostinn svo nefndinni sé kunnugt um.

5.3.2 Eftirlitskerfi

Nefndin sendi fyrirspurn til fjármálafyrirtækja um það hvort til staðar sé innra- og ytra eftirlitskerfi sem tryggir að verklagsreglum sé framfylgt. Starfandi fjármálafyrirtæki hafa endurskoðunarnefnd, innri endurskoðanda og ytri endurskoðendur sem eiga að fylgjast með því meðal annars að farið sé eftir settum verkferlum. Umfjöllunin í þessum kafla tekur þó aðeins til Arion banka, Íslandsbanka og Landsbanka þar sem nefndin hefur ekki skoðað önnur fjármálafyrirtæki að svo stöddu.

5.3.2.1 Endurskoðunarnefndir og innri endurskoðandi

Óskað var eftir aðgangi að þeim hluta skýrslna endurskoðendanefnda og innri endurskoðenda sem vörðuðu starf nefndarinnar, væri um slíkar skýrslur að ræða. Var ætlunin að skoða m.a. hvort að fyrir lægi skýrsla um:

- útlánastefnu við endurfjármögnun og hvort að kjör væru innan eðlilegra marka,
- innheimtumál,
- meðferð greiðsluerfiðleikamála, þ.e. hvort að verklagsreglum væri fylgt í málefnum skuldara og hvort að gætt væri samræmis og jafnræðis við afgreiðslu mála.

Samkvæmt þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum hafa endurskoðunarnefnd og innri endurskoðandi Arion banka ekki skilað skýrslum sem taka á ofangreindum atriðum.

Innri endurskoðandi Landsbankans hefur í sumar unnið úttekt á aðgerðum í þágu einstaklinga og heimila og fékk nefndin drög að skýrslu endurskoðanda í hendur í byrjun september 2010. Samkvæmt þeim drögum er eftirlit haft með ofangreindu og er það til fyrirmynðar.

Íslandsbanki neitaði nefndinni um aðgang að skýrslum endurskoðunarnefndar, innri endurskoðanda og ytri endurskoðanda bankans. Óskaði nefndin eftir skriflegum rökstuðningi fyrir þeirri ákvörðun bankans. Bankinn svaraði nefndinni í bréfi dagsettu 15. september 2010 þar sem greint var frá því að bankinn teldi „að umbeðnar upplýsingar myndu tæpast falla að þeim gögnum sem nefndinni væru nauðsynleg til að sinna hlutverki sínum með hliðsjón af ákvæðum laga 107/2009. Nokkuð ljóst þykir að þessar skýrslur fjalla að langstærstum hluta um málefni sem koma lítt inn á starfsvið nefndarinnar, sjaldan er vikið að málefnum einstakra viðskiptavina eða almennum reglum um mat á lánshæfi eða uppgjör við skuldsetta aðila.“

Nefndin óskaði eingöngu eftir gögnum úr skýrslum endurskoðunarnefnda og innri endurskoðanda er vörðuðu störf nefndarinnar. Nefndinni ber að skoða hvort unnið sé eftir fyrirfram skilgreindum ferlum. Nefndin telur það vera á verksviði endurskoðunarnefndar og innri endurskoðenda að kanna hvort að verkferlum sé framfylgt innan fjármálþyrtækja. Með því að fá í hendur skýrslur viðkomandi aðila var talið að spara mætti verulega vinnu hjá nefndinni þar sem hún gæti stuðst við vinnu „óháðra“ aðila innan fjármálþyrtækjanna. Nefndin hyggst ekki rökstyðja þessa beiðni frekar.

5.3.2.2 *Ytri endurskoðandi*

Óskað var eftir aðgangi að þeim hluta skýrslna ytri endurskoðenda sem vörðuðu starf nefndarinnar, væri um slíkar skýrslur að ræða. Var ætlunin að skoða m.a. eftirgreind atriði:

- Innra eftirlit
- Meðferð greiðsluerfiðleikamála
- Endurfjármögnum útlána
- Eftirgjöf krafna
- Kröfum breytt í hlutafé
- Kröfum breytt í víkjandi lán
- Yfirtöku fjármálafyrirtækis á eignum skuldara
- Sölu fjármálafyrirtækis á yfirteknum eignum
- Meðferð krafna á venslaða aðila
- Eigið fé fjármálafyrirtækis
- Áhrif afskrifta á rekstrarhæfi fjármálafyrirtækis
- Afskriftir útlána
- Afskriftasjóð útlána
- Annað sem talið er að skipti máli, vegna starfa nefndarinnar

Auk þess var ætlunin að skoða hvort ytri endurskoðandi hefði athugasemdir við aðkomu bankanna í einstaka málum lánþega í skuldavanda.

Nefndinni bárust gögn frá ytri endurskoðanda Arion banka og Landsbanka. Þar var ekki um neinar athugasemdir að ræða sem snerta fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja. Nefndin fékk auk þess skýrslur ytri endurskoðanda ofangreindra banka um venslaða aðila innan bankanna. Í þeim skýrslum komu ekki fram athugasemdir sem gefa tilefni til afskipta af hálfu nefndarinnar.

Íslandsbanki hafnaði því að veita nefndinni aðgang að skýrslum þessara aðila samanber umfjöllun í kafla 5.3.2.1.

5.3.3 Umboðsmaður viðskiptavina

Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laganna skal nefndin hafa samstarf við umboðsmann sem starfar í þágu viðskiptavina fjármálafyrirtækis ef hann er fyrir hendi. Arion banki, Íslandsbanki og Landsbanki hafa sett á stofn embætti umboðsmanns viðskiptavina. Í Íslandsbanka hefur umboðsmaður verið starfandi frá 1995 en embætti umboðsmanna viðskiptavina í Arion banka og Landsbankanum voru sett á laggirnar í kjölfar bankahrunsins. Óskað var eftir aðgangi að skýrslum þeirra, væri þær fyrir hendi. Var ætlunin að skoða m.a. eftирgreind atriði:

- starfssvið umboðsmanns
- hvar umboðsmaður er staðsettur í skipuriti
- eru upplýsingar um tilvist embættisins aðgengilegar viðskiptavinum
- meðferð greiðsluerfiðleikamála
 - hvort að verklagsreglum sé fylgt í málefnum skuldara
 - hvort gætt sé samræmis og jafnræðis við afgreiðslu mála

Arion banki

Nefndin hefur fengið aðgang að skýrslum umboðsmanns viðskiptavina Arion banka frá því í janúar 2010 vegna ársins 2009. Umboðsmanni er aðallega ætlað að styðja við ferli úrlausnarmála fyrirtækja í vanda en einstaklingar geta einnig leitað til hans. Markmið umboðsmanns er m.a. að byggja upp traust á starfsemi bankans. Hann getur skoðað mál að eigin frumkvæði og skoðað einstök mál að beiðni viðskiptavina.

Umboðsmaður er skipaður af stjórn bankans og heyrir beint undir hana en nefndin telur að þannig sé sjálfstæði embættisins best tryggt. Upplýsingar um hlutverk og starfssvið umboðsmannsins á heimasíðunni eru skilmerkilegar og greinargóðar.

Í skýrslu umboðsmanns kemur fram að umboðsmaður fer yfir hvort verklagsreglum sé fylgt í málefnum skuldara og hvort gætt sé samræmis og jafnræðis við afgreiðslu mála.

Umboðsmaður kemur að móturn verklagsreglna um úrlausnar- og lánamál eftir því sem við á.

Nefndin telur það geta dregið út trúverðugleika umboðsmanns sem á að gæta hagsmuna viðskiptavina, að hann sé virkur þáttakandi í mótn verklagsreglna. Á hinn bóginn kann reynsla og sjónarmið umboðsmanns að vera nauðsynlegt innlegg við mótn reglna auk þess sem ábendingar hans kunna að leiða til þess að breyta þurfi reglum eða aðlagu þær.

Landsbankinn

Nefndin hefur fengið aðgang að skýrslum umboðsmanns viðskiptavina Landsbankans frá því í febrúar 2010 vegna ársins 2009. Hlutverk umboðsmanns Landsbankans er skilgreint á heimasíðu bankans og gerð grein fyrir hvernig hægt er að hafa samband við hann. Umboðsmaður skal vera óháður í störfum sínum og getur hvenær sem er tekið upp mál að eigin frumkvæði er varða bankann og viðskiptavini hans. Umboðsmaður á að sinna málum einstaklinga og fyrirtækja en raunin er sú að mun fleiri einstaklingar leita til umboðsmanns en fyrirtæki.

Umboðsmaður heyrir beint undir bankastjóra en getur skotið málum til bankaráðs komi upp ágreiningur um úrlausn mála við bankastjóra. Nefndin telur að þar sem umboðsmaður getur skotið málum til bankaráðs og getur haft frumkvæði að málum, sé ekki ástæða til að gera athugasemdir við skipulagið. Auðveldara yrði þó að standa vörð um sjálfstæði embættisins ef það heyrði beint undir bankaráð en ekki bankastjóra.

Í skýrslu umboðsmanns kemur fram að umboðsmaður fer yfir hvort verklagsreglum sé fylgt í málefnum skuldara og hvort gætt sé samræmis og jafnræðis við afgreiðslu mála.

Íslandsbanki

Nefndin hefur fengið tölfræðilegar upplýsingar frá umboðsmanni Íslandsbanka fyrir árið 2009 en hann skilar ekki skýrslum eins og umboðsmenn viðskiptavina Arion banka og Landsbanka.

Umboðsmaður viðskiptavina Íslandsbanka hefur starfað frá því fyrir bankahrun. Viðskiptavinir geta leitað til umboðsmanns telji þeir á sig hallað í viðskiptum við bankann og telja sig ekki hafa fengið sanngjarna úrlausn sinna mála. Markmið umboðsmanns er að skoða málín hlutlaust og

vinna að sanngjarnri úrlausn. Nær eingöngu einstaklingar leita til umboðsmanns viðskiptavina Íslandsbanka.

Umboðsmaður viðskiptavina Íslandsbanka heyrir undir yfirmann viðskiptabankasviðs og er því að mati nefndarinnar ekki jafn sjálfstæður í störfum og umboðsmenn hinna bankanna. Lítið sjálfstæði umboðsmanns og staða í skipuriti skýrast af því að þessu embætti var komið á áður en bankakerfið hrundi og umkvörtunartilefni viðskiptavina ólík því sem varð eftir hrun. Bankanum hefur verið bent á að meira sjálfstæði leiði líkur að því að meira aðhald sé í embættinu fyrir bankann og þá einnig viðskiptavini hans.

Umboðsmaðurinn tekur ekki sjálfstæða afstöðu til umkvörtunar heldur fer hann yfir verklag og ferla með starfsmönnum bankans sem í raun móta niðurstöðuna. Sé niðurstaðan sú að viðskiptavinur eigi að fá aðra lausn en upphaflega var boðið upp á þarf umboðsmaður að bera tillöguna undir lánanefnd bankans, sem hefur ákvörðunarvald um mál viðskiptavinarins.

Nefndin hefur átt gott samstarf við umboðsmenn viðskiptavina allra bankanna eins og ráð er fyrir gert í lögunum. Nefndin er ekki úrskurðarnefnd í deilumálum sem upp kunna að koma milli fjármálastofnunar og viðskiptavina enda ekki gert ráð fyrir að einstaklingar eða fyrirtæki leiti beint til nefndarinnar með einstök mál. Erindi til umboðsmanns viðskiptavina er réttur farvegur fyrir kvartanir og aðfinnslur telji viðskiptavinir á sér brotið. Nefndin hefur tekið upp það verklag að fá upplýsingar um mál er varða sértæka skuldaaðlögun einstaklinga og fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja frá umboðsmönnum. Þannig getur nefndin fylgst með málum sem kvartað er yfir hjá þessum þremur aðilum

5.4 Fundargerðir fjármálafyrirtækja

5.4.1 Yfirlestur á fundargerðum greiðsluerfiðleikanefnda eða annarra sambærilegra nefnda, lánanefnda og stjórna fjármálafyrirtækjanna

Nefndin fór fram á að fá í hendur fundargerðir greiðsluerfiðleikanefnda eða annarra sambærilegra nefnda, lánanefnda og stjórna fjármálafyrirtækja. Markmiðið með því var að kanna meðferð einstakra mála viðskiptavina í skuldavanda, hvort jafnræðis hafi verið gætt sem og sanngirni. Einnig ber nefndinni að tilkynna til Fjármálaeftirlitsins ef hún verður þess áskynja að aðgerðir fjármálafyrirtækis í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu viðskiptavina þeirra hafi áhrif á eiginfjárstöðu fjármálafyrirtækisins. Því var leitað eftir sömu atriðum og talin eru upp í kafla 5.3.2.2.

Nefndin tók úrtak úr fundargerðum bankanna sem hún skoðaði þ.e. Arion banka, Íslandsbanka og Landsbanka. Tekin voru úrtök einstakra mála viðskiptavina sem voru í skuldavanda og fjallað var um í fundargerð og þau skoðuð í framhaldi af lestri fundargerða.

5.5 Afskriftasjóðir

Eins og áður hefur komið fram hefur nefndin ekki haft ótakmarkaðan aðgang að gögnum fjármálafyrirtækja sem henni ber skylda að hafa eftirlit með samkvæmt lögum. Verður hún því að treysta því að þau gögn sem eru vistuð á svæði sem nefndin hefur aðgang að innan hvers fjármálafyrirtækis séu fullnægjandi.

Skoðun nefndarinnar á afskriftasjóðum fjármálafyrirtækja gegnir tvíþættu hlutverki.

- Að kanna hvort að lagt hafi verið til hliðar fyrir þeim kröfum á viðskiptavini sem verða væntanlega eftirgefnar í kjölfar innheimtuaðgerða eða samninga um fjárhagslega endurskipulagningu.
- Að kanna hvort fjármálafyrirtæki hafi lagt til hliðar fyrir kröfu á valda viðskiptavini, án þess að kröfunum sé haldið vakandi með innheimtuaðgerðum eða kröfusamningum.

Ein leið til að mismuna viðskiptavinum í skuldavanda er að aðhafst ekkert gagnvart völdum viðskiptavinum meðan sambærileg mál eru sótt af hörku gegn öðrum. Aðgerðaleysi getur orðið til þess að riftunarfrestir líða án þess að fjármálfyrirtæki grípi til aðgerða og með því geta valdir viðskiptavinir komið undan eignum. Gengur það þvert á markmið laganna um að jafnræðis og sanngirnis sé gætt.

Nefndin hefur aðeins haft tök á að skoða afskriftasjóði Arion banka, Íslandsbanka og Landsbankans. Nefndin fór fram á að fá í hendur sundurliðun á yfirteknim kröfum nýju bankanna frá gömlu bönkunum. Farið var fram á að fá upplýsingar um kröfur eins og þær snúa að lántaka við yfirtöku svo og afslætti á einstaka kröfu eða kröfusöfn. Einnig var farið fram á að fá sundurliðun á afskriftasjóði útlána og afskrifuðum kröfum. Markmiðið var að kanna hvaða áhrif eftirgjöf krafna einstaka viðskiptavina hefði á eigið fé fjármálfyrirtækis. Einnig hvort til staðar væru verulegar niðurarfærslur á viðskiptavini sem bankarnir hefðu ekki hafið innheimtuaðgerðir gegn eða samið um skuldauppgjör við, með einum eða öðrum hætti.

Bankarnir sem nefndin skoðaði gerðu fullnægjandi grein fyrir ofangreindum sjóðum.

Nefndin hefur einnig kannað hvort bankarnir hafi lagt í afskriftarsjóði næga fjármuni vegna fyrirtækja sem fengið hafa einn milljarð eða meira í eftirgjöf við fjárhagslega endurskipulagningu. Niðurstaða nefndarinnar er að svo sé.

Bankarnir meta oftast afskriftaþörf minni fyrirtækja og einstaklinga út frá lánasöfnum en sérgreina hana ekki niður á einstaka viðskiptavini. Því er erfitt að meta hvort bankarnir hafi í einstaka málum einstaklinga eða minni fyrirtækja lagt nægilega fjármuni til hliðar.

Veruleg réttaróvissa hefur ríkt vegna lána sem tengd hafa verið við erlenda mynt. Hver áhrifin verða á eigið fé fjármálafyrirtækja í kjölfar nýfallins Hæstaréttardóms (dómur í máli nr. 471/2010) ræðst af inntaki boðaðra laga frá efnahags- og viðskiptaráðherra. Það er ekki á færi nefndarinnar að segja til um inntak eða afleiðingar þeirrar lagasetningar.

6 Einstaklingar

6.1 Sértaek skuldaaðlögun einstaklinga - Almennt

Nefndin telur einsýnt að úrræðið „sértaek skuldaaðlögun“ hefur ekki skilað þeim árangri sem til var ætlast við setningu laganna. Eru ýmis atriði sem valda því og verða þau tilgreind hér á eftir. Til að gera langa sögu stutta hafa fáir endanlegir samningar, þar sem umsjónaraðilinn og allir aðrir kröfuhafar veita samþykki sitt, verið gerðir um sértaeka skuldaaðlögun einstaklinga. Arion banki sker sig úr hvað fjölda samninga varðar, en ástæðan er fyrst og fremst sú að í Kaupþingi banka, en mál sem eru til úrlausnar hjá Arion banka eru flest upprunnin þaðan, var gerð krafa um að einstaklingar sem komu í viðskipti væru með öll sín viðskipti hjá bankanum. Önnur fjármálfyrirtæki hafa auk þess gert þá fáu samninga sem um ræðir við viðskiptavini sem voru með meginhluta skulda hjá viðkomandi fjármálfyrirtæki. Þegar svo háttar til er í raun mjög einfalt að ganga frá samningi um sértaeka skuldaaðlögun, hafi viðskiptavinurinn tilskylda greiðslugetu.

6.2 Framkvæmdin

Sértaek skuldaaðlögun er úrræði fyrir einstaklinga og heimili í skuldavanda samkvæmt 2. gr. laga um sértaeka skuldaaðlögun en nánari útfærslu á framkvæmd skuldaaðlögunar er að finna í áðurnefndu „*Samkomulagi um verklagsreglur um sértaeka skuldaaðlögun einstaklinga*“ (Samkomulagið). Ákvæði 2. gr. Samkomulagsins er svohljóðandi:

2. gr. *Einstaklingar og heimili.*

Í samningi milli kröfuhafa og skuldara um eftirgjöf skulda eða breytingu á skilmálum skuldabréfa og lánssamninga skal fyrst og fremst horft til þess að laga skuldir að greiðslugetu og eignastöðu viðkomandi einstaklings eða heimilis. Skal miðað að því að hámarka gagnkvæman ávinning samningsaðila af því að gefa eftir tapaðar kröfur og komast hjá óþarfa kostnaði og óhagræði. Heimilt er eftirlitsskyldum aðilum á fjármálamarkaði að móta með samkomulagi sín á milli samræmdar verklagsreglur um skuldaaðlögun sem gildi tímabundið.

Verklagsreglur sem settar eru skv. 1. mgr. skulu m.a. taka til eftirtalinna atriða:

1. Mats á eigna- og skuldastöðu skuldara.
2. Mats á greiðslugetu skuldara þar sem tekið skal tillit til eðlilegrar framfærslu.
3. Mats á aðstæðum skuldara, m.a. fjölskyldugerð, húsnæði og sérstökum aðstæðum.
4. Skilyrða sem kunna að verða sett fyrir ákvörðunum um breytingar á skilmálum skuldabréfa eða lánssamninga.
5. Skýrleika og réttmætis kröfu kröfueiganda.
6. Hlutlægni við ákvörðunartöku kröfueiganda.

Eins og fram kemur í upphafi greinarinnar er gengið út frá því að kröfuhafar og skuldari geri með sér samning um eftirgjöf skulda eða breytingu á skilmálum. Aðildarfélög Samtaka fjármálfyrirtækja, Samband íslenskra sparisjóða, BYR sparisjóður, Lýsing, Avant, SP fjármögnun, Landssamtök ÍfeyriSSjóða, Íbúðaláanasjóður og slitastjórn SPRON og Fríjlsa fjárfestingabankans voru aðilar samkomulagsins frá 31. október 2009. Tryggingafélög (utan Tryggingamiðstöðvarinnar) og LÍN voru hins vegar ekki aðilar að samkomulaginu svo dæmi séu tekin en Valitor, Borgun og Kreditkort gerðust aðilar í júlí og ágúst. Lagt er til grundvallar við sértæka skuldaaðlögun að allir kröfuhafar viðkomandi einstaklings/heimilis, samþykki tillögu að skuldaaðlögun. Ef einn kröfuhafi neitar að samþykkja, er ekki mögulegt að ganga frá sértækri skuldaaðlögun.

Í næstu köflum er fjallað um helstu atriði er leggja þarf mat á þegar einstaklingur sækir um sértæka skuldaaðlögun.

6.2.1 Greiðslugeta

Skilyrði sértækrar skuldaaðlögunar er samkvæmt 1. mgr. 10. gr. Samkomulagsins að lántaki og/eða maki hans geti greitt af („hafi greiðslugetu af“) skuldbindingum sem nemi a.m.k. 110% af markaðsvirði veðsettra eigna. Með eignum er átt við íbúðarhúsnæði sem samrýmist fjölskyldustærð og bifreið (viðmiðun er ein bifreið fyrir fjölskyldu, þó frávik geti orði við sérstakar aðstæður). Sé greiðslugeta meiri en 110% ræður greiðslugeta fjárhæð skuldbindinga

sem greitt er af. Sem sagt, hver og einn á að greiða eins mikið og hann getur og sé greiðslugeta fyrir hendi fer hún yfir 110% af markaðsvirði eignar.

Þeir sem ekki uppfylla framangreint 110% skilyrði en hafa greiðslugetu af láni sem nemur a.m.k. 80% af markaðsvirði veðsettra eigna, teljast einnig uppfylla skilyrði fyrir sértaekri skuldaaðlögun. Fjárhæð mismunar á 80% og 110% láni af verðmæti fasteignar er sett á þriggja ára biðlán á síðari veðrétti. Greiðslugetan getur verið á bilinu 80% til 110% af markaðsvirði eigna og nemur biðlánið þeim mismun. Greiðslugeta lántaka til að greiða biðlánið er svo metin aftur að þremur árum liðnum. Hefjast greiðslur biðláns að þeim tíma liðnum eftir því sem greiðslugeta lántakanda hrekkur til. Veðskuldir umfram 110% af verðmati eignarinnar sem standa jafnframt utan greiðslugetu lántakanda í lok tímabils falla niður.

Fyrsta skref við úrlausn umsóknar um sértaeka skuldaaðlögun er því að meta hvort greiðslugeta sé fyrir hendi hjá skuldaranum til að greiða af a.m.k. 80% láni miðað við verðmæti þeirrar fasteignar sem fjölskyldan býr í. Það er því ljóst að miklu skiptir hvernig greiðslumati er háttað.

Nefndin hefur skoðað það hvort framkvæmdin sé í samræmi við Samkomulagið og 2. gr. laga um sértaeka skuldaaðlögun og hvort að hún sé samræmd. Þar er að mörgu að hyggja.

Þar sem meta þarf eigna- og skuldastöðu, greiðslugetu, aðstæður m.t.t. fjölskyldustærðar, húsnæðis og sérstakra aðstæðna hjá sérhverjum lántaka/heimili, þarf að afla margvíslegra gagna. Sá viðskiptabanki eða sparisjóður sem er aðalviðskiptabanki lántaka á að leiða skuldaaðlögunarferlið og er þá átt við banka sem er með launaveltu lántaka. Lántaki þarf að skila öllum gögnum er varða tekjur, skuldir og eignir. Að því loknu er framkvæmt greiðslumat sem er greinargerð um fjárhagslega stöðu. Í greiðslumatinu er reiknaður úr framfærslukostnaður sem tekur mið af fjölskyldustærð, rekstrarkostnaði einnar bifreiðar og húsnæðis er hæfir fjölskyldustærð.

Fjármálafyrirtækin hafa í greiðslumati miðað við lægstu vaxtakjör sín af veðtryggðum útlánum. Hugleiða má hvort skapa megi aukið svigrúm og koma þar með fleirum inn í úrræðið með því að lækka vexti lána á samningstímabilinu. Hér á eftir er gerð grein fyrir nokkrum atriðum varðandi greiðslumatið.

6.2.2 Framfærslukostnaður

Framfærslukostnaður samanstendur eins og fyrr segir af kostnaði sem hlýst af rekstri íbúðarhúsnaðis, einnar bifreiðar og af að sinna daglegum þörfum fjölskyldunnar vegna fæðis, fatnaðar, tómstunda og annarra eðlilegra daglegra athafna. Kostnaður við að reka eina bifreið er metinn sem föst fjárhæð og kostnaður við rekstur fasteignar er einnig metinn sem föst krónutala á hvern fermetra íbúðarhúsnaðisins sem fjölskyldan býr í. Lágmarksframfærsla vegna annarra rekstrarþátta en húsnæðis og bifreiðar er stighthækkandi miðað við fjölskyldustærð. Fjármálafyrirtæki miða öll við sömu grunnforsendur við framfærslukostnaðarútreikninga. Flest fjármálafyrirtæki reikna framfærslukostnað fjölskyldu þannig að framfærsluviðmið Ráðgjafastofu heimilanna (nú umboðsmaður skuldara) er lagt til grundvallar með 50% álagi. BYR leggur á 30% álag auk þess að bæta við sértækum útgjaldaliðum svo sem útgjöldum barnafólks vegna leikskóla o.fl. Lokaniðurstaðan gagnvart skuldarán er nokkurn veginn sú sama hver svo sem útfærslan er enda oftast fjölskyldufólk sem sækir um sértæka skuldaðlögun. Rök fjármálafyrirtækja fyrir því að nota framfærsluviðmið sem séu rýmri en framfærsluviðmið umboðsmanns skuldara eru tvíþætt. Í fyrsta lagi þykja viðmið umboðsmanns full þróng og í öðru lagi hafa fjármálafyrirtækin bent á að sértæk skuldaðlögun sé langtímaúrræði sem takmarki neyslumöguleika skuldarans jafnvel áratugi fram í tímann. Slík úrræði verði að veita skuldarán meira rými til neyslu en skammtímaúrræði.

Nefndin telur að sá framfærslugrunnur sem fjármálafyrirtækin miða við þegar greiðslumati er unnið sé raunhæfur. Sértæk skuldaðlögun miðar, eins og bent er á hér að framan, við að greiðslubyrði skuldarans haldist svipuð um langan tíma. Nauðsynlegt er að hafa borð fyrir báru varðandi óvænta eða óreglulega framfærsluliði. Því þarf hinn áætlaði mánaðarlegi framfærslukostnaðargrunnur að gefa svigrúm fyrir slík óregluleg og/eða óvænt útgjöld. Rétt er

að benda á að við útreikning framfærslukostnaðar skuldarans er ekki gert ráð fyrir almennum kjarabótum á endurgreiðslutímanum. Ekki er heldur spáð fyrir um aðrar ytri aðstæður er gætu breytt afkomu fjölskyldunnar á þessu tímaskeiði. Þannig ber skuldarinn áhættuna af óhagstæðum vaxtabreytingum, skattabreytingum og verðlagsbreytingum. Rétt er að benda á að takist stjórnvöldum að viðhalda hagvexti og leiði sá hagvöxtur til almennra kjarabóta mun neyslusvigrum skuldaranna almennt aukast þó eflaust muni verða á því einstaklingsbundnar undantekningar. Með þessu móti er einnig gert líklegrar að hægt sé að standa við greiðslur samkvæmt greiðsluáætlun og koma í vega fyrir vanefndir samninga.

Áhrif þess að fjármálafyrirtæki nota hærri framfærslukostnað en viðmið umboðsmanns skuldara, getur leitt til þess einstaklingur sem hefði átt rétt á skuldaaðlögun falli utan úrræðisins þar sem hann nær ekki tilsett lágmarki. Fjármálafyrirtækjunum er skyldt að miða við sama framfærslugrunn hjá öllum viðskiptavinum sem sækja um fyrirgreiðslu. Krafa um jafnræði milli viðskiptavina gefur fjármálafyrirtækjunum ekki svigrúm til að lækka grunninn í þeim tilvikum sem einstaklingur nær ekki tilskyldum lágmörkum. Þetta leiðir til þess að færri einstaklingar eiga þess kost að nýta sér úrræðið.

Samkvæmt d. lið 2. mgr. 1. gr. laga nr. 100/2010 um umboðsmann skuldara skal hann útbúa framfærsluviðmið og uppfæra það reglulega. Að mati nefndarinnar verður að endurmeta framfærslukostnað við sértæka skuldaaðlögun þegar lágmarksframfærsluviðmið umboðsmanns skuldara liggur fyrir.

Er það mat, nefndarinnar að sértæk skuldaaðlögun nýtist helst þeim sem eru með a.m.k. miðlungstekjur eða háar tekjur. Tekjulægri einstaklingum/heimilum er því nauðugur einn kostur að sækja um nauðasamning til greiðsluaðlögunar.

6.2.3 Ráðstöfunartekjur

Ráðstöfunartekjur skuldara eru skilgreindar sem launatekjur hans/hennar, auk launatekna maka að viðbættum öðrum tekjum eftir skatta. Sé um barna- og vaxtabætur að ræða er þeim bætt

við ráðstöfunartekjur sem þannig eru fengnar. Stuðst er við útreikning ríkisskattstjóra við áætlun útgreiddra vaxta- og barnabóta.

Með því að bæta barna- og vaxtabótum við ráðstöfunartekjur hækkar sú upphæð sem lántakar teljast hafa til ráðstöfunar til greiðslu skulda. Það leiðir í einhverjum tilvikum til þess að lántaki sem ella hefði ekki verið talinn fær um að greiða af láni að jafngildi 80% af verðmæti fasteignar, telst greiðslufær. Benda má á að báðir bótaflokkar eru að hluta til tekju- og þarfatengdir. Til skamms tíma falla þessar tekjur ekki niður nema vegna þess að almennar tekjur skuldarans hafi óvænt hækkað eða vegna þess að líklegt sé að útgjöld hans minnki t.d. vegna þess að framfærsluskyldum heimilismönnum fækkar. Nefndin telur ekki ástæðu til að gera athugasemd við þessa framkvæmd.

Ekki er gerð krafa um að lántakar hætti greiðslum í séreignarsjóði og greiði þess í stað af skuld. Þetta kann að þykja óþarfa tilhliðrunarsemi sérstaklega í ljósi þess að hugsanlega er verið að afskrifa mikið af skuldum. Greiðsla í séreignarsjóð er valkvæður sparnaður og því, gætu verið rök til þess að krefjast þess að skuldarinn láti niðurgreiðslu skulda ganga niður. Þannig hafa þeir lægri tekjur til ráðstöfunar upp í skuldir. Fjármálafyrirtækin hafa sammælst um að gera ekki kröfu um að einstaklingar hætti að greiða í séreignarlífeyrissjóði og ekki er gerð krafa um að inneign í séreignasjóð sé leyst út og notuð til að lækka skuldir.

Nefndin telur sanngirnis- og hagræðisrök mæla með því að skuldari fái áfram að setja fé í séreignarlífeyrissjóði þrátt fyrir að undirgangast sértæka skuldaaðlögun. Með því að hlífa séreignasjóðssparnaðinum er tiltrú almennings til þessa sparnaðarforms væntanlega aukin. Hinrar spöruðu krónur eru bundnar um þó nokkra hríð auk þess sem þessi ráðstöfun kann að hvetja aðra sem ekki eru í skul davanda til að ráðstafa hluta tekna sinna með sama hætti. Hins vegar má benda á að fjármálafyrirtæki mættu gjarnan benda lánþegum á þann möguleika að minnka eða hætta slíkum greiðslum í þeim tilvikum þegar greiðslugeta er á mörkum þess að þeir uppfylli skilyrði þess að komast í sértæka skuldaaðlögun.

6.2.4 Eignir

Samkvæmt samkomulaginu skal íbúðarhúsnaði það sem skuldaðlögunin miðast við, samræmast fjölskyldustærð og auk þess sem gert er ráð fyrir að fjölskyldan hafi eina bifreið til ráðstöfunar. Verðmat fasteigna er fasteignamat eða markaðsvirði skv. mati fasteignasala hvort heldur er hærra. Í öllum tilvikum sem nefndin skoðaði var tekið mið af markaðsvirði. Um mitt sumar 2010 var sent út nýtt fasteignamat ársins 2011. Í langflestum tilvikum lækkaði matið verulega. Leiðir það til þess að eignir aðila, sem bíða með að sækja um sértæka skuldaðlögun þar til í byrjun árs 2011, eru lægra verðmetnar og þar af leiðandi fá þeir meira eftirgefið af hendi fjármálfyrirtækja en ef þeir hefðu sótt um fyrir ármót. Leggur nefndin til að tekið verið mið af fasteignamati ársins 2011 þar sem það á við. Lagt var mat á það í greiðslumatsferlinu hvort húsnæði telst að hæfilegri stærð fyrir þá tilteknu fjölskyldu sem í því býr. Í flestum tilvikum var talið að húsnæði væri við hæfi, en ef um var að ræða að húsnæði er í stærri kantinum var metið hvort það svaraði kostnaði að skipta um húsnæði. Í þeim málum sem skoðuð voru var hægt að fallast á að ekki væru rök fyrir að láta fjölskylduna skipta um húsnæði. Það skal þó undirstrikað að slík krafa getur verið réttlætanleg enda gert ráð fyrir því í 11 gr. samkomulagsins ef greiðslugeta er undir viðmiðunarmörkum. Í þeim málum sem nefndin skoðaði var gerð krafa um að skuldari seldi annan bílinn, væri um two bíla að ræða á heimilinu. Gerð er krafa um að aðrar eignir séu seldar svo sem sumarhús, lönd og ferðavagnar o.s.frv. Reynt getur samhliða á lög nr. 103/2010 um tímabundið úrræði einstaklinga sem eiga tvær fasteignir til heimilisnota. Skuldurum er samkvæmt þeim lögum gert kleyft að óska eftir því við umboðsmann skuldara að annarri eigninni verði ráðstafað til veðhafa að nánari skilyrðum uppfylltum.

6.3 Úrvinnsla og mögulegar ástæður fárra mála

Hvert mál tekur langan tíma í vinnslu, jafnvel þó einstaklingur hafi öll sín viðskipti hjá einum banka. Það líða a.m.k. 6 vikur frá umsókn þar til endanleg niðurstaða liggur fyrir. Í flestum tilvikum er um mun lengri tíma að ræða, bæði vegna þess hve langan tíma tekur að safna saman gögnum og upplýsingum frá lántakanum sjálfum en ekki síður vegna þess að eftir að tillaga

umsjónaraðila liggur fyrir tekur við samþykktarferli sem er mjög langt, enda þurfa allir lánadrottnar viðkomandi lántaka að samþykkja lausn fyrir sitt leytí. Það má því reikna með að hvert mál þar sem kröfuhafar eru fleiri en 2 eða 3 taki a.m.k. 2 til 3 mánuði í vinnslu og stundum allt að 4-5 mánuði. Í kafla 4.1 kemur fram hversu margir einstaklingar/heimili hafa gert samning um sértæka skuldaaðlögun, hversu mörg mál eru í vinnslu og hve mörgum hefur verið hafnað. Þar kemur fram að 128 einstaklingar/heimili hafa getað nýtt sér þetta úrræði og um 230 mál eru í vinnslu. Þá hefur um 80 beiðnum verið hafnað. Þetta verða að teljast fá mál þegar haft er í huga hver aðdragandi að setningu laganna var. Lítill fjöldi mála kann að skýrast m.a. af eftirfarandi:

1. Upphaflega stóðu greiðslukortafyrirtækin ekki að samkomulaginu. Flestir lántakar skulda greiðslukortagreiðslur og útilokuðust því strax af þeirri ástæðu. Valitor og Borgun gerðust formlega aðilar að samkomulaginu 25. maí 2010 og liðkaði það strax fyrir gerð samninga. Greiðslukortafyrirtækið Kreditkort gerðist aðili að samkomulaginu þann 17. ágúst síðastliðinn. Mun aðild greiðslukortafyrirtækjanna að samkomulaginu án efa leiða til að hægt verður að ganga frá fleiri samningum um sértæka skuldaaðlögun.
2. Lánaþjóður íslenskra námsmanna er ekki aðili að samkomulaginu en frá því í mars sl. hefur greiðendum námslána verið boðið upp á að fá greiðslur frystar í 3 ár að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, m.a. ef viðkomandi er í sértækri skuldaaðlögun. Fram að þeim tíma strönduðu samningar lánþega LÍN um sértæka skuldaaðlögun á óvissu um fyrirgreiðslu LÍN.
3. Skuldir við ríki og sveitarfélög á opinberum gjöldum og sköttum útiloka að úrræðið sé tækt.
4. Sá viðskiptabanki eða sparisjóður sem er með launaveltu lántaka, telst vera aðalviðskiptabanki lántaka og á því að leiða skuldaaðlögunarferlið samkvæmt 5. gr. samkomulagsins. Nú hafa margir lántakar flutt launareikning milli banka eftir hrún. Þegar lántaki hefur ekki nein önnur viðskipti við núverandi umsjónarbanskann launaveltu sinnar hefur sú fjármálastofnun sem samkvæmt lögunum skal leiða ferlið litla eða enga hagsmuni af að koma málum skuldarans á hreint. Launaveltubankinn fær engar

sérstakar greiðslur fyrir vinnu við skuldaaðlögunarferlið. Því er hættara en ella við slíkar aðstæður að mál gangi hægt eða dagi uppi. Hafa ber í huga að aðalviðskiptabanki skuldara í skilningi laganna þarf að safna saman og vinna úr talsverðu magni gagna og upplýsinga, vinna lausnartillögu og ræða á allmögum fundum bæði innan stofnunar og við aðrar fjármálastofnanir.

5. Eigi aðrir kröfuhafar aðild að máli en fjármálafyrirtæki verða málin flókin og þung í vöfum, mikið reynir þá á lántakana sjálfa sem hafa oft ekki getu til þess að halda þeim til streitu. Aðrir kröfuhafar gætu t.d. verið birgjar á borð við byggingarvöruverslanir eða verktakar.
6. Frystingar á afborgunum og frestun uppboða eru enn í gildi. Því eru eflaust margir sem hafa ekki skoðað þennan möguleika ennþá.
7. Lántakendur telja oft og tíðum að almenn úrræði duga þeim, þrátt fyrir að ekki hafi farið fram greiðslumat. Ekki er gerð krafa um greiðslumat við nýtingu almennra úrræða hjá öllum fjármálafyrirtækjum. Við það skapast hætta á mál sem raunverulega hefðu þurft að fara í sértæka skuldaaðlögun dragist fram yfir árið 2011 en þá er úrræðið ekki lengur tiltækt.
8. Lántakar hafa almennt verið hikandi við að nýta sér nokkuð af úrræðum m.a. vegna þess að stjórnvöld gáfu til kynna að fleiri úrræði væru á leiðinni, svo sem t.d. vegna bílalána. Í kjölfar dóma Hæstaréttar 16. júní sl. hafa svo til öll mál farið í biðstöðu og er svo enn þrátt fyrir dóma Hæstaréttar frá 16. september sl. um vaxtagjör slíkra lána.
9. Úrræðið hentar aðeins einstaklingum/heimilum með tiltölulega háar tekjur.
10. Skuldir með ábyrgð 3. aðila og/eða lánsveði voru að hamla samningum til að byrja með. Nú eru slíkar skuldir frystar í 3 ár. Eftir þann tíma á að meta greiðslugetu lántaka að nýju. Geti lántaki ekki greitt verður greiðsluhæfi ábyrgðaraðila og veðsala metið. Ekki hefur verið hægt að fá skýr svör frá fjármálafyrirtækjum hvernig gengið verður að ábyrgðum. Komið hefur fram hjá sumum fjármálafyrirtækjum það sjónarmið að ekki eigi að ganga að ábyrgðum umfram greiðslugetu ábyrgðaraðila. Verði það raunin má ætla að skuldin verði afskrifuð að einhverju marki í tilviki ábyrgðaraðila en ekkert liggur fyrir um slíka afgreiðslu mála. Algjör óvissa ríkir um hvernig gengið verði að skuldum með lánsveði.

Liðir 5-10 eru meginástæður þess að mati nefndarinnar að umsóknir um sértæka skuldaaðlögun eru svo fáar og vegur liður 9 þar væntanlega þungt. Þá hefur liður 8 haft verulega mikil áhrif á það hversu hægt það gengur að fá einstaklinga og heimili til að fara af stað við að semja um skuldamál sín. Þá getur málsástæðan sem nefnd er í lið 7, þ.e.a.s. að margir hafi notfært sér almenn úrræði fjármálastofnana á borð við höfuðstóslækkanir gegn skilmálabreytingum fyllt suma skuldara fölksu öryggi þannig að þeir telji sig betur setta en þeir í raun eru. Líklegt er að einhverjir þeirra sem það á við um muni þurfa á sértækri skuldaaðlögun þegar fram í sækir. Ómögulegt er að giska á hvort þetta sé algengt.

Nýlegar breytingar á tekjuskattslögum geta orðið til þess að eftirgefnar skuldir verði tekjuskattsskyldar. Getur það valdið því að upphafleg greiðsluáætlun raskast í einhverjum tilvikum þegar um mjög háar niðurfellingar er að ræða.

Fjármálafyrirtækin geta með breyttu vinnulagi dregið úr vægi liðar 5 ef vilji er fyrir hendi.

Í þeim tilvikum þar sem kröfuhafar eru fáir, engar skuldir við opinbera aðila og ráðstöfunartekjur eru í eða yfir meðallagi, hefur gengið hratt og vel fyrir sig að ganga frá samningi um sértæka skuldaaðlögun. Um leið og kröfuhafar eru orðnir 3 eða fleiri, sérstaklega þar sem um er að ræða kröfuhafa utan samkomulagsins, eru málin orðin mun erfiðari í framkvæmd.

Nýtt embætti umboðsmanns skuldara kemur vafalaust til þess að draga úr vægi liða 4 og 5, þar sem lántakar geta nú leitað til embættisins. Hjá embættinu verður haldið utan um mál sérhvers lántaka sem æskir þess að fá sértæka skuldaaðlögun og ýtir á um að ganga frá samningi við alla kröfuhafa. Verður að viðurkennast að hið tvíþætta hlutverk sem bönkunum er ætlað að hafa í sértækri skuldaaðlögun, þ.e. að gæta hagsmunu bankans gagnvart lántaka og vera umboðsmaður þess sama lántaka í sértækri skuldaaðlögun, getur verið mótsagnakennt. Umboðsmanni skuldara er ætlað það hlutverk að gæta hagsmunu lántaka samkvæmt lögum um

hann sbr. umfjöllun í kafla 6.6.1. Viðskiptabankar og sparisjóðir munu eftir sem áður einnig halda áfram að leiða sértæka skuldaaðlögun einstaklinga, en ákvæði samkomulags frá 31. október 2009 eru enn í fullu gildi þrátt fyrir að umboðsmaður skuldara hafi tekið til starfa.

Eftir stendur að nefndin hefur áhyggjur af því hvernig mál í tölulið 10 verða meðhöndluð eftir þrjú ár. Þá hafa lög nr. 107/2009 fallið úr gildi og eftirliti með framkvæmd þeirra hætt. Ljóst er að skuldir tryggðar með tryggum veðum verða ekki afskrifaðar. Hins vegar þarf að skoða hvort það verði ekki að setja verklagsreglur um endurgreiðslu slíkra lána, þegar greiðslugeta lántakandans er ekki fyrir hendi og veðsali hefur litla eða enga greiðslugetu. Er það nauðsynlegt til að allir viti fyrirfram hvernig ætlunin er að meðhöndla þessi mál og ekki þurfi að koma til þess að eignir veðsala verði seldar á nauðungaruppoðum í stórum stíl að þremur árum liðnum. Sama á við um skuldir með ábyrgð 3. aðila. Setja þarf reglur um meðhöndlun slíkra skulda þannig að tryggt verði að einstaklingar í ábyrgðum verði ekki gerðir gjaldþrota eða lendi í annars konar skuldavanda.

6.4 Synjun um sértæka skuldaaðlögun

Sú staða getur komið upp að einstakir kröfuhafar sem eru aðilar að samkomulaginu, hafni því að gera samning um sértæka skuldaaðlögun án skýringa sem eiga við rök að styðjast að mati þess fjármálafyrirtækis sem leiðir ferlið. Nefndin bendir á að í slíkum tilvikum geti fjármálafyrirtækið sem leiðir ferlið sent nefndinni athugasemd um málið. Nefndin getur þá metið hvort synjunin á við rök að styðjast eða ekki. Sé um seinna tilvikið að ræða getur nefndin brugðist við með því að senda ráðherra álit í samræmi við 4. mgr. 5. gr. laga um sértæka skuldaaðlögun.

Í lögum um sértæka skuldaaðlögun er lagt til grundvallar að kröfuhafar hafi val um það að gerast aðilar að samkomulaginu. Kröfuhafi sem ekki er aðili getur því alltaf hafnað því að samþykkja samning um sértæka skuldaaðlögun. Dæmi eru um að lágar kröfur kröfuhafa utan samkomulagsins komi í veg fyrir að samningur náist þrátt fyrir vilja eigenda hærri krafna til afskrifta og skuldaaðlögunar. Þar sem kröfuhafar verða ekki skyldaðir til að gerast aðilar að

samkomulaginu eru þeir í fullum rétti til að hafna samningum. Lögin innihalda engin úrræði sem nota mætti til að þvinga kröfuhafa utan samkomulags að borðinu. Ötult starf hefur verið unnið á vettvangi Samtaka fjármálafyrirtækja við að telja kröfuhafa á að gerast aðilar að samkomulaginu. Kröfuhafar sem ekki vilja gerast aðilar að samningum um sértæka skuldaaðlögun tapa væntanlega meira á því til lengri tíma litið, þar sem ætla má að þeir fái lítið eða jafnvel ekkert upp í kröfur sínar þurfi lántaki að leita annarra lausna. Samkvæmt lögum um sértæka skuldaaðlögun er það ekki á verksviði nefndarinnar að fylgjast með því að fleiri kröfuhafar gerist aðilar að samkomulaginu þó nefndin hafi vissulega farið yfir þessi atriði með Samtökum fjármálafyrirtækja. Er mikilvægt að sém flestir gerist aðilar að samkomulaginu til að úrræðið gagnist eins og til var ætlast.

Hér verður að benda á hversu mikilvægt það er að öll fyrirtæki og stofnanir sem standa utan samkomulagsins geri sér grein fyrir sinni samfélagslegu ábyrgð við að rétta við stöðu heimilanna og efnahagslífsins í heild. Hafi einstaklingur/heimili farið í gegnum greiðslumat og gerð hefur verið tillaga til sértækrar skuldaaðlögunar er næsta víst að viðkomandi er ekki greiðslufær um meira en tillagan gerir ráð fyrir. Af þeim sökum er ábyrgðarhlutur að neita að samþykkja slíka tillögu og koma í veg fyrir fjárhagslega endurskipulagningu heillar fjölskyldu með kröfu sem er e.t.v. aðeins brot af heildarskuldu. Sama á við um opinber gjöld og skatta en þegar svo háttar hefur ekki verið mögulegt að semja um sértæka skuldaaðlögun. Þarna er ekki við fjármálafyrirtækin að sakast heldur aðra kröfuhafa. Ættu stjórnvöld að skoða það hvort það geti ekki verið skynsamlegra í slíkum tilvikum að hafa lagaheimild til lækkunar eða jafnvel niðurfellingar krafna. Eru dæmi um að slíkar skuldir hafi komið í veg fyrir sértæka skuldaaðlögun heimila þrátt fyrir að vera hlutfallslega eingöngu brot af heildarskuldu.

Nefndin telur að stjórnvöld ættu að hlutast til um að taka upp samkomulag um sértæka skuldaaðlögun við alla hlutaðeigandi til að sníða af þá vankanta sem komið hafa í ljós við framkvæmdina. Þarf þá að skoða hvort breyta þurfi viðmiðunarmörkum í samkomulaginu varðandi það lágmarkshlutfall sem skuldarar þurfa að geta greitt af veðskuldum, þ.e. 80%. Eins þarf að endurmeta hvort 110% hámarkshlutfall af veðskuldum sé í samræmi við mærkmið

laganna um sértæka skuldaaðlögun, sem kveður á um að jafnvægi komist á virði eigna og greiðslugetu annars vregar og fjárskuldbindinga hins vregar. Í kafla 7 um fyrirtækin er einmitt vikið að því að færa megi fyrir því rök að úrræði fjármálafyrirtækja sem gera ráð fyrir skuldum yfir 100% af heildarvirði fyrirtækja, séu ekki alls kostar í samræmi við þennan tilgang laganna. Einnig er mikilvægt að ný og endurskoðuð framfærsluviðmið umboðsmanns skuldara liggi fyrir við þá endurskoðun.

6.5 Hefur jafnræðis og sanngirni verið gætt?

Vegna þess hve fá mál hafa verið endanlega afgreidd, hefur nefndin skoðað nánast öll samþykkt mál sem og þau sem hefur verið hafnað í Landsbanka og Íslandsbanka. Á þriðja tug mála voru skoðuð hjá Arion banka.

Það er mat nefndarinnar að fjármálafyrirtækin hafi nánast undantekningarlaust leitast við að gæta jafnræðis og sanngirni við afgreiðslu umsókna um sértæka skuldaaðlögun einstaklinga. Sést af gögnum málanna að starfsmenn fjármálafyrirtækjanna leggja sig alla fram við að reyna að leysa úr vanda lántaka í samræmi við lögın og verklagsreglurnar. Afgreiðsla mála hefur hins vregar verið mjög hæg. Því miður er staðreyndin sú að sértæk skuldaaðlögun er ekki tæk fyrir alla en þá er mögulegt að leita nauðasamnings til greiðsluaðlögunar. Gjaldþrotaskiptameðferð er óumflýjanleg fyrir einhvern hóp einstaklinga, en það er í undantekningartilvikum, svo sem ef opinber greiðsluaðlögun er ekki talin tæk vegna þess að skilyrði laganna eru ekki talin uppfyllt samkvæmt úrskurði dómstóla.

6.5.1 Lántaki er starfsmaður bankans sem leiðir ferlið

Vert er í þessu sambandi að benda á að samkvæmt 5. gr. Samkomulagsins er gert ráð fyrir að sé lántaki starfsmaður fjármálafyrirtækis, sé heimilt að fela öðru fjármálafyrirtæki að leiða samningsferlið. Tryggir það að ekki sé hætta á að hægt sé að vefengja að mál starfsmanna fái sömu meðhöndlun og aðrir viðskiptavinir. Hefur nefndin því farið fram á að öll fjármálafyrirtæki að vísa málum starfsmanna sinna til umboðsmanns skuldara eða annarra fjármálafyrirtækja.

6.6 Nauðasamningur til greiðsluaðlögunar

Nauðasamningar til greiðsluaðlögunar skv. lögum nr. 24/2009 sbr. lög nr. 21/1991, hafa verið nýttir í mun ríkara mæli en sértæk skuldaaðlögum. Þeim sem skulda kröfuhöfum utan Samkomulagsins, hafa lánsveð, 3. aðili er í ábyrgðum og þeim sem skulda opinber gjöld og skatta, er í flestum tilvikum ráðlagt að sækja um nauðasamning til greiðsluaðlögunar skv. upplýsingum sem nefndin hefur aflað hjá umboðsmanni skuldara (áður Ráðgjafastöð heimilanna) og hjá fjármálafyrirtækjunum sjálfum. Þessu úrræði var breytt með lögum nr. 101/2010 um greiðsluaðlögum einstaklinga þannig að umboðsmaður skuldara leiðir nú ferlið án milligöngu dómstóla nema í undantekningartilvikum. Sama gildir um tímabundna greiðsluaðlögum fasteignaveðskrafna á íbúðarhúsnaði, sem var breytt með lögum nr. 102/2010.

Í upplýsingum frá dómstólaráði sem miðast við 31. ágúst 2010 sést eftirfarandi:

Fjöldi beiðna um greiðsluaðlögum fasteignaveðskrafna frá 15. maí 2009 til 31. ágúst 2010

Greiðsluaðlögum fasteignaveðskrafna á íbúðarhúsnaði

| Fjöldi beiðna | Samþykkt | Hafnað | Afturkallað /Niðurfellt | Óafgreitt |
|---------------|----------|--------|-------------------------|-----------|
| 285 | 130 | 38 | 20 | 97 |

Fjöldi beiðna um nauðasamninga til greiðsluaðlögunar frá 1. apríl 2009 til 31. ágúst 2010

Nauðasamningar til greiðsluaðlögunar

| Fjöldi beiðna | Samþykkt | Hafnað | Afturkallað /Niðurfellt | Óafgreitt |
|---------------|----------|--------|-------------------------|-----------|
| 1109 | 555 | 132 | 36 | 386 |

Samkvæmt upplýsingum dómstólaráðs má reikna með að meirihluti þeirra sem hefur sótt um greiðsluaðlögum fasteignaveðskrafna hafi einnig sótt um nauðasamninga til greiðsluaðlögunar.

Það vekur athygli að samanlagður fjöldi þeirra sem hefur fengið nauðasamninga samþykkta er fimmfaldur miðað við þá sem hefur fengið samþykktan samning um sértæka skuldaaðlögun. Af þessum tölum virðist mega ráða að nauðasamningar til greiðsluaðlögunar sé úrræði sem henti fleirum en sértæk skuldaaðlögun. Áður hefur verið bent á að sértæk skuldaaðlögun virðist helst vera tiltækt úrræði fyrir þá sem eru með háar tekjur eða a.m.k. í meðallagi. Að auki hefur verið fjallað um önnur atriði sem hafa áhrif á fjölda umsókna um sértæka skuldaaðlögun í kafla 6.3.

6.6.1 Ný lög um umboðsmann skuldara og greiðsluaðlögun

Nefndin beindi þeim tilmælum til fjármálafyrirtækja að taka að sér að hafa milligöngu um samskipti við aðra kröfuhafa þegar þeir leiða sérstaka skuldaaðlögun til að léttu á lánþegum og veita þann stuðning sem mögulegur er í svo erfiðu ferli. Í skýrslu nefndarinnar í mars, var bent á að lánþegar þyrftu verulega á leiðsögn og stuðningi hlutlauss aðila að halda við skuldauppgjör. Var bent á mikilvægi þess að mál færu strax í réttan farveg og lánþegar hefðu aðila sér við hlið til að vega og meta tillögur fjármálafyrirtækjanna.

Úr þessu hefur verið bætt með tilkomu umboðsmanns skuldara sbr. lög nr. 100/2010. Samkvæmt 1. gr. laganna, a og b liðum er hlutverk umboðsmannsins að:

- a. veita einstaklingum er eiga í verulegum greiðsluerfiðleikum endurgjaldslausa aðstoð við að öðlast heildarsýn á fjármál sín og leita leiða til lausnar,
- b. hafa milligöngu um samskipti og samning við lánardrottna með hagsmuni skuldara að leiðarljósi,

Segir í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins að markmið stofnunarinnar eigi að vera að ná fram eins hagstæðri lausn og kostur er fyrir skuldara, án tillits til þess hvaða áhrif sú lausn hefur á hagsmuni einstakra kröfuhafa. Í nefndaráliti segir að nefndin telji mikilvægt að skuldari geti leitað með öll mál er varða fjárhag heimilisins til umboðsmanns skuldara, einnig þegar hann telur að brotið hafi verið á sér eða um brot á lögum eða reglum um lánastarfsemi sé að ræða.

Að mati nefndarinnar væri ákjósanlegast ef umboðmaður skuldara tæki alfarið við öllum málum sértækrar skuldaaðlögunar. Sterkt embætti umboðsmanns er mun betur til þess fallið að gæta að hagsmunum skuldara í sértækri skuldaaðlögun með heilstæðum hætti en að sérhver viðskiptabanki og sparisjóður hafi þau mál áfram á sinni könnu.

Ekki er víst að umboðsmaður hafi mannafla til að sinna öllum málum en þar til annað kemur í ljós er einstaklingum í fjárhagsvandræðum eindregið ráðlagt að leita til umboðsmanns skuldara með sín mál.

Nefndin telur ákaflega mikilvægt að nú standi lántökum til boða að njóta aðstoðar umboðsmanns í gegnum allt ferlið, hvort sem verið er að semja um almenn úrræði, sértæka skuldaaðlögun eða greiðsluaðlögun. Með þessu er tryggt eins og kostur er að mál einstaklinga sem leita til umboðsmanns fari strax í réttan farveg og þeir fái þann stuðning og aðstoð sem er nauðsynleg til að ljúka málum þannig að hagsmunir þeirra séu tryggðir. Bindur nefndin vonir við að þegar réttaróvissu varðandi gengistryggð lán og vaxtakjör hefur verið eytt, verði aukning í samningum um sértæka skuldaaðlögun.

7 Fyrirtæki

7.1 Fjárhagsleg endurskipulagning fyrirtækja

Eftirlitshlutverk nefndarinnar nær til fjárhagslegrar endurskipulagningar sem ekki er hluti af almennum úrræðum fjármálafyrirtækja sem stendur öllum fyrirtækjum til boða óháð skuldastöðu. Með fjárhagslegri endurskipulagningu er því átt við það þegar veitt er eftirgjöf skulda eða aðrar ívilnanir frá gerðum samningum veittar til að leysa úr skuldavanda fyrirtækis.

Á vormánuðum 2010 voru fjármálafyrirtækin farin að vinna málefni skuldara í fjárhagsvanda eftir SFF reglunum. Innleiðing ferla tók lengri tíma en menn ætluðu í fyrstu. Mál eru oft og tíðum flókin þó sérstaklega málefni stærri samstæðna. Verklagsreglum er fylgt við fjárhagslega endurskipulagningu minni og meðalstór fyrirtæki, svo og í einfaldari málum stærri fyrirtækjanna. Umfangsmeiri mál voru enn í vinnslu þegar nefndin tók úrtök og skoðar nefndin meðferð þeirra þegar þeim er lokið.

Nefndin fór fram á það við fjármálafyrirtækin að þau skiliðu inn lista yfir öll fyrirtæki sem hlotið hafa fjárhagslega endurskipulagningu. Skiladagur var 16. júní 2010. Minni fjármálafyrirtækin skiliðu meira og minna á réttum tíma en bankarnir skiliðu um miðjan ágúst. Ekki var um fullnægjandi skil að ræða í öllum tilvikum, verið er að bæta úr því samkvæmt beiðni nefndarinnar. Fjármálafyrirtækin voru beðin um að svara fyrir hvert og eitt fyrirtæki hvort afstaða hefði verið tekin til atriða sem fram koma í verklagsreglum fjármálafyrirtækisins, hvaða gögn voru fyrirliggjandi og lágu til grundvallar við ákvarðanatökuna. Þá fór nefndin fram á að gerð væri grein fyrir niðurstöðu fjármálafyrirtækisins, eftirgjöf skuldar og aðra skilmála. Nefndin fór einnig fram á að á viðkomandi lista væru þau fyrirtæki sem fjármálafyrirtækið hafnaði að taka til fjárhagslegrar endurskipulagningar. Farið var fram á rökstuðning fyrir höfnun þar sem það átti við.

Helstu ástæður þess að fjármálafyrirtæki hafa hafnað fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja er að viðkomandi fyrirtæki hafa ekki jákvætt sjóðstreymi til að standa undir greiðslu afborgana og vaxta. Sérhvert fjármálafyrirtæki metur greiðslugetu út frá þeim úrræðum það býður, samanber umfjöllun í kafla 7.2. Þeim fyrirtækjum sem hefur verið hafnað og

fjármálafyrirtækin hafa leitað fullnustu eigna eru að meginuppistöðu eignarhaldsfélög, fasteignafélög og fyrirtæki í byggingariðnaði.

Nefndin valdi fyrirtæki til frekari skoðunar og var valið með það fyrir augum að finna sambærileg fyrirtæki, með tilliti til stærðar, skuldastöðu, atvinnugreinar o.s.frv. og náði valið bæði til fyrirtækja sem höfðu fengið jákvæða niðurstöðu hjá fjármálafyrirtækinu og til fyrirtækja sem höfðu fengið neitun. Var meðferð fjármálafyrirtækisins á beiðni þeirra um sértæka fjárhagslega endurskipulagningu borin saman við verklagsreglur viðkomandi fjármálafyrirtækis svo og innbyrðis á milli þeirra fyrirtækja sem úrtakið náði til. EKKI höfðu mörg fyrirtæki lokið fjárhagslegri endurskipulagningu þegar skoðun nefndarinnar fór fram, var því einnig skoðuð málsméðferð mála sem enn voru í vinnslu í þeim skilningi að fyrir lá samþykki fjármálafyrirtækis en ekki lánþegans.

Athuga ber að það er ekki hlutverk nefndarinnar að bera saman úrræði ólíkra fjármálafyrirtækja heldur eingöngu framkvæmd viðkomandi úrræða innan hvers fjármálafyrirtækis fyrir sig. Úrræði fjármálafyrirtækja eru mismunandi og leiða því til ólíkrar niðurstöðu fyrir fyrirtæki sem fara í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu.

Í kafla 7.1 er stuðst við SFF reglurnar og fjallað almennt um athuganir nefndarinnar á einstaka málum fyrirtækja.

7.1.1 Skilyrði fyrir fjárhagslegri endurskipulagningu

Að neðan eru talin þau skilyrði sem fyrirtæki þarf almennt að uppfylla til að eiga kost á fjárhagslegri endurskipulagningu. Með fjárhagslegri endurskipulagningu er hér átt við það þegar endurskipulagning kann að leiða til eftirgjafar skulda eða annarra ívilnana frá gerðum samningum.

- *Endurheimtur krafna fjármálafyrirtækis verði betri eftir endurskipulagningu á skuldum fyrirtækis en við upplausn þess að mati fjármálafyrirtækis.*

Athuganir nefndarinnar leiddu í ljós að í nánast öllum tilvikum töldu fjármálafyrirtækin að endurheimtur krafna yrðu betri eftir endurskipulagningu á skuldum fyrirtækja en við upplausn þeirra. Þó voru undantekningar þar á og tengjast ákvarðanir fjármálafyrirtækja um að samþykkja fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækis þá einna helst byggðasjónarmiðum þ.e. að atvinnulíf viðkomandi svæðis byggist á starfsemi fyrirtækisins og því var ekki talið ásættanlegt að hafna aðstoð þrátt fyrir að upplausnarvirði fyrirtækisins við þrotameðferð myndi skila fjármálafyrirtækinu betri heimtum. Nefndin hafði ekki athugsemdir um þennan lið hjá þeim fyrirtækjum sem lento í úrtaki nefndarinnar og hlutið höfðu fjárhagslega endurskipulagningu eða verið hafnað.

- *Fyrirtæki geti sýnt fram á að sjóðstreymi standi undir greiðslu á skuldum eftir endurskipulagningu. Við mat á fjárhæð skulda eftir endurskipulagningu verði höfð hliðsjón af væntri greiðslugetu, heildarvirði og eignavirði fyrirtækis.*

Öll fjármálafyrirtæki taka mið af greiðslugetu fyrirtækja við ákvörðun skuldsetningar í kjölfar fjárhagslegrar endurskipulagningar. Fjallað er um hvaða mat er lagt til grundvallar skulda eftir fjárhagslega endurskipulagningu í kafla 7.1.2.1.

Til þess að fjármálafyrirtæki geti áttað sig á hvort að fyrirtæki geti staðið undir greiðslu afborgana lána og vaxta er framkvæmt sjóðstreymismat þar sem horft til þess hvort sjóðstreymi til framtíðar (e. free cash flow) sé jákvætt. Jákvætt sjóðstreymi er rekstrarafkoma fyrir afskriftir en eftir að tekið hefur verið tillit til endurfjárfestingarþarf, greiðslu skatta og breytinga í veltufjárbindingu. Þegar sjóðstreymi er jákvætt skapar fyrirtæki fjármuni sem hægt er að verja til greiðslu vaxta, afborgana skulda eða ráðstafa til fjármagnseigenda með öðrum hætti. Jákvætt sjóðstreymi er því forsenda þess að fyrirtæki geti greitt af skuldum sínum.

Við mat á sjóðstreymi er horft til rekstraráætlunar sem forsvarsmenn fyrirtækisins eiga að leggja fram. Fjármálafyrirtækið metur forsendur áætlunarinnar með hliðsjón af sögulegri afkomu fyrirtækisins samkvæmt fyrirlögðum gögnum og þekkingu starfsmanna fjármálafyrirtækis á viðkomandi atvinnugrein.

Í minni fyrirtækjum er oft og tíðum ekki fyrirliggjandi sjóðstreymisáætlun og er við mat á væntu jákvæðu sjóðstreymi stuðst við EBITDA fyrirtækisins þ.e. hagnað fyrir fjármunatekjur, fjármagnsgjöld, skatta, afskriftir og niðurfærslu eigna að teknu tilliti til endurfjárfestingarþarfar og breytingu á veltufjárbindingu.

Vænt greiðslugeta er metin út frá jákvæðu sjóðstreymi. Þetta er ein megin forsenda þess sem skilur að hvort fyrirtæki sé talið lífvænlegt eða ekki. Fyrirtæki verður að geta sýnt fram á að það standi undir greiðslu afborgana og vaxta eftir fjárhagslega endurskipulagningu, þannig að það uppfylli skilyrði til að eiga rétt á skuldaðlögun.

Fyrirtæki er ekki talið lífvænlegt sem er ekki með jákvætt sjóðstreymi til lengri tíma. Fyrirtæki getur til skemmi tíma verið með neikvætt sjóðstreymi en þá verður að sýna fram á hvernig fjármagna á rekstur þann tíma sem sjóðstreymi er neikvætt og að kröfuhafar krefjist ekki greiðslu afborgana lána né vaxta á neikvæða tímabilinu. Nefndin telur að við mat á hæfi fyrirtækis til að fá fjárhagslega endurskipulagningu geti tímabil neikvæðs sjóðstreymis alla jafna ekki verið mjög langt. Fyrirtæki geta snúið neikvæðu sjóðstreymi í jákvætt með endurskipulagningu rekstrar, sölu eigna eða utanaðkomandi fjármagni.

Endurgreiðslutími og kjör láns hefur veruleg áhrif á mat greiðsluþols fyrirtækja. Telur nefndin því mikilvægt að viðskiptavinir fjármálafyrirtækja geti áttað sig á hvers þeir mega vænta í kjölfar fjárhagslegrar endurskipulagningar. Fjármálafyrirtækin höfðu ekki birt þessar upplýsingar á heimasíðum sínum í byrjun ágúst 2010.

- *Traust og trúnaður þarf að ríkja í viðskiptasambandi fyrirtækis og fjármálafyrirtækis. Í því sambandi er m.a. horft til viðskiptasögu félagsins, eigenda þess og stjórnenda.*

Athuganir nefndarinnar leiddu í ljós að fjármálafyrirtækin töldu að traust og trúnaður í viðskiptasambandi þeirra við fyrirtækið væri grundvallaratriði við fjárhagslega

endurskipulagningu fyrirtækja, ef fyrri eigendur eða stjórnendur ættu að koma að málum. Í flestum tilfellum er skuldsetning umfram virði fyrirtækis, þannig að fjármálfyrirtækið hefur það í hendi sér hver muni koma að áframhaldandi rekstri fyrirtækja sem eru í slíkri stöðu. Fjármálfyrirtækin hafa þó ekki þessa ráðandi stöðu þegar í hlut áttu fyrirtæki sem byggja afkomu sína á vöru bundna einkaleyfi. Einkaleyfishafarnir hafa í hendi sér hvort virði fyrirtækis sé samkvæmt virðismati sem tekur tillit til sölu á afurð sem bundin er einkaleyfinu. Í þeim tilvikum á fjármálfyrirtækið það á hættu að einkaleyfishafar framselji öðrum réttinn og þá er virði skuldsetta fyrirtækisins í hendi fjármálfyrirtækisins nánast ekkert.

- *Fyrirtækið sýni vilja til samvinnu og veitti fjármálfyrirtækinu allar nauðsynlegar upplýsingar til að meta grundvöll fyrir fjárhagslegri endurskipulagningu.*
- *Fyrirtækið veiti fjármálfyrirtæki heimild til að vinna að fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækis í samvinnu við aðra kröfuhafa þegar við á.*
- *Fyrirtækið veiti fjármálfyrirtæki heimild til að framkvæma áreiðanleikakönnun á fyrirtækinu ef ástæða þykir til.*
- *Ekki þyki líklegt að aðrir kröfuhafar muni krefjast gjaldþrotaskipta á fyrirtækinu.*

Til þess að tryggja að aðrir kröfuhafar muni ekki krefjast gjaldþrotaskipta er t.d. gerður kyrrstöðusamningur helstu kröfuhafa.

Athuganir nefndarinnar leiddu í ljós að ofangreindir liðir voru í lagi við afgreiðslu mála fyrirtækja sem úrtak nefndarinnar náði til .

7.1.2 Mat á fyrirtækjum

Þegar kannað er hvort skilyrði fjárhagslegrar endurskipulagningar séu uppfyllt leggur fjármálafyrirtæki mat á ýmsa þætti sem snúa að rekstri, stjórnun, efnahag og rekstrarumhverfi fyrirtækisins m.a.:

- *Eignir og skuldir fyrirtækis þar sem m.a. lagt mat á:*
 - Verðmæti trygginga og helstu eigna fyrirtækis
 - Möguleika á hagræðingu t.d. hvort selja megi óarðbærar eignir
 - Skuldir og skuldbindingar fyrirtækisins, þ.m.t. ábyrgðir
 - Tryggingastöðu fjármálafyrirtækis þar sem m.a. er lagt mat á líftími eigna og veða sem standa að baki skuldum
- *Greiðslugetu fyrirtækis þar sem m.a. er lagt mat á:*
 - Rekstraráætlun, sjóðstreymi og lykilforsendur.
 - Áætlun um hagræðingu, t.d. hvort draga megi úr rekstrarkostnaði.

Athuganir nefndarinnar leiddu í ljós að upplýsingar sem lágu fyrir við ákvarðanatöku voru mismunandi eftir stærð fyrirtækja. Í stærri fyrirtækjum var lagt mat á ofangreinda liði. Í umfangs meiri málum var oft og tíðum ráðinn inn ráðgjafi, að undirlagi fyrirtækis eða fjármálafyrirtækis. Ráðgjafinn fór yfir rekstur viðkomandi fyrirtækis, vann mat á eignum, kom með tillögur um úrbætur í rekstri ef við átti, staðfesti skuldir og skuldbindingar og tryggingastöðu fjármálafyrirtækis. Í minni fyrirtækjum voru verðmæti helstu eigna fyrirtækis yfirleitt könnuð, ásamt tryggingastöðu fjármálafyrirtækis.

Fjármálafyrirtækin höfðu til hliðsjónar jákvætt sjóðstreymi til að kanna hvort fyrirtækin gætu staðið við væntar afborganir og vexti af lánum eftir fjárhagslega endurskipulagningu. Fjármálafyrirtækið lagði mat á hvort fyrirliggjandi áætlunar væru fullnægjandi. Ef fjármálafyrirtækið taldi að forsendur áætlana væru ekki fullnægjandi þá var gerð athugsemd og þær aðlagaðar m.v. væntingar starfsmanna fjármálafyrirtækis.

- *Orðsporsáhætta fyrirtækis og fjármálafyrirtækis af fjárhagslegri endurskipulagningu.*

Athuganir nefndarinnar leiddu í ljós að fjármálafyrirtækin telja að það hafi ekki áhrif á orðspor fjármálafyrirtækis að koma að fjárhagslegri endurskipulagningu megin þorra fyrirtækja.

Dæmi voru um að fjármálafyrirtæki töldu það geta skaðað orðspor sitt ef fyrirtæki á landsbyggðinni yrði hafnað fjárhagslegri endurskipulagningu. Íbúar viðkomandi svæðis ættu því takmarkaðri möguleika á atvinnu til framtíðar ef þrot fyrirtækis leiddi til að starfseminni yrði hætt á viðkomandi atvinnusvæði.

Orðsporsáhætta telja þeir einna helst tengda félögum þar sem „útrásarvíkingar“ koma að rekstri fyrirtækja. Umfangsmestu málin eru enn í vinnslu og hefur nefndin eðli máls samkvæmt ekki getað lokið athugunum sínum á þeim. Nefndin hefur farið fram á að fá í hendur gögn sem staðfesta fullyrðingar fjármálafyrirtækja um að aðilar bæði hérlandis og erlendis sem hafa veruleg áhrifa á endurheimtu möguleika fjármálafyrirtækja og hafi farið fram á að „fyrrum eigendur“ kæmu að endurreisin fyrirtækjanna. Nefndin hefur ekkert undir höndum sem staðfestir slíkt né hrekur. Því getur nefndin ekki lagt mat á hvort fyrirtækið sé ekki lífvænlegt án „fyrrum eiganda“.

Orðsporsáhætta getur einnig legið í því að fjármálafyrirtæki hafa tekið yfir fyrirtæki eða eignir fyrirtækja sem eignarhald fellur undir einhverskonar takmarkanir í lögum. Í þeim úrtökum sem nefndin tók þá unnu starfsmenn fjármálafyrirtækja að varkárni.

- *Tengdir aðilar eru metnir heildstætt eftir því sem við á.*

Athuganir nefndarinnar leiddu í ljós að fjármálafyrirtækin skoðuðu tengda aðila heildstætt ef við átti. Má þar nefna ábyrgðir og greiðslugetu viðkomandi ábyrgðaraðila. Ef um samstæður var að ræða svo sem fasteignafélag og rekstrarfélag þá var því t.d. stillt upp sem einni heild þrátt fyrir að endanleg niðurstaða gat verið með ólíkum hætti. Má þar t.d. nefna að

fjármálafyrirtækið leysti til sín eignir fasteignafélagsins og eignarhaldsfélagið var í kjölfari sett í þrot en rekstrarfélagið var aðstoðað við að halda áfram rekstri.

7.1.2.1 *Verðmæti fyrirtækis með hliðsjón af áætluðu sjóðstreymi*

Verðmæti fyrirtækis með hliðsjón af áætluðu sjóðstreymi hefur áhrif á skuldsetningu fyrirtækis hjá Arion banka og Landsbanka, þar sem ekki er ætlast til að eftirgjöf skulda myndi jákvæða eiginfjárstöðu. Er því mikilvægt fyrir fyrirtæki að verðmæti fyrirtækis sé „rétt“ metið.

Fjármálafyrirtækin ákvarða skuldsetningu fyrirtækja með hliðsjón af eftirfarandi þáttum:

- Við ákvörðun á skuldsetningu fyrirtækis hefur Arion banki hliðsjón af heildarvirði fyrirtækis eða endurmetnu eignarvirði eftir því hvort er hærra, auk þess er litið til greiðslugetu þegar ákvörðun er tekin um skuldsetningu fyrirtækis. Bankinn skiptir lánum upp í „lán innan greiðslugetu“ og „lán utan greiðslugetu“. Samtala þessara tveggja lánaflokkja nemur aldrei hærri upphæð en 100% af „virði“ fyrirtækisins.
- Íslandsbanki hefur til hliðsjónar endurmetið eignarvirði og greiðslugetu við ákvörðun á upphæð „lána innan greiðslugetu“. „Lán utan greiðslugetu“ eru allar skuldir við Íslandsbanka umfram „lán innan greiðslugetu“. „Lán utan greiðslugetu“ er gert upp eigi síðar en þremur árum eftir endurskipulagningu. Við uppgjör þess láns er endurmetið eignavirði haft til hliðsjónar. Eftirgjöf skulda verður ekki meiri en svo að eftir standi lán sem eru samtals 110% af endurmetnu eignavirði fyrirtækis á hverjum tíma, ef eigandi hefur ekki lagt til eigið fé. Eigið fjárframlag eiganda og skuldir samtals nema að hámarki 110% af eignavirði.
- Landsbankinn hefur til hliðsjónar við ákvörðun á skuldsetningu stærri fyrirtækja heildarvirði eða endurmetið eignavirði hvort sem hærra reynist. Oft og tíðum er erfitt að meta heildarvirði hjá litlum fyrirtækjum. Í þeim tilvikum hefur bankinn ákveðið að meta þau með hliðsjón af endurmetnu eignavirði. Ef eigandi leggur fram eigið fé nemur skuldsetning 100% af undirliggjandi „virði“ fyrirtækisins áður en eigandi leggur fram aukið eigið fé, sem gengur til lækkunar lána við bankann.

Ef eigandi á ekki kost á að greiða inn eigið fé þá nemur skuldsetningin 100% af „virði“ fyrirtækisins, að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Endurmetið eignavirði er virði eigna félagsins samkvæmt mati óháðs aðila. Nýtt verðmat tveggja eða fleiri fasteignasala er dæmi um eignavirðingu ef um fasteign er að ræða.

Heildarvirði fyrirtækis í rekstri byggir á núvirtu áætluðu sjóðstreyymi þess til lengri tíma. Eigi fyrirtæki eignir sem ekki skila því tekjum í gegnum hefðbundinn rekstur er verðmæti þeirra eigna bætt við.

Við gerð rekstrar-, efnahags- og sjóðstreymisáætlana fyrirtækis er stuðst við söguleg gögn úr rekstri þess. Forsendur rekstrar eru settar fram og skilgreint hvaða kostnaðar- og tekjuliðir eru breytilegir til skamms tíma og hvaða liðir eru fastir til skamms tíma. Allir liðir í áætlunum eru breytilegir þegar til lengri tíma er litið. Leggja þarf mat á hvort að söguleg gögn fyrirtækisins séu lýsandi fyrir framtíðina, ef svo er þá er stuðst við þau. Ef forsendur hafa breyst verulega þarf að endurmeta forsendur og styðjast við þær við gerð áætlunar um framtíðartekjur og gjöld.

Á árunum 2005 og fram á mitt ár 2008 voru tekjur í mörgum atvinnugreinum í sögulegu hámarki. Við áætlunargerð verður að taka tillit til þessa og líta til lengra tímabils þegar gagna er aflað. Ekki er forsvaranlegt að byggja áætlanir á tekjum atvinnugreinar þegar þær voru í hámarki. Sem dæmi má nefna að umsvif í mannvirkjagerð var óvenjumikil á umræddu árabili og því ómarktækt að byggja áætlanagerð fyrir árin 2010 til 2013 á reynslu áranna 2005 til 2008.

Sumar greinar urðu reyndar fyrir skakkaföllum á þenslutímabilinu. Sem dæmi má nefna að tekjur sjávarútvegsfyrirtækja drögust verulega saman vegna skerðingar kvóta á árinu 2007. Heildartekjur greinarinnar munu vart aukast meira en sem nemur útgjaldasparnaði vegna tæknipróunar og hugsanlegrar hagræðingar innan greinarinnar. Einstök fyrirtæki geta aukið tekjur, en tæpast án þess að kaupa eða leigja til sín kvóta frá öðrum fyrirtækjum eða frá opinberum aðilum verði stjórnkerfi fiskveiða breytt.

Fjármálafyrirtækin fara yfir áætlanir stjórnenda með það fyrir augum hvort draga megi úr kostnaði fyrirtækja. Mikilvægt er að fyrirtæki séu ekki að greiða stjórnendum ofurlaun eða óeðlileg hlunnindi á sama tíma og þau fá eftirgefnar skuldir við fjármálafyrirtæki. Einnig hafa starfsmenn fjármálafyrirtækja gert kröfu um að hámarks hagræðing eigi sér stað í rekstri fyrirtækja og er áætlunum stillt upp m.v. þá kröfu.

Starfsmenn fjármálafyrirtækja hafa tekið áætlanir fyrirtækja og aðlagað þær ef þeir telja að áætlanir séu ekki í samræmi við „eðlilegar“ forsendur.

Að lokinni fjárhagslegrí endurskipulagningu skila fjármálafyrirtækin fyrirtækjum út í atvinnulífið með skuldsetningarhlutfall sem er 70-125%⁵ af heildarvirði fyrirtækis eða virði undirliggjandi eigna, hvort sem hærra reyndist, eftir að eigendur hafa greitt inn aukið eigið fé. Í athugasemnum með frumvarpi til laga um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunins, segir í 5 mgr. a liðar um tilgang frumvarpsins „Breyting á lánasamningum á ekki að hafa í för með sér að neikvæðri eiginfjárstöðu fyrirtækja sé breytt í jákvæða þegar ráðist er í endurskipulagningu. Á hinn bóginn er ljóst að með niðurfellingunni er ætlunin að fyrirtæki, og/eða einstaklingar eftir atvikum, styrki efnahag sinn til lengir tíma litið, þannig að breytingar á lánasamningum eru forsenda þess að neikvæð eiginfjárstaða breytist í jákvæða þegar fram líða stundir.“

Arion banki, Íslandsbanki og Landsbankinn bjóða fyrirtækjum að greiði þau inn eigið fé muni bankarnir gefa eftir ákveðinn hluta skulda samkvæmt útfærslu hvers og eins. Er því nánar lýst í kafla 7.2 um úrræði fjármálafyrirtækja. Með þessu eru bankarnir að reyna að örva eigendur fyrirtækja og aðra fjármagnseigendur til þess að leggja atvinnulífinu til aukið fjármagn sem nýtt er til greiðslu skulda við fjármálafyrirtækin. Verður þetta til þess að styrkja efnahag fyrirtækja og stuðla að því að eiginfjárstaða fyrirtækja mun verða jákvæð. Þrátt fyrir að í athugasemnum með frumvarpi til laga um sértæka skuldaaðlögun og SFF reglum komi fram að það sé ekki tilgangurinn. Nefndin telur þetta vera til góðs fyrir atvinnulíf landsins og nauðsynlegt. Með

⁵ Arion banki hefur ekki sett neðri mörk, þannig að skuldsetningahlutfall gæti orðið lægra í einhverjum tilvikum

þessu telur nefndin að markmiði um að efnahagur fyrirtækja sé styrktur til lengri tíma lítið sé betur tryggt. Fjárhagslega endurskipulagt fyrirtæki með lítið sem ekkert eigið fé er ekki góð ávísun á framtíðarhagvöxt. Miklar líkur eru á að slík fyrirtæki endi aftur á borði fjármálafyrirtækja innan skamms tíma, en það er ekki markmið laganna.

Í eðlilegu árferði ræðst endanlegt virðismat af huglægum þáttum á borð við ávöxtunarkröfu eiganda á eigið fé, ávöxtunarkröfu fjármálafyrirtækis og mat þessara aðila á gjaldþrotaáhættu fyrirtækisins í nánustu framtíð. Alla jafna er sýn eiganda jákvæðari en sýn fjármálafyrirtækisins og er það grundvöllur viðskipta þessara aðila. Nefndin hefur orðið þess vör í núverandi árferði að viðsnúningur sé í afstöðu fjármálafyrirtækja. Þannig er algengt að fjármálafyrirtækin hafi jákvæðari sýn á framtíðartekjumöguleika og framtíðarhagræðingarmöguleika skuldugra fyrirtækja en eigendur. Þetta kann á sinn hátt að verða til þess að fjármálastofnanir verðmeti fyrirtæki hærra en eigendur þeirra og hefur þessi afstaða eðlilega áhrif á skuldsetningu þeirra. Í viðtölum nefndarinnar við starfsmenn fjármálafyrirtæka kom fram að hætta væri á að málefni hluta þeirra fyrirtækja sem fyrirgreiðslu hafa hlotið kæmi fljótlegra aftur inn á borð fjármálafyrirtækjanna þar sem þeim hefði verið skilað út úr fjárhagslegri endurskipulagningu „lifandi dauðum“. Fjármálafyrirtækin ættu ekki annars kost, þó slæmur væri, þar sem fram kæmi í verklagsreglunum að „Ekki (sé) gert ráð fyrir því að niðurfelling skulda breyti neikvæðri eiginfjárstöðu í jákvæða. Á hinn bóginn er henni ætlað að styrkja efnahag fyrirtækja til lengri tíma.“

Starfsmenn fjármálafyrirtækja telja sig ekki fyrirfram geta sagt til um hvaða fyrirtæki myndu standa sig mikið skuldsett og hver ekki. Starfsmönnum ber að stuðla að hámarks endurheimtum fjármálafyrirtækisins og af því leiðir að þeir telja það betra að skila hluta fyrirtækja of skuldsettum út en að skuldsetja þau of lítið og þar með „gefa“ einhverjum fyrirtækjum sem ekki þyrftu á því að halda eftir skuldir.

Reynslan frá fyrri fjármálakreppum sýnir að hraði og umfang endurreisnar efnahagslífsins ræðst af því hvernig tekið er á svokölluðum svefngenglum (e. zombies) í fyrirtækjaflórunni. Sé

svefngenglum haldið gangandi þó "meðvitundarlausir" séu og vegi skuldbindingar gagnvart þeim nægjanlega þungt á efnahagsreikningi bankastofnana getur niðurstaðan orðið að viðkomandi bankastofnun verður sjálf svefngengill, sjá (Caballero, Hoshi and Kashyap 2006), eða sú var reynsla Japana. Til að draga úr afskriftum og niðurfærslu eiginfjár héldu japanskir bankar áfram lánveitingum til skuldugra en órekstrarhæfra fyrirtækja. Þetta atferli hafði margvíslegar óheppilegar afleiðingar. Ein ástæða þess að hin skuldsett fyrirtæki voru órekstrarhæf voru óraunhæfar launagreiðslur. Auk þess kunnu fyrirtækin að hafa tapað af lestinni í tæknilegu eða stjórnunarlegu tilliti. Vegna fyrirgreiðslu bankanna áttu ný og/eða betur rekin fyrirtæki erfitt með að hasla sér völl bæði vegna skorts á fjárhagslegri fyrirgreiðslu vegna lítils svigrúms bankanna og vegna hás launastigs í viðkomandi geira. Svefnengilfyrirtæki þvældust fyrir „vakandi“ fyrirtækjum og stungu bankana svefnþorni þannig að þeir urðu svefngöngunni að bráð. Upp kom vítahringur sem dró mátt úr japanska hagkerfinu í meira en áratug.

Nefndin hefur rekið sig á nokkur vandamál sem tengjast skuldaaðlögun fyrirtækja sem vert er að skoða í ljósi hinnar neikvæðu reynslu Japana. Í fyrsta lagi greinir forsvarsmenn fyrirtækja og bankastofnanir á um framtíðartekjustreymi rekstrarins. Bankarnir eru oftar en ekki bjartsýnni en forsvarsmenn fyrirtækjanna. Bjartsýni bankamanna endurspeglast í minni afskriftum og minni líkum á að fyrirtæki verði knúið í þrot. Slík bjartsýni endurspeglast einnig í að fyrirtæki ganga í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu en eru eftir sem áður afar skuldsett. Frá þjóðhagslegu sjónarmiði hefur þessi tilhneicing bankanna þau jákvæðu áhrif að þvinga fyrirtækin til að fylgja aðhaldssamir útgjaldastefnu, m.a. að halda aftur af launaþróun í viðkomandi atvinnugrein. Neikvæðu áhrifin eru að afskriftarþörf er klárlega vanmetin. Á neikvæðu hliðinni er einnig að þessi skuldsett fyrirtæki standa höllum fæti gagnvart samkeppnisaðilum sem kunna að vera reist á grunni gjaldþrota eininga. Skuldsetning slíks fyrirtækja sem hlutfall af tekjustreymi ræðst af aðstæðum þegar kröfuhafi selur fyrirtækið. Við núverandi aðstæður er afar líklegt að skuldsetning nýendurreists félags sé minna þungbær en skuldsetning félags sem gengur í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu.

Fyrirtæki sem eru álitin í fjárhagslegu uppnámi (e. distressed firms) þurfa að taka á sig kostnað umfram það sem önnur fyrirtæki í sambærilegum rekstri taka á sig. Birgjar krefjast auka trygginga, tryggingarfélög hækka tryggingariðgjöld, viðskiptavinir eru ekki tilbúnir til fyrirframgreiðslu jafnvel þó það sé viðtekið gagnvart samkeppnisaðilum og almennir viðskiptavinir kunna að sniðganga vörur vegna ótta um að ábyrgðir verði ekki efndar sé um gallaða vörur að ræða. Þessir þættir vega misþungt. Bifreiðaframleiðandi getur t.d. séð sölutölur falla niður að núllinu komist sá kvittur á loft að áframhald rekstrar sé óviss enda yrði slíkt ástand ávísun á vandamál tengd viðgerðar- og varahlutaþjónustu. Hætta er á að kvittur um fjárhagslegt uppnám verði að raunverulegu fjárhagslegu uppnámi vegna viðbragða birgja og viðskiptavina.

Hvernig á að verðmeta fyrirtæki sem eru í fjárhagslegu uppnámi? Í sumum tilfellum er beitt hærri afávöxtunarstuðli (e. discount factor) en gert er þegar heilbrigð fyrirtæki eru verðmetin. Sú aðferð byggir á þeirri tilgátu að gjaldþrotaáhætta fyrirtækis í fjárhagslegu uppnámi sé meiri en annarra fyrirtækja og að þessum auknu gjaldþrotalíkum sé jafnt dreift yfir allan líftíma fyrirtækisins. Seinni hluti tilgátunnar er augljóslega rangur. Gjaldþrotaáhætta fyrirtækis í fjárhagslegu uppnámi er mikil í nánustu framtíð, en sé litið til meðallangrar framtíðar er gjaldþrotaáhætta slíks fyrirtækis jafnmikil og annarra fyrirtækja í sömu grein. Því er líklega heppilegra að verðmeta fyrirtæki í fjárhagslegu uppnámi eins og það væri heilbrigð og lækka svo virði þess í samræmi við metna gjaldþrotaáhættu næstu misserin. Bandarískar rannsóknir sýna að sá kostnaður sem fyrirtæki í fjárhagslegu uppnámi verður fyrir umfram heilbrigð nemi 10-23% af verðmæti fyrirtækjanna.

Virðismat félaga er áhrifamesti þátturinn þegar horft er til framtíðarskuldsetningar þeirra. Í ljósi þess telur nefndin mikilvægt að fyrirtæki eigi aðgengi að óháðum aðila sem leggi mat á áætlanir þess. Þrátt fyrir að talið sé að aðkeyptir ráðgjafar eða söluaðilar eigi að teljast óháðir þá hefur nefndin áhyggjur af því að viðkomandi aðilar horfi til þess hver skapar þeim verkefni og óhæðið sé því aðeins í ásýnd en ekki í reynd. Til þess að tryggja óhæði viðkomandi þá er mikilvægt að aðilar svo sem hið opinbera og samtök atvinnulífsins komi að því.

7.1.3 Mat á áframhaldandi þáttöku eigenda og stjórnenda fyrirtækis

Við mat fjármálaþyrirtækja á áframhaldandi þáttöku eigenda og stjórnenda í rekstri fyrirtækja eftir fjárhagslega endurskipulagningu er einkum horft til viðskiptasögu þeirra, samstarfsvilja við hina fjárhagslegu endurskipulagningu og þýðingu þeirra fyrir framtíð fyrirtækja. Við mat á þessum þáttum er m.a. horft til eftirfarandi atriða:

- *Við mat á viðskiptasögu eigenda og stjórnenda er m.a. horft til eftirfarandi þátta:*
 - *Hefur almennt verið staðið við samninga viðskiptavinar og fjármálaþyrirtækis?*
 - *Hefur upplýsingagjöf almennt verið góð?*
 - *Hafa arðgreiðslur og launagreiðslur verið í takt við rekstrarforsendur?*
 - *Er rekstrarsaga fyrirtækisins góð þrátt fyrir fjárhagslega erfiðleika?*
 - *Hafa samningar og lög verið brotin við meðferð og sölu eigna fyrirtækis?*
- *Við mat á samstarfsvilja við framkvæmd endurskipulagningar er m.a. horft til eftirfarandi þátta:*
 - *Hafa allar nauðsynlegar upplýsingar verið veittar?*
 - *Hefur fyrirtækið stuðlaða að samstarfi kröfuhafa þar sem við á?*
 - *Ríkir almennt traust milli aðila?*
- *Við mat á því hvort þáttaka eiganda og stjórnenda bætir endurheimtur skulda er m.a. horft til eftirfarandi þátta:*
 - *Hafa þeir færni eða þekkingu sem er verðmæt viðkomandi rekstri?*
 - *Hafa þeir viðskiptasambönd sem eru rekstrinum dýrmæt?*
 - *Eru þeir eru handhafar leyfa sem eru rekstrinum verðmæt?*
 - *Er staða þeirra samkvæmt samningum slik að endurheimtur fjármálaþyrirtækja verði lakari án þeirra?*

Nefndin telur að viðhorf starfsmanna fjármálafyrirtækja hafi verið að breytast hægt og rólega. Verklagsreglur lágu ekki fyrir fyrr en á vormánuðum 2010 en hafist var handa við að semja þær í ágúst 2009. Fyrst eftir hrún þá var það almennt viðhorf meðal starfsmanna fjármálafyrirtækja að eigendur fyrirtækja ættu ekki að vera starfandi innan þeirra fyrirtækja sem hljóta fjárhagslega endurskipulagningu. Á haustmánuðum 2009 fór viðhorfið að breytast enda lá ljóst fyrir að ekki tækist að manna öll félög að nýju með hæfu fólk og stjórnendur fyrirtækja væru oft og tíðum fórnarlömb frekar en gerendur í skuldamálum fyrirtækja sinna.

Nefndin fór fram á það við fjármálafyrirtækkin að þau legðu fram gögn í þeim málum sem fyrirtækjum var synjað um fjárhagslega endurskipulagningu. Fjármálafyrirtækkin hafa verið að skila inn listum sem greina ástæður í hverju máli fyrir sig síðustu vikur. Ekki hefur reynst unnt að vinna úr þeim listum að öllu leyti enn sem komið er. Í þeim málum sem nefndin tók úrtak úr og fjármálafyrirtæki ákvað að hafna umleitan fyrirtækis um fjárhagslega endurskipulagningu hélst það í hendur að fyrirtækið var ekki með nægjanlegt jákvætt sjóðstreymi og brestir voru komnir í viðskiptasambandið.

Í kafla 7.1.1 liðnum *Traust og trúnaður þarf að ríkja í viðskiptasambandi fyrirtækis og fjármálafyrirtækis* er fjallað um samband fjármálafyrirtækja og fyrirtækja sem byggja rekstrargrundvöll sinn á einkaleyfi.

7.1.4 Skilmálar samninga við endurskipulagningu

Í tengslum við samninga um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækis kann fjármálafyrirtækið að gera kröfur um frekari skilmála og kvaðir á fyrirtæki eftir því sem við á. Þessir skilmálar geta t.a.m. falist í:

- *Krafa um eiginfjárframlag eigenda til rekstursins og/eða niðurgreiðslu á skuldum fyrirtækis við fjármálafyrirtæki.*
- *Arðgreiðslubann og takmarkanir á úttektum eiganda.*
- *Takmarkanir á launagreiðslum og öðrum hlunnindum eiganda og stjórnenda.*

- *Takmarkanir á breytingu á stjórn fyrirtækis eða tilgangi þess án samþykkis fjármálafyrirtækis*
- *Krafa um auknar tryggingar fyrir skuldum fyrirtækisins, m.a. í eignum fyrirtækisins og sjóðstreymi og/eða eignarhluta eigenda í fyrirtæki.*
- *Heimild til að skipa fyrirtækinu tilsjónarmann, ráðgjafa og/eða óháðan stjórnamann.*
- *Krafa um reglulega upplýsingagjöf um rekstur, efnahag og sjóðstreymi,*
- *Krafa um að skuldum sé breytt í eigið fé og/eða fjármálagerningar gefnir út með breytirétti í hlutafé.*

Fjármálafyrirtækin fylgdu innri verklagsreglum viðkomandi fjármálafyrirtækis um frekari skilmála vegna samninga um endurskipulagningu.

7.1.5 Aðferðafræði og sjónarmið

Aðferðafræði við endurskipulagningu skulda mun öðru fremur taka mið af viðskiptalegum og samkeppnislegum sjónarmiðum ásamt kröfum um gegnsæi.

- *Taka skal tillit til samkeppnislegra áhrifa endurskipulagningar fyrirtækis samkvæmt áliti Samkeppniseftirlitsins nr. 3/2008 frá 12. nóvember 2008. Í því sambandi skal m.a. leitast við að velja þá leið við endurskipulagningu sem eflir samkeppni eða raskar henni minnst. Ekki skal vikið til hliðar augljósnum hagsmunum fjármálafyrirtækis af því að hámarka verðmæti, tryggja hagsmuni fjármálafyrirtækja og vinna hratt að úrlausn mála.*

Íslenska hagkerfið er lítið og á mörgum sviðum er ekki rúm fyrir mörg fyrirtæki. Dragist eftirspurn saman á einu sviði ræður fyrirgreiðsla fjármálafyrirtækja miklu um hvaða fyrirtæki lifa þann samdrátt af og hver verða undir. Við aðstæður þar sem fjármálafyrirtæki hefur tekið yfir rekstur og er í samkeppni við annan rekstur munu eigendur samkeppnisaðilanna upplifa aðkomu fjármálafyrirtækisins sem ógn við eigin afkomu. Fjárhagslegur styrkur fjármálafyrirtækisins gerir því kleyft að halda sínu fyrirtæki gangandi og knýja þannig fyrirtæki samkeppnisaðilanna til að draga saman seglin eða jafnvel að knýja þau í þrot. Notfæri

fjármálafyrirtæki sér stöðu sína með þessum hætti kann það að skaða hagsmuni neytenda. Það fer nokkuð eftir hvernig samkeppnisumhverfi verður í greininni. Eðli máls samkvæmt er mest hætta á skaðlegum áhrifum aðkomu fjármálafyrirtækja með þessum hætti í atvinnugreinum sem einkennast af fákeppni. Nefndin hefur fengið erindi frá rekstraraðilum sem telja sig hafa orðið fyrir skakkaföllum vegna aðkomu fjármálafyrirtækja að rekstri samkeppnisaðila. Þau mál eru til skoðunar, ef ástæða þykir til mun nefndin senda álit til FME hvað varðar einstök mál.

- *Meðan á vinnu við lausn á skuldavanda fyrirtækja stendur kann að reynast nauðsynlegt að halda áfram innheimtu skulda til að gæta hagsmuna fjármálafyrirtækis. Með innheimtu er átt við innheimtu samkvæmt innheimtulögum nr. 95/2008 eða löginnheimtu samkvæmt réttarfarslögum.*

Í þeim úrtaksmálum sem nefndin skoðaði hefur ekki reynt á þetta atriði. Fjármálafyrirtækin afhentu nefndinni ekki málefni félaga sem hlotið höfðu kyrrstöðusamninga fyrr en um miðjan september eftir að nefndin gekk sérstaklega á eftir þeim. Í bréfi nefndarinnar í febrúar 2010 til fjármálafyrirtækja var farið fram á að fá „lista yfir viðskiptavini sem óskað hafa eftir eða hlotið aðlögun eða endurskiplagningu skulda sinna ásamt gögnum eða skrám þar sem fram kemur hvort að fallist hafi verið á beiðni um aðlögun eða endurskipulagningu miða við 31. janúar 2010.“ Nefndin fór einnig fram á það á fundum í Arion banka, Íslandsbanka og Landsbanka að öll gögn fram til 30. júní væru vistuð á svæði nefndarinnar inn í viðkomandi banka, þau væru síðan uppfærð reglulega. Nefndin hefur ekki ótakmarkað aðgengi að upplýsingum innan bankanna og verður því að treysta á að starfsmenn bankanna upplýsi hana um hvaða samningar eru gerðir við fyrirtæki í skuldavanda.

- *Ekki er gert ráð fyrir því að niðurfelling skulda breyti neikvæðri eiginfjárstöðu í jákvæða. Á hinn bóginn er henni ætlað að styrkja efnahag fyrirtækja til lengri tíma.*

Eigið fé fyrirtækja er skilgreint með ólíkum hætti. Skilgreining skattalöggjafarinnar er önnur en skilgreining ársreikningalaga og enn aðra skilgreiningu má finna í alþjóðlegum reikningsskilastöðum. Bókfært virði eigin fjár fyrirtækja er þar af leiðandi ekki

samanburðarhæft nema reikningsskil séu gerð með sambærilegum hætti. Eigið fé samkvæmt ársreikningi er því ekki endilega góður mælikvarði á verðmæti fyrirtækis. Fjármálastofnanir sem nefndin hefur verið í sambandi við meta eigið fé fyrirtækja með hliðsjón af heildarvirði eigna þeirra eða endurmetnu virði eigna að frádregnum skuldum. Nefndin gerir ekki athugasemd við þá skilgreiningu.

Nánari umfjöllun um verðmat fyrirtækja er að finna í kafla 7.1.2.1 undir liðnum *Verðmæti fyrirtækis með hliðsjón af áætluðu sjóðstreymi*. Þar er meðal annars fjallað um skuldsetningarhlutfall af heildarvirði eða virði undirliggjandi eigna eftir að eigendur hafa greitt inn aukið eigið fé.

- *Fjármálfyrirtæki leitast við að hafa verklag eins gegnsætt og völk er á. Í því felst að allar ákvarðanir um skuldbreytingar og breytingar á skilmálum skulu fara í gegnum nákvæmlega skilgreint ferli hjá kröfueigendum og skal bókað sérstaklega um allar ákvarðanir og þær varðveisittar hjá kröfueiganda. Fara verður eftir sambærilegu ferli og gildir um lánveitingar og tryggja þarf hlutlægni við ákvarðanatöku.*

Eins og fram hefur komið voru SFF reglurnar ekki staðfestar af FME fyrr en í mars 2010. Fram að þeim tíma byggðu fjármálfyrirtækin afgreiðslu sína á eigin verklagsreglum. Á grundvelli sameiginlegu reglnanna hafa fjármálfyrirtækin útfært nánari úrræði. Nefndin hefur bent á að forsenda gagnsæis er að viðskiptavinir þekki ekki aðeins hinar almennu reglur SFF heldur geti einnig áttað sig á hvaða úrræði eru í boði fyrir skuldara. Landsbankinn hafði birt úrræði á heimasíðu sinni í byrjun ágúst 2010. Nefndin gerði athugasemd við Íslandsbanka og Arion banka þess efnis að viðskiptavinir gætu ekki áttað sig á hver úrræði þeirra á grundvelli reglnanna væru. Íslandsbanki brást hratt við og birti úrræði sín á heimasíðu sinni um miðjan ágúst 2010 og Arion banki í byrjun september 2010.

- *Þar sem fyrirsjáanlegt er að greiðslugeta sé engin eða mjög takmörkuð verður þannig ekki séð að önnur úrræði séu tæk en að leita fullnustu í eignum lántakanda*

Athuganir nefndarinnar hafa leitt í ljós að fjármálafyrirtækin leggja mat á greiðslugetu fyrirtækja. Við úrlausn mála fyrirtækja þar sem rekstrargrundvöllur er horfinn, komast eigendur og fjármálafyrirtæki oft að samkomulagi um að fjármálafyrirtækin leysi til sín eignir og gengið er frá uppgjöri sjálfsskuldaábyrgða sé um þær að ræða. Nefndin hefur beint þeim tilmælum til fjármálafyrirtækjanna að þau setji mjög skýrar reglur um uppgjör og niðurfellingar sjálfsskuldarábyrgða.

Sérstaklega er tekið fram í athugasemdum við frumvarp til laga um sértæka skuldaaðlögun að eignarhalds- og fjárfestingarfyrirtæki, sem hvorki hafa sjóðstreymi né eignir, muni almennt ekki eiga þess kost að fá niðurfelldar skuldir þar sem fyrirsjáanlegt sjóðstreymi þeirra væri takmarkað og eignir ekki til staðar. Hér er því gefið í skyn hvað ekki skuli gert.

- *Horfa skal til áhrifa endurskipulagninga fyrirtækis á sveitarfélög út frá byggðasjónarmiðum. Ef kostur er skal velja þá leið sem jákvæðust áhrif hefur á atvinnustig og byggðaþróun.*

Þetta ákvæði kom inn í SFF reglur eftir samráð við Landbúnaðar- og sjávarútvegsnefnd Alþingis. Það er skilningur nefndarinnar er að þetta ákvæði ýti ekki öðrum sjónarmiðum til hliðar, þannig er nauðsynlegt að sjóðstreymi sé jákvætt. Athuganir nefndarinnar hafa leitt í ljós að ekki er um mörg mál að ræða þar sem reynir á þetta ákvæði. Þó eru nokkur slík mál í vinnslu.

7.1.6 Helstu gögn við mat og úrvinnslu mála

Áður en fjárhagsleg endurskipulagning á sér stað gerir fjármálafyrirtæki kröfu um eftirfarandi upplýsingar og gögn eftir því sem við á:

- *Staðfestar og/eða endurskoðaðar upplýsingar um rekstur, efnahag og sjóðstreymi fyrirtækis síðustu ára með skýringum.*

Athuganir nefndarinnar hafa leitt í ljós að verulegur brestur er á að áritaður ársreikningur sé fyrirliggjandi þegar ákvörðun um eftirgjöf skulda í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu er tekin. Ákvörðun er oft og tíðum byggð á drögum að uppgöri fyrirtækja þrátt fyrir að langt sé liðið frá árslökum. Nefndinni er ljóst að í mörgum tilvikum hafa fjármálafyrirtæki mjög greiðan og góðan aðgang að gögnum um rekstur fyrirtækjanna, þó ekki sé um áritaðan ársreikning sé að ræða. Athugasemd hefur verið send til stjórnenda fjármálafyrirtækjanna um að ekki liggi fyrir árituð gögn frá eigendum fyrirtækja þegar ákvörðun um fjárhagslega endurskipulagningu er tekin.

- *Fjárhagsáætlun fyrir næstu 3-5 ár sem sýnir áætlaðan rekstrarreikning og efnahagsreikning og sjóðstreymi, ásamt sögulegum rekstrartölum. Einnig yfirlit yfir helstu áhrifabætti og forsendur áætlana.*

Athuganir nefndarinnar hafa leitt í ljós að rekstraráætlun er yfirleitt til staðar. Í minni fyrirtækjum hefur í nokkrum tilvikum verið misbrestur á að helstu forsendur hafi verið skýrt fram settar. Hefur það átt sér eðlilegar skýringar. Rekstrar- og sjóðstremisáætlun liggur fyrir hjá stærri fyrirtækjum og efnahagsáætlun í undantekningatilvikum. Þrátt fyrir að efnahagsáætlun hafi ekki verið stillt upp hjá stærri fyrirtækjum þá er ávallt gert ráð fyrir fjárfestingabörf til þess að geta mætt vexti framtíðar eftir því sem við á.

Eins og fram kemur í byrjun kaflans er ekki alltaf ástæða til að kalla eftir öllum gögnum. Nefndin telur hins vegar mikilvægt að þegar teknar eru ákvarðanir um verulegar eftirgjafir krafna, beri fjármálafyrirtækjum að kalla eftir ýtarlegum gögnum, sannreyna að fyrirliggjandi gögn séu rétt eða nýta sér staðfestingu þriðja aðila. Í sameiginlegum reglum fjármálafyrirtækja eru talin upp ýmis fleiri gögn en þau sem fjallað hefur verið um hér að framan sem fjármálafyrirtæki geta gert kröfu um að fá afhent eftir því sem við á. Í úrtaksmálum nefndarinnar var ekki annað að sjá en að fjármálafyrirtækin hefðu aflað þeirra ganga sem við áttu hverju sinni

7.1.7 Söluferli eigna

Nefndin hefur ekki lokið athugunum sínum á fyrirtækjum sem yfirtekin hafa verið af fjármálfyrirtækjum hvað varðar fjárhagslega endurskipulagningu þeirra áður en þau eru seld til þriðja aðila.

7.2 Úrræði fjármálfyrirtækja

Fjármálfyrirtækin sem hafa mótað sín úrræði og birt eru með þau í stöðugri endurskoðun. Nefndin hefur átt fundi með stjórnendum Arion banka, Íslandsbanka, Landsbanka, Byr og slitastjórnar SPRON og Dróma. Á þeim fundum hefur nefndin farið yfir úrræðin sem boðið er upp á og bent á að í flestum tilvikum gangi úrræðin of skammt til að markmiðum laga um sértæka skuldaaðlögun verði náð, að mati nefndarinnar. Öll fjármálfyrirtækin hafa tjáð nefndinni að úrræðin séu til endurskoðunar, ekki vegna þess að þar séu stjórnendur sammála mati nefndarinnar, heldur vegna þess að ráðrúm hefur gefist í biðstöðunni vegna réttarovissunnar til að endurmetsa úrræðin. Hefur nefndin lagt mikla áherslu á að úrræðin verði að vera til staðar þegar réttarovissunni léttir auk þess sem þá verði að vera starfsfólk hjá fjármálfyrirtækjunum sem er tilbúið til að taka við bæði einstaklingum og fyrirtækjum í sértæka skuldaaðlögun. Mál verði að vera hægt að afgreiða án tafa og flöskuhálsa. Þá þurfi hvort tveggja, lipra verkferla og nægilegan fjölda starfsmanna með þá kunnáttu sem til þarf. Stjórnendur allra bankanna fullyrða að þar sé hafin vinna til að bregðast við auknum málafjölda í kjölfar Hæstaréttardóms um vaxtakjör gengistryggðra bílalána.

Nefndin telur mikilvægt að viðskiptavinir telji hag sínum sem best borgið með því að leita aðstoðar við fjárhagsvanda sínum sem fyrst. Nefndin hefur á fjölda funda farið yfir það með bönkunum að mikilvægt sé að viðskiptavinir geti treyst því að þeir muni njóta betri réttar ef síðari atvik leiða til þess. Bankarnir hafa staðfest það við nefndina að viðskiptavinir geti treyst að meðferð mála sé með þeim hætti.

7.2.1 Almennt um úrræði fjármálafyrirtækja

Fjármálafyrirtæki sem birta á heimasíðum skilmerkilegar upplýsingar um úrræði sín eru þar með að uppfylla kröfur sem gerðar eru til gagnsæis. Með því geta viðskiptavinir þeirra sjálfir verið aðilar að fyrirbyggjandi eftirliti þar sem þeir vita nákvæmlega hvað þeim og öllum öðrum stendur til boða. Þannig geta fjármálafyrirtækin byggt upp traust og trúnað í viðskiptasambandinu. Viðskiptavinir sem eru vel upplýstir geta frekar komið vel rökstuddum ábendingum til umboðsmanna viðskiptavina eða nefndarinnar telji þeir á sér brotið. Fyrirbyggjandi eftirlit er alltaf ákjósanlegra en uppgötvandi.

Mismunandi er að hve miklu leyti fjármálafyrirtækin hafa birt upplýsingar um úrræðin sem fyrirtækjum standa til boða, uppfylli þau skilyrði um fjárhagslegri endurskipulagningu. Almenn úrræði fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki hafa verið birt á heimasíðum Landsbanka, Íslandsbanka og Arion banka. Nefndin hefur farið mjög nákvæmlega yfir úrræði bankanna, eins og þau birtast á heimasíðum þeirra.

Samkvæmt 3. gr. laga um sértæka skuldaaðlögun ber fjármálafyrirtækjum að hafa reglur um skuldbreytingar og breytingar á skilmálum skuldabréfa og lánasamninga aðgengilegar fyrir lántakendur og aðra viðskiptavini þeirra. Til að uppfylla kröfu um gegnsæi telur nefndin mikilvægt að stjórnendur fyrirtækja geti gert sér grein fyrir hvaða úrræði standa til boða.

Helstu upplýsingar sem nefndin telur mikilvægt að viðskiptavinur hafi aðgang að með einföldum hætti á heimasíðu fjármálafyrirtækis eru:

1. Hvað er lagt til grundvallar við skuldsetningu fyrirtækis
 - a. Heildarvirði með hliðsjón af sjóðstreymi
 - b. Eignavirði
 - c. Aðrar tryggingar
2. Hvert er hlutfall skuldsetningar af undirliggjandi mati
 - a. Eigandi leggur fram eigið fé
 - b. Eigandi leggur ekki fram eigið fé

3. Hvernig er greiðslugeta skilgreind á hverju byggir hún
4. Er gerð krafa um eiginfjárframlag
 - a. Hvert er lágmarkshlutfall eiginfjárframlags af undirliggjandi mati
 - b. Er krafa um að eiginfjárframlag eiganda fari til niðurgreiðslu skulda við fjármálafyrirtækið
5. Gera grein fyrir í hvaða mynt lán fyrirtækisins verða eftir fjárhagslega endurskipulagningu
6. Gera grein fyrir hvort lánstími og kjör séu í samræmi við almenn útlánakjör. Ef ekki í hverju er frávikið fólgíð
7. Gera grein fyrir hvort hluti lána er settur í biðlán og þá hversu hátt hlutfall
8. Gera grein fyrir hvert hlutfall niðurfellingar af biðláni, ef um það er að ræða, getur verið
9. Önnur skilyrði ef við á svo sem takmörkun á arðgreiðslum, tilkall fjármálafyrirtækis til söluhagnaðar ef fyrirtæki er selt innan ákveðins tíma o.s.frv.

Mikilvægt er að viðskiptavinur geti fullvissað sig um með einföldum hætti að hans mál hafi fengið meðferð samkvæmt verklagsreglum fjármálafyrirtækisins og úrræði þau sem honum eru boðin séu sambærileg við þau sem viðskiptavinir í sambærilegri stöðu fá.

Hér í köflunum á eftir er farið yfir almenn úrræði nokkurra fjármálafyrirtækja fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.

7.2.1.1 *Arion banki*

Kaflar 5.5 og 6.4 í Reglum Arion banka um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja, fjalla um úrræði bankans, sjá fsk. nr. 3. Úrræðin eiga við um bæði lítil og stór fyrirtæki. Nefndin gerði athugasemd um að viðskiptavinir gætu ekki áttað sig á, þegar þeir hefðu fengið samþykkt að fyrirtækið væri hæft í fjárhagslega endurskipulagningu, hvað það gæti þýtt fyrir viðkomandi fyrirtæki. Bankinn brást vel við tilmælum nefndarinnar, birti Arion banki ýtarleg úrræði fyrir fyrirtæki í skuldavanda á heimasíðu sinni í byrjun september 2010.

Í úrræðum bankans er gerð grein fyrir hvað Arion banki telur vera hámarks skuldsetningu fyrirtækja og hvernig greiðslugeta er skilgreind.

Viðskiptavinur bankans getur gert sér grein fyrir við hvað er lagt til grundvallar þegar bankinn ákvarðar skuldsetningu fyrirtækisins. Ekki er gerð grein fyrir hve hátt hlutfall viðskiptavinur þarf að greiða inn sem eigið fé. Gerð er grein fyrir að kjör lána og niðurgreiðsluferli taki mið af útlánareglum bankans og lánshæfismati viðskiptavinar. Gerð er grein fyrir í hvaða mynt lán eru í kjölfar fjárhagslegrar endurskipulagningar.

Úrræðin gera ráð fyrir tvenns konar lánum, lánum innan og utan greiðslugetu. Ekki er tilgreint hvað lán innan greiðslugetu þarf að vera hátt hlutfalli af virði fyrirtækis.

Lán utan greiðslugetu er til greiðslu eftir 2-3 ár, en þá er gert ráð fyrir endurfjármögnun þess hluta sem reksturinn ber. Nefndin telur að ef lán innan greiðslugetu hefur verið „rétt“ reiknað með hliðsjón af „réttu“ sjóðstreymismati, á fyrirtæki ekki að hafa umfram greiðslugetu að þremur árum liðnum, nema lán innan greiðslugetu séu til skemmri tíma sem er ólíklegt. Bankinn gerir kröfu um að eigandi leggi til eigið fé til lækkunar á biðláni og er þá tilbúinn til að lækka biðlánið hlutfallslega meira en sem nemur eiginfjárframlagi en lækkunin tekur mið af verðmæti biðlánsins að mati bankans á hverjum tímapunkti. Nefndin telur að koma þurfi fram á hverju verðmat biðlánsins er grundvallað eftir þrjú ár og hvernig hlutfallsleg lækkun bankans á móti eiginfjárframlagi getur orði. Ekki er fjallað um hvað verður um eftirstöðvar biðlánsins þegar eigandi getur ekki lagt fram eigið fé.

7.2.1.2 *Íslandsbanki*

Íslandsbanki birtir Úrræði fyrir fyrirtæki, sjá fsk. 4. Reglurnar eru ekki dagsettar en voru á heimsíðu bankans þann 21. ágúst 2010. Nefndin gerði athugasemdir við að nokkur þeirra atriða sem talin eru upp hér að framan vantaði í úrræðin. Bankinn brást vel við þeim athugasemdum, bætti úr að mestu leyti og birti þann 31. ágúst s.l. endurskoðuð úrræði fyrir fyrirtæki.

Í lið 3.3. í úrræðum Íslandsbanka er fjallað um skuldaaðlögun. Þar er gerð grein fyrir hvernig virðismat er framkvæmt á eignum sem stuðst er við þegar skuldsetning fyrirtækis er ákvörðuð. Lán flokkast í A og B lán sem eru innan greiðslugetu og C lán sem er biðlán utan greiðslugetu. Bankinn gerir grein fyrir að lánstími og vaxtakjör lána taki mið af lánareglum bankans.

Eigendur eiga kost á að greiða upp biðlán innan tveggja ára gegn niðurfellingu í þeim hlutföllum sem samið var um í upphafi. Ekki er tilgreint hvaða hlutföll komi hér til greina, sbr. töluliður 8 í kafla 7.2.1. Er þetta eina atriðið sem bankinn taldi ekki tilefni til að birta upplýsingar um. Ef aðili greiðir ekki upp biðlánið en stendur í skilum með allar greiðslur í 3 ár gefur bankinn eftir hluta af skuldum, allt að 110% af verðmæti trygginga. Ekki er gerð krafa um eiginfjárframlag eiganda nema skuldir séu umfram takmörk samkvæmt C lið. Gert er ráð fyrir að fyrirtæki sem hafa tekjur í íslenskum krónum en lán í erlendri mynt nýti möguleika til höfuðstólslækkunar, sem felur í sér að lán í kjölfar fjárhagslegrar endurskipulagningar þeirra fyrirtækja er í íslenskum krónum.

Íslandsbanki skilgreinir eitt af úrræðum sínum sem „Samning um frjáls skuldaskil“. Tekið er fram að slíkt geti átt við ef greining á fjárhagstöðu leiðir í ljós að skilmálabreytingar, höfuðstólslækkun erlendra lána eða skuldaaðlögun henti ekki eða leysi ekki vanda fyrirtækis. Úrræðið felur í sér eftirgjöf skulda. Ekki eru til neinar fastmótaðar útfærslur á úrræðinu „Samning um frjáls skuldaskil“ samanborið við úrræðið „Skuldaaðlögun“. Nefndinni bárust ekki upplýsingar um að bankinn væri að beita þessu úrræði fyrr en í byrjun september. Var það þrátt fyrir að nefndin hefði ítrekað að gera þyrfti henni grein fyrir öllum málum sem fælu í sér fjárhagslega endurskipulagningu sama hvaða nafni hún nefndist. Að þessum sökum hefur nefndin ekki getað skoðað hvort úrræðið uppfylli skilyrði laga um sérteka skuldaaðlögun.

Nefndin áréttar að samningar um frjáls skuldaskil á vissulega við ef kröfuhafar eru margir eða viðkomandi fjármálafyrirtæki er ekki aðalkröfuhafi enda er í slíkum tilvikum er erfitt að fylgja

úrræðum eins kröfuhafa umfram aðra. Slíkir samningar hljóta því alltaf að byggjast á samkomulagi.

7.2.1.3 *Landsbankinn*

Landsbankinn birti Aðgerðir Landsbankans gagnvart fyrirtækjum í erfiðleikum á heimasíðu sinni en þar var fjallað um úrræði bankans. Nefndin kom á framfæri athugasemdum við starfsmenn bankans og þann 20. september voru birt á heimasíðu bankans Úrræði Landsbankans til aðstoðar fyrirtækjum í erfiðleikum, en eru það endurskoðuð úrræði m.t.t. athugasemda nefndarinnar sjá fsk. 5.

Bankinn gerir grein fyrir hvernig virðismat er framkvæmt á eignum sem stuðst er við þegar skuldsetning fyrirtækis er ákvörðuð. Tilgreint er hvað samanlögð skuldsetning og eiginfjárframlag eiganda eigi að vera að lágmarki. Gerð er grein fyrir hver eftirgjöf bankans er á móti eigin fjár framlagi eiganda yfir 10% og að hvaða hámarki sú eftirgjöf getur verið. Bankinn tilgreinir hlutfall skuldsetningar ef eigandi kemur ekki inn með eigið framlag. Hér er einnig tekið á því hvað eftirgjöf skulda geti að hámarki verið, í hvaða mynt lán eru eftir endurskipulagningu, svo og aðrir skilmálar. Ekki er gerð grein fyrir í hvaða hlutföllum biðlán er af heildarvirði, sbr. tölulið 7 í kafla 7.2.1.

7.2.1.4 *Önnur fjármálafyrirtæki*

Önnur fjármálafyrirtæki vinna eftir sameiginlegum reglum SFF um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja. Eftir því sem nefndin hefur upplýsingar um, hafa þau sömu fjármálafyrirtæki ekki birt úrræði sín á grundvelli reglnanna eða gert þau aðgengileg með öðrum hætti.

7.2.2 Breytingar á úrræðum fjármálafyrirtækja

Nú eru liðin tæp tvö ár frá hruni íslensks efnahagslífs. Nefndin telur sig merkja mjög glöggt að á þeim tíma hafi viðhorf starfsmanna fjármálafyrirtækja gagnvart skuldurum og skuldauppgjöri

tekið miklum breytingum. Væntingar starfsmanna fjármálafyrirtækja voru í byrjun að meginhluti lána myndi innheimtast. Harka einkenndi framgöngu bankanna, ekki var vilji til að gefa eftir kröfur og hefur það m.a. leitt einhverja í þrot á þeim tíma.

Frá og með haustmánuðum 2009 hófst markviss vinna við að leita leiða til að koma einstaklingum og fyrirtækjum til aðstoðar. Lög um sértæka skuldaaðlögun um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja voru sett. Fjármálafyrirtækin unnu að því að útfæra sameiginlegar reglur fjármálafyrirtækja um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja. Reglurnar voru staðfestar af FME 2. mars 2010. Þar er leitast við að setja fram viðmið byggð á lögunum til að tryggja samræmi í vinnubrögðum við úrvinnslu mála. Í reglunum eru sett fram þau skilyrði sem fyrirtækin þurfa að uppfylla til að eiga kost á fjárhagslegri endurskipulagningu. Það að eiga rétt á fjárhagslegri endurskipulagningu er aðeins fyrsta skref í ferlinu fyrir fyrirtækin. Lagt er til grundvallar að fjármálafyrirtækin útfæri á grundvelli SFF reglna úrræðin sem fyrirtækjunum standa til boða eigi þau kost á fjárhagslegri endurskipulagningu. Jafn mikilvægt er að útfærsla úrræðanna hjá sérhverju fjármálafyrirtæki sé skýr og aðgengileg fyrir fyrirtæki í skuldavanda. Misjafnt var hve langt vinna við útfærslu úrræðanna var komin á haustmánuðum 2010. Fjármálafyrirtækin eru með úrræðin í stöðugri endurskoðun enda hefur komið á daginn að nauðsyn til eftirgjafar er meiri en gengið var út frá við setningu laganna.

Nefndin vill í þessu sambandi taka dæmi um Landsbankann og úrræði hans fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Á haustmánuðum 2009 var farið að bjóða upp á 110% leið ef eigendur greiddu inn eigið fé og 125% leið ef eigandi gat ekki greitt inn eigið fé að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Skuldsetning ásamt framlagi eiganda nam 110% af virði endurmetinna eigna eða heildarvirði fyrirtækis eftir því hvort var hærra, að viðbættu virði annarra trygginga. Landsbankinn féll frá þessu á vormánuðum 2010 og lækkaði hlutfallið úr 110% í 100% og 125% í 115%. Þann 20. september 2010 breytti Landsbankinn enn á ný úrræðum sínum. Var nú komið inn í ákvæði í 100% leiðina að ef eigandi leggur fyrirtækinu til meira en 10% virði fyrirtækisins þá gefi bankinn eftir 1,5 kr. á móti 1 kr. eiganda allt að 70% skulda af virði fyrirtækisins. Hvað

varðar 115% leiðina þá er hlutfallið lækkað í 100% og lágmarksskuldsetning hækkar úr 500 millj. kr. í 750 millj. kr. , einnig er tiltekið að hluti lána geti farið á eingreiðslulán.

Nefndin benti starfsmönnum Landsbankans á að þau fyrirtæki sem fengu úrlausn sinna mála samkvæmt leiðum sem boðið var upp á fram til 20. september 2010 væru ekki að njóta jafnræðis við þau félög sem fengju lausn sinna mála eftir breytingu. Landsbankinn hefur staðfest við nefndina að hafa þegar boðið þeim fyrirtækjum sem gengu frá sínum málum fyrir maí 2010. Einnig hefur Landsbankinn staðfest við nefndina að fyrirtækjum verður boðin endurupptaka á málum sem gegnið hefur verið frá fram til 20. september 2010. Nefndin telur slík vinnubrögð til fyrirmynðar.

Nefndin telur mikilvægt að viðskiptavinir telji hag sínum sem best borgið með því að leita aðstoðar við fjárhagsvanda sínum sem fyrst og þeir geti treyst því að njóta betri réttar ef þær aðstæður koma upp samanber endurupptaka mála Landsbankans.

7.2.3 Kyrrstöðusamningar

7.2.3.1 *Almennt*

Í gögnum þeirra úrtaksmála sem nefndin skoðaði var hvergi um skriflega kyrrstöðusamninga eða „Standstill“ samninga að ræða. Nefndin heyrði fyrst um slíka samninga í fjölmöðlum tengt samningum Arion banka við Jóhannes Jónsson og Gaum ehf. í byrjun september. Nefndin óskaði þá þegar eftir upplýsingum um slíka samninga hjá Arion banka, Íslandsbanka og Landsbanka. Farið var fram á að gerð yrði skrifleg grein fyrir skilyrðum þess að fyrirtæki geti fengi kyrrstöðusamninga og í hverju þeir felast. Þá óskaði nefndin eftir því að fá afhenta lista yfir öll fyrirtæki sem gengið hefðu frá slíkum samningum við bankana og að samningarnir yrðu settir á vinnusvæði nefndarinnar. Hafa Arion banki og Íslandsbanki þegar veitt nefndinni aðgang að slíkum samningum en Landsbankinn er enn að vinna í því.

Með einföldum hætti má segja að kyrrstöðusamningar fela í sér að ekki þarf að borga afborganir af lánum og öllum innheimtuaðgerðum er frestað tímabundið með ákveðnum

skilyrðum. Kyrrstöðusamningar fela alla jafna ekki í sér eftirgjöf höfuðstóls eða reiknaðra vaxta. Í sumum tilvikum er um fastar greiðslu til kröfuhafa að ræða á tímabilinu en það á einkum við þegar um samninga til lengri tíma er að ræða. Einn lánveitandi (banki) eða fleiri saman geta staðið að slíkum samningum gagnvart skuldara. Í flestum tilvikum er verið að veita skuldara tækifæri til að endurskipuleggja fjármál sín og samið um að stefnt skuli að því að fjárhagslegri endurskipulagningu verði lokið á gildistíma samningsins. Kyrrstöðusamningar eru einnig notaðir til að skapa kröfuhöfum færi á að greina stöðu fyrirtækis og leggja nánara mat á stöðu þess. Í sumum tilvikum fær skuldari svigrúm til að freista þess að greiða úr flókinni stöðu kröfuhafa eða að fá niðurstöðu um lögmæti krafna. Bankarnir hafa ekki sett sér verklagsreglur um skilyrði þess að viðskiptavinir geti fengið slíka samninga né innihald þeirra. Hins vegar má segja að leggja megi til grundvallar að skilyrði þess að gerðir séu slíkir samningar við fyrirtæki að endurheimtur á skuldum verði betri en ef samningurinn hefði ekki verið gerður. Slík tilvik geta t.d. verið þegar brýn lausafjárbörf getur skaðað rekstur og frestun á afborgunum við stærstu kröfuhafa er nauðsynleg til að tryggja áframhaldandi rekstrargrundvöll.

Mismunandi er hvernig farið er með vaxtagreiðslur. Oftast er samið um að ekki þurfi að greiða vexti á tímabilinu, það fer þó alveg eftir tímalengd samningsins. Þá er einnig samið um að dráttarvextir greiðist ekki heldur samningsvextir og þá þannig að samningsvextir leggjast við höfuðstól. Tímalengd samninganna er mjög mismunandi allt frá nokkrum dögum eða vikum upp í nokkur ár. Styttri samningar t.a.m. til tveggja eða þriggja mánaða eru gjarnan framlengdir og þá vegna þess að ekki hefur tekist að ljúka fjárhagslegri endurskipulagningu.

Eins og bankarnir greina frá hafa þeir í raun gert óformlega samninga við viðskiptavini sína um tímabundnar lausnir á skuldavanda svo sem almennri og sérstakri greiðslufryrstingu og er innheimtuaðgerðum ekki beitt á meðan. Má segja að slíkir samningar feli í sér kyrrstöðu þar sem vanefndir viðskiptavina leiða ekki til fullnustuaðgerða bankanna. Meginmunurinn á þeim og hinum formlegu kyrrstöðusamningum sem lýst er hér að framan, er að bankarnir ákveða þá meira og minna einhliða hversu langan tíma greiðslufrystingin varir, þeir geta hafið fullnustuaðgerðir hvenær sem er auk þess sem dráttarvextir reiknast á tímabilinu.

Samkvæmt SFF reglunum, grein 6.2., er tekið fram að á meðan á vinnu við lausn á skuldavanda fyrirtækja standi, kunni að reynast nauðsynlegt að halda áfram innheimtu skulda til að gæta hagsmuna fjármálfyrirtækis. Á grundvelli þessarar reglu er því fyllilega lögmætt að viðhalda fullnustugerðum samhliða fjárhagslegri endurskipulagningu og reiknaðir eru dráttarvextir á lán í vanskilum. Arion banki segir það meginreglu hjá bankanum að fullnustuferli fari fram samhliða úrlausnarferli meðan Landsbankinn telur það leiða af eðli mál og heilbrigðri skynsemi að ekki sé unnt að bjóða viðskiptavinum upp á annað en fresti á innheimtuaðgerðum.

Engar upplýsingar er að finna t.d. á heimasíðum um möguleika skuldara á því að fá kyrrstöðusamning við bankana þrjá sem nefndin fór fram á að veittu upplýsingar um slíka samninga. Þar sem nefndin hefur ekki haft tök á að gaumgæfa samningana sem um ræðir, hefur nefndin ekki tekið afstöðu til þess hvort slíkir samningar kunni að fela í sér mismunun sem felur í sér brot á lögum um sértæka skuldaaðlögun. Eins og margoft hefur verið fjallað um er tilgangur laga um sértæka skuldaaðlögun að ljúka fjárhagslegri endurskipulagningu heimila og fyrirtækja fyrir lok árs 2011. Kyrrstöðusamningar fram yfir þann tíma fela í sér að beðið er með fjárhagslega endurskipulagningu þeirra fyrirtækja. Fyrir því þurfa að liggja mjög góð rök að mati nefndarinnar. Nefndin telur að fjármálfyrirtæki eigi að setja sér skriflegar verklagsreglur um slíka samninga og beri að greina frá hver skilyrði slíkra samninga eru á heimasíðum.

7.2.3.2 *Tengsl kyrrstöðusamninga og ábyrgða stjórnarmanna*

Samkvæmt 2. mgr. 64. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. hvílir sú skylda á bókhaldsskyldum skuldara að gefa bú sitt upp til gjaldþrotaskipta þegar hann getur ekki staðið í fullum skilum við lánardrottna sína þegar kröfur þeirra falla í gjalddaga og ekki verður talið sennilegt að greiðsluörðugleikar hans muni líða hjá innan skamms tíma. Ekki kemur fram hvaða afleiðingar það hefur í för með sér þegar þessari lagaskyldu er ekki framfylgt. Með lögum nr. 95/2010 var bætt við nýum málslíð við 2. mgr. 64. gr. gjaldþrotaskiptalaga nr. 21/1991 sem er svohljóðandi:

Nú láta þeir sem bærir eru um að taka ákvörðun um að leita gjaldþrotaskipta á búi slíks skuldara sem ekki er einstaklingur það hjá líða og bera þeir þá skaðabótaábyrgð gagnvart lánardrottnum skuldarans að því leyti sem þeir fara af þessum sökum á mis við fullnustu krafna sinna, enda sýni þeir ekki fram á að sú vanræksla hafi ekki verið þeim saknæm.

Í athugasemdum með frumvarpi til laga 95/2010 kemur fram að verið er að lögfesta reglu um skaðabótaábyrgð stjórnenda fyrirtækja sem hafi verið viðurkennd í framkvæmd og fræðikenningum. Lánardrottnar fái samkvæmt ákvæðinu bótarétt að því leyti sem þeir fara á mis við fullnustu krafna sinna vegna þess að fyrirtæki er ekki gefið upp til gjaldþrotaskipta þegar aðstæður eru þær sem lýst er í 2. mgr. 64. gr.

Eins og nú háttar til hafa fjármálafyrirtæki tekið yfir hlutafé í fjölmögum fyrirtækjum að hluta eða öllu leyti. Við þær aðstæður taka fulltrúar fjármálafyrirtækja sæti í stjórnum fyrirtækja með tilheyrandi ábyrgð. Vegna hinnar erfiðu aðstöðu sem flest fyrirtækja eru nú í má reikna með að fyrirtækin geti ekki staðið í fullum skilum við lánardrottna sína. Fjármálafyrirtæki sém og önnur fyrirtæki leitast við að tryggja skaðleysi fulltrúa sinna í stjórnum fyrirtækja m.a. með kyrrstöðusamningum.

Eins og fram kemur í kafla 7.2.3.1. er það mat nefndarinnar að fjármálafyrirtækjum beri að setja sér skýrar verlagsreglur um skilyrði kyrrstöðusamninga og gera aðgengilegar til að auka gegnsæi.

7.2.4 Dæmi um úrræði fjármálafyrirtækja

Fjármálafyrirtækin fylgja sömu reglum um skilyrði fjárhagslegrar endurskipulagningar. Mismunandi úrræði fjármálafyrirtækjanna á grundvelli reglnanna leiða til þess að skuldsetningarhlutfall sambærilegra fyrirtækja er ólíkt milli fjármálafyrirtækja eftir fjárhagslega endurskipulagningu. Á sama tíma og nefndin leggur áherslu á að úrræði fjármálafyrirtækjanna geta verið mismunandi, telur nefndin gagnlegt að sýna að hvaða leyti þau leiða til ólíkrar niðurstöðu. Nefndin tekur enga afstöðu til úrræðanna sem slíkra en bendir á nokkur atriði sem þarf að hafa í huga í kafla 7.2.1. Taka verður skýrt fram að ekki er um samanburð að ræða

heldur er framsetningin hugsuð til að gera betri grein fyrir úrræðunum sem slíkum. Með einföldum dæmum er auðveldara fyrir skuldara að átta sig á hvaða áhrif það hefur á eiginfjárvættu og skuldsetningu að greiða inn eigið fé til reksturs. Við uppstillingu úrræðanna komu í ljós óvissuþættir í útfærslunni sem nefndin mæltist til að fjármálafyrirtækin útskýrðu og/eða útfærðu nánar.

Hér að neðan er stillt upp úrræðum fjármálafyrirtækja fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Lesendum skýrslunnar er bent á að hér er verið að stilla upp mjög einfaldri mynd. Fjárhagsleg endurskipulagning fyrirtækja er mjög flókin og tekur oft og tíðum langan tíma.

Fjármálafyrirtækið hefur lagt mat á að almenn úrræði duga ekki fyrirtækinu og það hefur uppfyllt allar kröfur um fjárhagslega endurskipulagningu samkvæmt SFF reglum. Forsendur eru eftirgreindar í öllum dæmunum:

- Verðmat hefur farið fram heildarvirði og endurmetið eignavirði er það sama eða 750 millj. kr.
- Skuldir innan greiðslugetu er metnar 675 millj. kr.
- Heildarskuldir við fjármálafyrirtækið, sem er eini kröfuhafinn, eru 1,5 milljarðar kr.
- Þar fyrir utan er daglegur rekstrarkostnað sem greiðist mánaðarlega.
- Fyrirtækið á eina undirliggjandi eign.
- Eigandi hefur verið metinn hæfur til að reka fyrirtækið áfram.
- Tekjur fyrirtækisins eru í íslenskum krónum.
- Ekki hefur verið tekið tillit til vaxta í útreikningnum.
- Allar tölur í dæmunum eru í þús. kr.
- Ekki er um sjálfskuldarábyrgðir að ræða.

Í dæmi A er gert ráð fyrir að ígildi eiginfjárvramlags eiganda verði með einum eða öðrum hætti 10% af virði fyrirtækis.

Í dæmi B er gert ráð fyrir að eigandi geti ekki lagt fram fjármagn.

7.2.4.1 Úrræði Arion banka

Lítil og meðalastór fyrirtæki í fjárhagslegum erfiðleikum í viðskiptum við Arion banka eiga rétt á eftirfarandi úrræðum. Skuldir fyrirtækis eru færðar niður í 100% af virði fyrirtækis, stuðst er við heildarvirði eða endurmetið eignavirði hvort sem er hærra, skuldir umfram 100% eru gefnar eftir af hendi bankans. Eftirstöðvum skulda er skipt upp í lán innan greiðslugetu fyrirtækis, og lán utan greiðslugetu fyrirtækis. Lán innan greiðslugetu, lánstími og kjör ráðast af undirliggjandi veðum í samræmi við útlánareglum bankans og lánshæfismati viðskiptavinar. Lán utan greiðslugetu er sett á biðlán til 2-3 ára með 2% óverðtryggðum föstum vöxtum.

Dæmi A

Til að styrkja efnahag fyrirtækisins gerir bankinn þá kröfu að eigendur leggi til fyrirtækinu eigið fé sem komi til lækkunar á biðláni, gegn hlutfallslega meiri eftirgjöf bankans. Hvert hlutfall eftirgjafar bankans er, ræðst af verðmæti biðlánsins að mati bankans á hverjum tímapunkti. Í dæminu hér að neðan er gert ráð fyrir að hlutfallsleg eftirgjöf sé 100% á móti eiginfjárframlagi.

| | |
|---|-----------|
| Verðmat fyrirtækis | 750.000 |
| Heildarskuldir fyrir fjárhagslega endurskipulagningu | 1.500.000 |
| Eftirgjöf skulda af hendi bankans við upphaf fjárhagslegrar endurskipulagningar | -750.000 |
| Heildarskuldir eftir eftirgjöf 100% af virði fyrirtækis | 750.000 |
| | 675.000 |
| Lán innan greiðslugetu, lánstíml og kjör ráðast af undarliggjandi veði | 675.000 |
| | 75.000 |
| Lán utan greiðslugetu, biðlán til 2-3 ára, 2% fastir óverðtr. vextir bætast við höfuðstól | -37.500 |
| Eigandi greiðir inn á biðlánið | -37.500 |
| Eftirgjöf banka af biðláni á móti greiðslu frá eiganda | 0 |
| Eftirstöðvar biðláns | 675.000 |
| | -37.500 |
| Skuldir fyrirtækis áður en eigandi greiðir inn á lánið | 637.500 |
| Eigandi greiðir það sem umfram 37,5 millj. kr. inn á lán innan greiðslugetu | 85% |
| Skuldsetning fyrirtækis eftir fjárhagslega endurskipulagningu | |
| Hlutfall skuldsetningar fyrirtækis eftir fjárhagslega endurskipulagningu | |

Dæmi B

Arion banki gerir alltaf kröfu um eigið fé en ef eigandi getur ekki lagt fram eigið fé er biðlánið sett til þriggja ára. Að þeim tíma liðnum er málið tekið upp að nýju og það endurskoðað. Í dæminu er gengið út frá að eigandi hefur ekki greitt upp biðlánið og kemur því til endurmats á eignum og staða láns metin. Til einföldunar hefur virðismat eigna ekki breyst að þremur árum liðnum.

| Verðmat fyrirtækis | 750.000 |
|--|-----------|
| Heildarskuldir fyrir fjárhagslega endurskipulagningu | 1.500.000 |
| Eftirgjöf skulda af hendi bankans við upphaf fjárhagslegrar endurskipulagningar | -750.000 |
| Heildar skuldir eftir eftirgjöf 100% af virði fyrirtækis | 750.000 |
| Lán innan greiðslugetu, lánstími og kjör ráðast af undarliggjandi veði | 675.000 |
| Lán utan greiðslugetu, biðlán til 2-3 ára, 2% fastir óverðtryggðir vextir bætast við höfuðstól | 75.000 |
| Skuldsetning fyrirtækis eftir fjárhagslega endurskipulagningu | 750.000 |
| Hlutfall skuldsetningar fyrirtækis eftir fjárhagslega endurskipulagningu | 100% |

<http://www.arionbanki.is/?pageid=5724&preview=true&nc=1#3>

7.2.4.2 Úrræði Íslandsbanka

Lítil og meðalastór fyrirtæki í fjárhagslegum erfiðleikum í viðskiptum við Íslandsbanka eiga rétt á eftirfarandi úrræðum. Fyrirtækið nýtur höfuðstólslækkunar samhliða skuldaaðlögun, meðaltal höfuðstólslækkunar var 25%. Eftirstöðvum skulda er skipt upp í lán innan greiðslugetu fyrirtækis og lán utan greiðslugetu fyrirtækis. Lán innan greiðslugetu er að hámarki 110% af verðmæti undirliggjandi veða, einnig getur það verið utan trygginga. Í dæminu hér að neðan er greiðsluhæfi metið 90% af verðmæti undirliggjandi eigna. Lán utan greiðslugetu er biðlán til allt að 3 ára óverðtryggt með kjörvöxtum. Eigandi fyrirtækis á rétt á að greiða upp lánið innan tveggja ára og kemur þá til niðurfelling á móti þeim í hlutföllum sem um var samið í upphafi. Niðurfellingin kemur aðeins til framkvæmda ef staðið hefur verið við greiðslu lána innan greiðslugetu.

Dæmi A

Í dæminu er gengið út frá 10% innborgun af virði fyrirtækis. Bankinn gefur eftir skuldir allt að 110% af virði undirliggjandi eigna. Greiðsla frá eiganda fer því til niðurgreiðslu á 110% skuldsetningu. Til einföldunar hefur virðismat eigna ekki breyst við greiðslu inn á biðlán.

| Verðmat fyrirtækis | 750.000 |
|---|-------------|
| Heildarskuldir fyrir fjárhagslega endurskipulagningu | 1.500.000 |
| Höfuðstólslækkun lána sem fyrirtækið nýtur samhliða fjárhagslegri endurskipulagningu | -375.000 |
| Heildarskuldir eftir höfuðstólslækkun lána | 1.125.000 |
| Lán innan greiðslugetu, lántími og kjör ráðast af veði | 675.000 |
| Lán utan greiðslugetu, biðlán til allt að 3 ára, óverðtryggðir kjörvextir bætast við höfuðstóli | 450.000 |
| Eigandi greiðir inn á biðlánið 10% af virði fyrirtækis innan 2 ára | -75.000 |
| Eftirgjöf banka við innágreiðslu biðláns ef staðið hefur verið í skilum með lán innan greiðslugetu | -225.000 |
| Eftirstöðvar biðláns | 150.000 |
| Eftirgjöf biðláns eftir 3 ár ef staðið hefur verið í skilum með lán innan greiðslugetu | -75.000 |
| Skuldsetning fyrirtækis eftir fjárhagslega endurskipulagningu | 750.000 |
| Hlutfall skuldsetningar fyrirtækis eftir fjárhagslega endurskipulagningu | 100% |

Dæmi B

Í dæminu er gengið út frá að eigandi hefur ekki greitt upp biðlánið og kemur því til endurmats á eignum og staða láns skoðuð. Til einföldunar hefur virðismat eigna ekki breyst að þremur árum liðnum. Bankinn fellir niður biðlán allt að 110% af endurmetnu eignavirði.

| | |
|---|-----------|
| Verðmat fyrirtækis | 750.000 |
| Heildarskuldir fyrir fjárhagslega endurskipulagningu | 1.500.000 |
| Höfuðstóslækkun lána sem fyrirtækið nýtur sámhlíða fjárhagslegri endurskipulagningu | -375.000 |
| Heildarskuldir eftir höfuðstóslækkun lána | 1.125.000 |
| Lán innan greiðslugetu, lánstími og kjör ráðast af veði | 675.000 |
| Lán utan greiðslugetu, biðlán til 3 ára, óverðtryggðir kjörvextir bætast við höfuðstól | 450.000 |
| Eftirgjöf banka að loknum 3 árum, eigandi getur ekki greitt inn á lánið, staðið hefur verið í skilum með lán innan greiðslugetu | -300.000 |
| Eftirstöðvar biðlans, endursamið að loknum 3 árum | 150.000 |
| Skuldsetning fyrirtækis eftir fjárhagslega endurskipulagningu | 825.000 |
| Slutfall skuldsetningar fyrirtækis eftir fjárhagslega endurskipulagningu | 110% |

Íslandsbanki gerir ekki kröfu um greiðslu frá eigendum ef lán fyrirtækis rúmast innan A,B,C lána sjá nánar á heimasíðu bankans.

<http://www.islandsbanki.is/fyrirtaeki/urraedi/>

7.2.4.3 Úrræði Landsbankans

Lítil og meðalastór fyrirtæki í fjárhagslegum erfiðleikum í viðskiptum við Landsbankann eiga rétt á eftifarandi úrræðum.

Dæmi A

Skuldir fyrirtækis eru færðar niður í 100% af virði fyrirtækis, stuðst er við heildarvirði eða endurmetið eignavirði hvort sem er hærra í stærri fyrirtækjum. Í minni fyrirtækjum er stuðst við eignavirði, skuldir umfram 100% eru gefnar eftir af hendi bankans. Ef eigendur greiða inn á lán umfram 10%, er eftirgjöf skulda 1,5 kr. á móti 1 kr. innborgaðri allt að 70% af virði fyrirtækis. Eigandi í dæminu leggur fram 10% eiginfjárframlag sem nýtt er til greiðslu skulda við bankann og því kemur ekki til aukinnar eftirgjafar af hálfu bankans.

| Verðmat fyrirtækis | 750.000 |
|---|-----------|
| Heildarskuldir fyrir fjárhagslega endurskipulagningu | 1.500.000 |
| Eftirgjöf skulda af hendi bankans við upphaf fjárhagslegrar endurskipulagningar | -750.000 |
| Heildarskuldir eftir eftirgjöf 100% af virði fyrirtækis | 750.000 |
| | |
| Eiginfjárframlag eiganda 10% | -75.000 |
| Skuldsetning fyrirtækis eftir fjárhagslega endurskipulagningu, innan greiðslugetu. Lánstíml og kjör ráðast af undirliggjandi veði | 675.000 |
| | |
| Hlutfall skuldsetningar fyrirtækis eftir fjárhagslega endurskipulagningu | 90% |

Dæmi B

Í dæmi B kemur eigandi ekki inn með eigið fé og þar sem skuldir eru umfram 750 millj. kr. á eigandi ekki rétt á 100% leiðinni hjá Landsbanka. Samkvæmt úrræðum Landsbankans geta fyrirtæki sem skulda minna en 750 millj. kr. og uppfylla skilyrði til þess að eigandi komi ekki inn með eigið fé, fengið fjárhagslega endurskipulagningu sem nemur 100% af virði fyrirtækis. Skuldir umfram 100% er gefnar eftir af hendi bankans. Í minni fyrirtækjum er oftast stuðst við eignavirði þegar virði fyrirtækis er metið.

<http://www.landsbanki.is/umlandsbankann/starfsemi/reglur/adgerdirtiladstodarfyrirtaekjumirfideikum/>

7.2.4.4 Úrræði Dróma / Slitastjórnar SPRON

Lítill og meðalastór fyrirtæki í fjárhagslegum erfiðleikum sem voru í viðskiptum við SPRON eiga kost á eftirfarandi úrræðum.

Dæmi A

Skuldir færðar niður í 100% af virði endurmetinna eigna eða af verðmæti fyrirtækis með hliðsjón af áætluðu sjóðstreymi, eftir því hvort er hærra, að viðbættu virði annarra trygginga.

Nýtt eigið fé skal vera í eðlilegu samræmi við fjárhæð nauðsynlegrar niðurfellingar eða verðmat fyrirtækis. Nýtt eigið fé og eftirstöðvar skulda skulu vera samtals að lágmarki 100% af virði fyrirtækis. Nýtt eigið fé greiðist inn á lán fyrirtækis.

| | |
|---|-----------|
| Verðmat fyrirtækis, fasteigna | 750.000 |
| Heildarskuldir fyrir fjárhagslega endurskipulagningu | 1.500.000 |
| Eftirgjöf skulda af hendi bankans við upphaf fjárhagslegrar endurskipulagningar | -750.000 |
| Heildarskuldir eftir eftirgjöf 100% af virði fyrirtækis | 750.000 |
| Lán innan greiðslugetu, lánstíml og kjör ráðast af undarliggjandi veði | 675.000 |
| Eigandi greiðir inn eiginfjárframlag 10% af virði fyrirtækis | -75.000 |
| Skuldsetning fyrirtækis eftir fjárhagslega endurskipulagningu | 675.000 |
| Hlutfall skuldsetningar fyrirtækis eftir fjárhagslega endurskipulagningu | 90% |

Dæmi B

Í dæmi B kemur eigandi ekki inn með eigið fé og þar sem skuldir eru umfram 500 millj. kr. á eigandi ekki rétt á 125% leiðinni hjá Dróma / Slitastjórnar SPRON. Samkvæmt úrræðum Dróma / Slitastjórnar SPRON geta fyrirtæki sem skulda minna en 500 millj. kr. og uppfylla skilyrði til þess að eigandi komi ekki inn með eigið fé, geta fengið fjárhagslega endurskipulagningu sem nemur 125% af virði fyrirtækis. Skuldir umfram 125% er gefnar eftir af hendi bankans.

7.2.5 Áhrif mismunandi aðferða við eftirgjöf krafna

Nefndin hefur skoðað hver áhrif þess eru að fjármálafyrirtæki breytir láni til fyrirtækis í hlutafé en sambærilegt fyrirtæki í eigu einstaklings fær hluta skulda eftirgefnar af hendi fjármálafyrirtækis.

Fjármálafyrirtæki getur komist að þeirri niðurstöðu að fyrirtæki eigi rétt á fjárhagslegrí endurskipulagningu en telur eigendur ekki uppfylla skilyrði um áframhaldandi þátttöku eigenda í rekstrinum. Fjármálafyrirtækið getur þá með samvinnu við eigendur tekið yfir fyrirtækið. Hlutafé er fært niður, bankinn leggur til nýtt hlutafé og er því eigandi fyrirtækisins.

Nefndin vil benda á ólíka stöðu fyrirtækja í fjárhagslegrí endurskipulagningu. Annars vegar fyrirtækis sem er enn í eigu eiganda og hins vegar fyrirtækis sem fjármálafyrirtæki hefur tekið yfir, breytt lánum í hlutafé og í kjölfarið selt fyrirtækið til þriðja aðila.

Hér að neðan er sett upp einföld mynd af tveimur fyrirtækjum, annars vegar fyrirtæki A sem er enn í eigu fyrri eiganda og hins vegar fyrirtæki B sem er komið í eigu fjármálafyrirtækis eða aðila tengdu því. Fyrirtæki A og B eru eins að öllu leyti nema eignarhald er ólíkt. Fyrirtækin geta sýnt fram á jákvætt sjóðstreymi til framtíðar. Verðmat er framkvæmt á báðum fyrirtækjunum með hliðsjón af áætluðu sjóðstreymi. Helstu stærðir hvors fyrirtækis um sig eru; verðmat 700 millj. kr., skuldir við fjármálafyrirtæki fyrir fjárhagslega endurskipulagningu 1000 millj. kr., tekuskattsinneign 80 millj. kr. (myndast vegna gengistaps og tímamismunar), fastafjármunir 621 millj. kr. og eigið fé er neikvætt um 299 millj. kr.

Stjórnendum fyrirtækis A uppfylla öll skilyrði til fjárhagslegrar endurskipulagningar að hálfu fjármálafyrirtækisins. Fjármálafyrirtækið gefur eftir skuldir sem eru umfram 100% af virði fyrirtækisins áður en til greiðslu eigin fjár kemur. Stjórnendur A greiða 10% inn í fyrirtækið sem eigið fé og er það nýtt til niðurgreiðslu skulda við fjármálafyrirtækið. Skuldsetning eftir fjárhagslega endurskipulagningu er 630 millj. kr. Fyrirtæki A tekjufærir eftirgjöf skuldar að fjárhæð 300 millj. kr. þar sem fyrirtækið á tekuskattinneign lækkar hún sem nemur 18% af 300

millj. kr. eða um 54 millj. kr. í meðfylgjandi töflu eru sýnd áhrif fjárhagslegrar endurskipulagningar á ársreikning fyrirtækis A. Athuga að tekjuskattinneign er ekki færð upp til eignar nema að miklar líkur séu á að hún nýtist fyrirtækinu í náinni framtíð, til einföldunar var hún færð til eignar í fyrirtæki A og B.

| Fyrirtæki A | Ársreikningur fyrir fjárhagslega endurskipulagningu | Eftirgjöf skulda | Hlutafé greitt inn | Ársreikningur eftir fjárhagslega endurskipulagningu |
|---|---|------------------|--------------------|---|
| Rekstur | | | | |
| Tekjufærsla eftirgjafar skuldar | | 300.000 | | 300.000 |
| Tekjuskattur 18% | | -54.000 | | -54.000 |
| Hagnaður | | 246.000 | | 246.000 |
| Efnahagsreikningur | | | | |
| Eignir | 621.000 | | | 621.000 |
| Tekjuskattsinneign | 80.000 | -54.000 | | 26.000 |
| <i>Eignir samtals</i> | <i>701.000</i> | | | <i>647.000</i> |
| Eigið fé fyrir fjárhagslega endurskipulagningu | -299.000 | | 70.000 | -229.000 |
| Hagnaður af rekstri | | 246.000 | | 246.000 |
| <i>Eigið fé samtals</i> | <i>-299.000</i> | | | <i>17.000</i> |
| Skuldir við fjármálafyrirtæki | 1.000.000 | -300.000 | -70.000 | 630.000 |
| Eigið fé og skuldir | 701.000 | | | 647.000 |

Fjárhæðir í þús. kr.

Fyrirtæki B er í eigu fjármálafyrirtækis eða fyrirtækis því tengdu. Fyrirtækið fer í opið söluferli, kaupandi samþykkir að taka fyrirtækið yfir með 700 millj. kr. skuldsetningu og kaupa hlutafé fyrirtækisins á 1 millj. kr. Fjármálafyrirtækið breytir 300 millj. kr. skuldum í hlutafé. Í meðfylgjandi töflu eru sýnd áhrif fjárhagslegrar endurskipulagningar á ársreikning fyrirtækis B.

| Fyrirtæki B | Ársreikningur fyrir fjárhagslega endurskipulagningu | Skuldum breytt í hlutafé | Ársreikningur eftir fjárhagslega endurskipulagningu |
|--|---|-----------------------------|---|
| Efnahagsreikningur | | | |
| Eignir | 621.000 | | 621.000 |
| Tekjuskattsinneign | 80.000 | | 80.000 |
| Eignir samtals | 701.000 | | 701.000 |
| Eigið fé fyrir fjárhagslega endurskipulagningu | -299.000 | | -299.000 |
| Hlutafjáraukning | | 300.000 | 300.000 |
| Eigið fé samtals | -299.000 | | 1.000 |
| Skuldir við fjármálafyrirtæki | 1.000.000 | -300.000 | 700.000 |
| Eigið fé og skuldir | 701.000 | | 701.000 |
| Fjárhæðir í þús. kr. | | | |

- Staða fyrirtækja er ólík eftir því hvort þau hafa fengið eftirgjöf skulda eða skuldum hefur verið breytt í hlutafé. Fyrirtæki A, sem fékk eftirgjöf skulda, verður að þola lækkun á tekjuskattsinneign sem nemur 54 millj. kr. þ.e. tekjuskattsinneign lækkar úr 80 millj. kr. í 26 millj. kr.
- Breyting skulda fyrirtækis B í hlutafé hefur engin skattaleg áhrif. Fyrirtækið getur nýtt sér tekjuskattinneignina 80 millj. kr. í framtíðinni og er því 54 millj. kr. meira virði en fyrirtæki A.
- Fjármálafyrirtækin geta nýtt sér eftirgefnar kröfur á fyrirtæki A til frádráttar á tekjuskatti. Það ræðst síðan af stöðu söluhagnaðar af sölu hlutabréfa hjá viðkomandi fjármálafyrirtæki hvort tapið af sölu hlutabréfa fyrirtækis B nýtist til frádráttar tekjuskatti fjármálafyrirtækis.

7.3 Ábendingar nefndarinnar á framkvæmd fjárhagslegrar endurskipulagningar fyrirtækja

Úrræði fjármálafyrirtækjanna verða að mati nefndarinnar að vera í samræmi við það skilyrði fyrir fjárhagslegri endurskipulagningu að sjóðstreymi endurskipulagðra fyrirtækja standi undir greiðslu á skuldum eftir endurskipulagninguna. Í kafla 7.2 er fjallað um úrræði fjármálafyrirtækja. Fjármálafyrirtæki hafa verið að skilgreina hluta af skuldum fyrirtækja eftir fjárhagslega endurskipulagningu sem lán utan greiðslugetu og hafa sett þau á biðlán til allt að þriggja ára. Að loknum þeim tíma er oft og tíðum ákvæði um að biðlánin verði endurfjármögnuð með tilliti til greiðsluhæfis. Fjármálafyrirtækin eru ekki tilbúin til þess að birta upplýsingar um hvernig lán þessi verði gerð upp á gjalddaga þeirra. Fjármálafyrirtækin hafa við mat á lánum innan greiðsluhæfis gert ráð fyrir öllum þeim fjármunum sem fyrirtækið hefur til ráðstöfunar til greiðslu afborgana og vaxta. Því verður að koma til veruleg breyting á rekstri eða nýtt fjármagn inn í fyrirtækið á biðtímanum til niðurgreiðslu biðlánsins.

Rök fjármálafyrirtækja fyrir biðlánum eru m.a. að með þeim er skapað svigrúm til frekari endurheimtu ef viðsnúningur verður í rekstri fyrirtækja. Íslenskt atvinnulíf sé að öllum líkindum á botni hagsveiflu og því erfitt að fá inn nýja fjárfesta. Einnig er í flestum tilvikum að eigendur fyrirtækjanna geta gert upp biðlánin innan tiltekins frests og fengið hlutfallslega hærri eftirgjöf. Nefndin telur mikilvægt að fjármálafyrirtækin ljúki fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja og sjái til þess að eigendur og aðrir hagsmunaaðilar svo sem birgjar geti gert sér grein fyrir hver skuldsetning viðkomandi fyrirtækis raunverulega er. Nefndin er ekki að gagnrýna biðlánin sem slík en ákvörðun um uppgjör biðláns á gjalddaga verður að liggja fyrir við lok fjárhagslegrar endurskipulagningar.

Nefndin bendir á ákvæði 1. gr. laga um sértæka skuldaaðlögun þess efnis að fjárhagsleg endurskipulagning skuli leiða til þess að jafnvægi komist á milli virðis eigna og greiðslugetu annars vegar og fjárskuldbindinga hins vegar. Eðlilegt er að skilja það ákvæði á þann veg skuldir eiga að nema að lágmarki 100% af matsvirði eigna eða heildarvirði fyrirtækis eftir fjárhagslega

endurskipulagningu áður en eiginfjárframlag „eiganda“ er greitt inn til niðurgreiðslu skulda við fjármálafyrirtækið. Í athugasemdum með frumvarpinu er einnig tekið fram að á hinn bóginn sé ljóst að með niðurfellingunni er ætlunin að fyrirtæki, styrki efnahag sinn til lengri tíma litið, þannig að breytingar á lánssamningum eru forsenda þess að neikvæð eiginfjárstaða breytist í jákvæða þegar fram líða stundir.

7.4 Ábyrgðir í litlum og meðalstórum fyrirtækjum og ábyrgðir aðila með rekstur í eigin nafni

Í þeim úrtaksmálum sem nefndin hefur skoðað, sést að í litlum og meðalstórum fyrirtækjum er algengt að eigandi/eigendur hafi gengist í ábyrgðir vegna skulda fyrirtækja. Ef litið er til stærri fyrirtækja er ekki algengt að um slíkar ábyrgðir sé að ræða og má segja að það teljist nánast til undantekninga.

Fjármálafyrirtækin hafa mótað sér þá stefnu að gengið verði á ábyrgðamenn þegar fyrirtæki fara í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu. Eigna- og greiðsluhæfi þeirra er metið og ef veðrými er á eignum eru þær veðsettar að því marki sem greiðslugeta viðkomandi gefur tilefni til hverju sinni. Ef viðkomandi aðli getur ekki staðið undir ábyrgðarskuldbindingum sínum er honum boðið að fara í gegnum hefðbundna sértæka skuldaaðlögun. Gilda þá sömu reglur um viðkomandi og aðra viðskiptavini fjármálafyrirtækja sem ekki geta staðið við persónulegar skuldbindingar sínar. Misjafnt er hversu mikill hluti sjálfskuldarábyrgðar er greiddur með þessum hætti enda aðstæður einstaklinga ólíkar. Sem dæmi má nefna að tveir eigendur fyrirtækis geta verið í sameiginlegri ábyrgð en vegna mismunandi eigna- og greiðslugetu greiða þeir ekki sömu fjárhæð til þess að gera upp ábyrgð sína.

Nefndin telur mikilvægt að teknar verði saman upplýsingar um umfang sjálfsábyrgða einstaklinga vegna fyrirtækja. Ef ekkert verður að gert mun fjöldi einstaklinga sem hafa rekið fyrirtæki og gengist í ábyrgðir fyrir þau þurfa á sértækri skuldaaðlögun að halda. Mun það verða í kjölfar gjaldþrots fyrirtækja eða fjárhagslegrar endurskipulagningar þeirra.

Mögulegt er að leysa vanda tengdan sjálfsskuldarábyrgðum með því að fjármálaufyrirtækin sammælist um að fella slíkar ábyrgðir niður að hluta eða að öllu leyti. Fælist í slíkri niðurfellingu jafnræði milli fjárhagslegrar endurskipulagningar stórra fyrirtækja gagnvart litlum og meðalstórum fyrirtækjum og einyrkjum. Líklegt er að slík aðgerð komi mishart niður á fjármálastofnunum. Hugsanlegt er að fjármálaufyrirtækin fjármagni slíka aðgerð sameiginlega með því að stofna afskriftarsjóð vegna sjálfsskuldaábyrgða sem fyrirtækin borgi öll til í samræmi við stærð lánabókar og væri ráðstafað til afskrifta sjálfsskuldaábyrgða og hugsanlega til að kosta aðrar afskriftir sem leggjast misþungt á fjármálaufyrirtæki (ætti einnig við um svokallaðar þriðjamanns ábyrgðir).

8 Ábendingar nefndar

Frá því að nefndin var skipuð hafa nefndarmenn átt ótal fundi, formlega og óformlega, með starfsfólki og stjórnendum í stóru bönkunum þremur auk BYR, Dróma og Frjálsa fjárfestingarbankanum. Á þessum fundum hafa komið upp fjölmörg álitamál er varða framkvæmd sértækrar skuldaaðlögunar. Nefndin hefur spurst fyrir um ákvarðanir er snerta einstök mál. Nefndin hefur farið fram á skýringar og rökstuðning fyrir ákvörðunum og nefndin hefur beðið um skilgreiningar á hugtökum, lýsingar á verkferlum og grennslast fyrir um ábyrgðarsvið. Á þessum fuðum hefur nefndin komið með aðfinnslur og ábendingar ef ástæður hafa verið til og ekki legið á áliti sínu hafi nefndin talið að framkvæmdaatriði væru ekki að fullu í samræmi við lög og reglur. Nefndin vill benda á að starfsmenn fjármálfyrirtækja eru meðvitaðir um ábyrgð sína á erfiðum tínum. Nefndin telur að þeir leggi sig alla fram um að gæta jafnræðis og sanngirni í afgreiðslu mála. Í þessum kafla eru ekki gerð tilraun til að endurtaka aðfinnslur, athugasemdir eða ábendingar sem snerta einstaka mál eða telja verður minniháttar þó fjölmargar hafi verið. Hér verður stiklað á nokkrum stærri málum sem út af standa.

8.1 Almennt um sértæka skuldaaðlög

- Nefndin beinir því til fjármálfyrirtækja að þau komi á fastmótaðri og skipulagðri skráningu beiðna um sértæka skuldaaðlögum einstaklinga og fyrirtækja. Þá vill nefndin að í þá skrá verði allar hreyfingar mála skráðar þannig að fá megi greinargóðar upplýsingar um ferli og hugsanlega flöskuhálsa.
- Réttaróvissa hefur sett úrlausn mála fjölmargra einstaklinga og fyrirtækja í biðstöðu. Nefndin beinir því til fjármálfyrirtækja að þau framlengi fresti sem tengast þeim almennu úrræðum sem hafa verið tímabundið í boði.
- Nefndin beinir því til fjármálfyrirtækja að þeir starfsmenn sem áður störfuðu við útlán til einstaklinga komi ekki að sértækri skuldaaðlögum einstaklinga og að þeir starfsmenn sem áður störfuðu að útlánum til fyrirtækja komi ekki að sértækri skuldaaðlögum fyrirtækja.

- Nefndin beinir því til fjármálafyrirtækja að þau setji sér skriflegar verklagsreglur um kyrrstöðusamninga og birti á heimasíðum.
- Nefndin beinir því til þeirra fjármálafyrirtækja sem hafa sett á stofn embætti umboðsmanns viðskiptavina að þau eflí embættin og geri þau eins sjálfstæð og kostur er. Nefndin leggur áherslu á mikilvægi trúverðugleika umboðsmanns og að fjármálafyrirtækin eflí og styrki þann trúverðugleika eins og kostur er.
- Nefndin beinir því til umboðsmanns skuldara og fjármálafyrirtækja að fjöldi starfsfólks sem vinnur við úrlausn skuldavanda einstaklinga og fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja verði verulega aukinn.
- Nefndin beinir því til fjölmiðla að þeir kynni sér gildandi lög og reglur sem og úrræði einstakra fjármálafyrirtækja við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja, til þess að umfjöllun um þessi mál verði vönduð og fagleg. Nefndin beinir því einnig til fjölmiðla að þeir kynni sér mál sem þeir flytja fréttir af, af kostgæfni og með upplýsingu að leiðarljósi. Nefndin mælist til þess að viðmælendur fjölmiðla verði beðnir um rökstuðning og gögn staðhæfingum sínu til stuðnings. Mikil ábyrgð hvílir á fréttamiðlum sem flytja fréttir þar sem miklir fjárhagslegir hagsmunir einstaklinga, fyrirtækja og almennings eru í húfi.
- Nefndin beinir þeim tilmælum til einstaklinga og fyrirtækja sem eiga við skuldavanda að etja að leita strax til síns viðskiptabanka, eða umboðsmanns skuldara í tilvikum einstaklinga, til að fá úrlausn mála.

8.2 Einstaklingar og heimili

- Í ljós þess hve fáir einstaklingar og fá heimili virðast geta nýtt sér úrræðið um sértæka skuldaaðlögun beinir nefndin því til stjórnavalda og fjármálafyrirtækja að þau taki til endurskoðunar samkomulag sitt um verklagsreglur um téða sértæka skuldaaðlögun einstaklinga. Framkvæmdaatriði verði einnig endurskoðuð.
- Nauðsynlegt er að ríki og sveitarfélög taki til endurskoðunar eftirgjöf skattaskulda og opinberra gjalda.

- Nefndin beinir því til fjármálafyrirtækja að þau setji sér skriflegar verklagsreglur um uppgjör og skilyrði niðurfellingar sjálfskuldaábyrgða einstaklinga. Birta skal verklagsreglurnar á heimasíðum.
- Nefndin beinir því til fjármálafyrirtækja að þau setji bindandi verklagsreglur um endurgreiðslu lána með lánsveði, í þeim tilvikum þegar greiðslugeta lántakandans er ekki fyrir hendi og greiðslugeta veðsala er lítil eða engin.
- Nefndin beinir því til fjármálafyrirtækja að allir einstaklingar sem leita til þeirra og eiga við skuldavanda að etja verði greiðslumetnir til að tryggja að þeir fái tímabundin úrræði svo sem sértæka skuldaaðlögun meðan lögin eru í gildi.
- Nefndin beinir því til fjármálafyrirtækja að leiti starfsmaður fjármálafyrirtækis eftir sértækri skuldaaðlögun verði vinna við skuldaaðlögunina unnin af starfsfólkí annars fjármálafyrirtækis eða umboðsmanni skuldara.

8.3 Fyrirtæki

- Nefndin beinir því til fjármálafyrirtækja sem ekki hafa mótað úrræði fyrir fyrirtæki í skuldavanda að gera slíkt hið fyrsta og birt á heimasíðu.
- Nefndin beinir því til fjármálafyrirtækjanna að þau leitist við að koma á jafnvægi milli virðis eigna og greiðslugetu fyrirtækja í skuldavanda annarsvegar og fjárskuldbindinga þessara fyrirtækja hins vegar, þannig að virði skulda fari ekki umfram virði eigna eða langtímagreiðslugetu.
- Nefndin beinir því til fjármálafyrirtækja að þau skýri með hvaða hætti biðlán verði gerð upp þegar þau koma á gjalddaga.
- Nefndin beinir því til stjórnvalda, samtaka fjármálafyrirtækja, samtaka atvinnulífsins og annarra atvinnurekendasamtaka að búinn verði til farvegur sem tryggi að komu óháðs aðila að verðmati fyrirtækja sem eru í fjárhagslegri endurskipulagningu sem og áætlanagerð.
- Nefndin beinir því til fjármálafyrirtækja að þau taki saman upplýsingar um fjárhæðir og líklegar heimtur sjálfskuldarábyrgða hjá fyrirtækjum og einstaklingum með ótakmarkaða

ábyrgð á sjálfstæðum atvinnurekstri. Skoðað verði að hvaða marki efnisleg og fjárhagsleg rök séu til þess að fella slíkar ábyrgðir niður. Einnig verði skoðað hvort gagnlegt sé að stofna sjóð sem jafni kostnaði við niðurfellingu sjálfsskuldaábyrgða og þriðjamanns ábyrgða milli fjármálafyrirtækja.

9 Áframhaldandi störf nefndarinnar

Nefndin hefur sent fjármálafyrirtækjum eyðublöð til útfyllingar vegna fyrirtækja í fjárhagslegri endurskipulagningu. Skulu fjármálafyrirtækin uppfæra þau eyðublöð mánaðarlega en um er að ræða:

- Eyðublað vegna allra fyrirtækja sem leitað hafa eftir fjárhagslegri endurskipulagningu. Farið var fram á nánar tilgreindar upplýsingar um fyrirtæki sem samþykkt voru svo og þau sem hefur verið hafnað.
- Eyðublað samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 307/2010 er varðar fyrirtæki sem eftirgjöf skuldar nemur hærri fjárhæð en einum milljarði króna.

Nefndin hefur einnig farið fram á að fá mánaðalega uppfærða lista yfir mál einstaklinga í sértækri skuldaaðlögun. Er þá átt við mál sem lokið er með samningi, mál sem hefur verið hafnað og mál í vinnslu.

Eftirlitsnefndinni er ætlað að sinna eftirliti út árið 2011. Ráðgerir nefndin að sinna eftirliti með sambærilegum hætti og hingað til, m.a. með að taka úrtak úr málum sem fjármálafyrirtæki er með til meðferðar hvað varðar sértæka skuldaaðlögun einstaklinga og fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja. Ekki liggar fyrir hvort úrtök verða tekin mánaðarlega eða með lengra millibili. Í þessu felst að nefndin fundar með starfsmönnum fjármálafyrirtækja með reglubundnum hætti til þess að afla frekari upplýsinga almennt um úrræði og einstaka mál ásamt því að koma á framfæri tilmælum og athugasemdum nefndarinnar. Þá hyggst nefndin funda með skipulögðu hætti með samtökum fjármálafyrirtækja, umþoðsmanni skuldara, Samkeppniseftirliti, Fjármálaeftirliti og öðrum hagsmunaaðilum.

Í skýrslunni hefur verið gerð grein fyrir vinnulagi nefndarinnar og þeirri vinnuaðstöðu sem henni hefur verið sköpuð á hinum ýmsu starfsstöðvum hennar. Nefndin hefur í aðalatriðum mætt skilningi hjá þeim starfsmönnum fjármálafyrirtækja sem hún hefur átt samskipti við um gagnaöflun og upplýsingagjöf.

Starfsmeðnir fjármálafyrirtækjanna eru sér flestir þess meðvitaðir að virkt eftirlitsstarf af því tagi sem nefndinni er ætla að sinna eykur trúverðugleika þeirrar vinnu sem þeir vinna á grundvelli laga um sértæka skuldaaðlögun.

Núverandi nefndarmenn höfðu eðlilega ekki fulla yfirsýn yfir umfang þess starfs sem nefndarsetan myndi kalla á þegar þeir tóku starfið að sér. Nefndarmenn eru allir í öðrum störfum og nefndarstarfið er því hluta- og hjáverkastarf. Nefndin hefur haft takmarkaðan aðgang að starfsmanni efnahags- og viðskiptaráðuneytis, sem er miður þar sem viðkomandi starfsmaður er öflugur og leysir öll störf sín vel af hendi. Nefndin fór þess á leit í upphafi eftirlitsins að umræddur starfsmaður ráðuneytisins kæmi til starfa með nefndinni á daglegum grundvelli. Ráðuneytið sá sér ekki fært að ráðstafa starfskrafti viðkomandi starfsmanns með þeim hætti.

Dagleg eftirlitsstörf sem sinna þarf svo markmið og tilgangur nefndarstarfsins náist, krefjast vinnuframlags sem enginn nefndarmannanna er fær um að leggja fram að óbreyttu. Þessi störf krefjast jafnframt góðrar sérþekkingar á sviði endurskoðunar og eftirlitsstarfa, en aðeins einn nefndarmanna er löggiltur endurskoðandi.

Í ljósi fjölda eftirlitsskyldra aðila og í ljósi þess fjölda mála sem búast má við að verði afgreidd þegar núverandi óvissuástandi linnir metur nefndin það svo að virkt eftirlit með fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja kalli á starf tveggja til þriggja starfsmanna með sérþekkingu og þjálfun á sviði endurskoðunar. Slíkir aðilar geta starfað í umboði og á ábyrgð núverandi nefndarmanna. Núverandi nefndarmenn meta það svo að þeir hafi ekki aðstöðu til að sinna eftirlitsstörfunum aðstoðarlaust.

10 Lokaorð

Hafa ber það í huga að starf nefndarinnar er þess eðlis að nefndarmenn horfa meira á þá þætti sem betur mega fara en þá sem eru í ágætu horfi. Starfsfólk fjármálafyrirtækja veitti nefndinni alla þá aðstoð sem nefndin óskaði eftir og brást vel við ábendingum nefndarinnar og athugasemdum.

Fjármálafyrirtæki hafa verið með úrræði þau, sem staðið hafa einstaklingum og fyrirtækjum til boða, í sífeldri endurskoðun enda eðlilegt að úrræði séu endurmetin í ljósi fenginnar reynslu. Hefur það leitt til þess að fjármálafyrirtækin eru að gefa eftir meira að skuldum en upphaflega var lagt upp með svo og veita hagkvæmari kjör. Fjármálafyrirtækin hafa kynnt nefndinni að þau muni taka upp mál sem afgreidd voru samkvæmt eldri úrræðum til þess að gæta jafnræðis meðal viðskiptavína síenna.

Fjármálafyrirtækin hafa í samráði við nefndina komið á framfæri úrræðum sínum með aðgengilegum hætti og stuðlað þannig að auknu gagnsæi og trausti gagnvart viðskiptavinum sínum.

Nefndin hefur í störfum sínum orðið áskynja um atriði sem betur mega fara þegar kemur að því hvernig fjármálafyrirtækin framfylgja samræmdum reglum og að þau gæti sanngirni og jafnræðis milli skuldara við framkvæmd sértækra aðgerða. Nefndin hefur í þeim tilvikum beitt gagnkvæmum rökræðum og í framhaldi beint athugasemdum og tilmælum til fjármálafyrirtækja um það hvernig rétt skuli staðið að málum. Hafa fjármálafyrirtækin nánast undantekningalaust orðið við þeim tilmælum. Telur nefndin mun skyndsamlegra að ná þannig fram með skjótum og áhrifaríkum hætti leiðréttингum og breytingum enda athugasemdirnar oftast beinst að atriðum sem ekki hafa verið það alvarleg að þau kalli á álit til ráðherra eða Fjármálaeftirlits. Nefndin er nú með nokkur mál til nánari skoðunar sem kemur til álita að senda áfram.

Nefndin vill áréttu að í starfi sínu hefur hún ekki skoðað öll mál heldur aðeins tekið úrtök. Af þeim sökum gerir nefndin sér grein fyrir að málin sem hún hefur orðið áskynja um að betur


meget fara, þurfi alls ekki að vera þau einu þar sem framkvæmd er ábótaþant. Í þessu sambandi er mikilvægt að þeir sem telja að á sér hafa verið brotið komið á litamálum til nefndarinnar. Með því að úrræði fjármálaþyrtækja eru nú aðgengileg öllum getur viðkomandi sent nefndinni vel rökstuttur erindi og munu nefndinni skoða viðkomandi mál. Þá vill nefndin henda á að hún mun ekki geta gerit aðilanum gréln fyrir níðurstöðu málssins. Ef nefndin telur að brotið sé á viðkomandi og fjármálaþyrtæknið verður ekki við tilmælum nefndarinnar vegna þess mun hún senda máljör afraum til ráðherra eða FME eftir því sem við á.

Nefndin vill henda á að úrræði fyrir einstaklinga og fyrirtæklar standa eingöngu til boða til ársloka 2011. Því er brýnt að allir sem við skuldayanda eiga að etja gangi til samninga við fjármálaþyrtækini sem fyrst. Eins og ítrekð hefur verið bent á munu fjármálaþyrtækni taka upp mál verði réttarstaða viðskiptavimur önnur og betri í kjölfar breytinga á úrræðum, níðurstöðum dómsmála eða breyttar löggiðan.

30. september 2010


María Théjill


Sigríður Ármannsdóttir


Óðrólfur Matthiasson

Samtök fjármálfyrirtækja, fyrir hönd aðildarfyrirtækja sinna, Íbúðaláanasjóður og Landssamtök lífeyrissjóða, fyrir hönd aðildarsjóða sinna og slitastjórn SPRON gera svofellt tímabundið

SAMKOMULAG

um

verklagsreglur um sértæka skuldaaðlögun einstaklinga.

I. kafli Almenn ákvæði

1. gr.

Aðilar og grundvöllur reglnanna

Þessar verklagsreglur taka til fjármálfyrirtækja sem eru aðilar að Samtökum fjármálfyrirtækja, Íbúðaláanasjóðs, aðildarsjóða Landsamtaka lífeyrissjóða og slitastjórnar SPRON (sameiginlega hér eftir nefnd fjármálastofnanir). Í viðauka nr. 1 við reglurnar eru talin upp þau aðildarfélög SFF og lífeyrissjóðir sem eru aðilar að samkomulaginu.

Reglurnar eru settar með hliðsjón af 2. gr. laga um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins, sem samþykkt voru á Alþingi þann 23. október 2009.

2. gr.

Sértæk skuldaaðlögun

Með sértækri skuldaaðlögun er átt við að kröfuhafar einstaklings fallist á eftirgjöf krafna, hlutfallslega lækkun þeirra eða gjaldfrest á þeim samkvæmt sérstökum samningi hlutaðeigandi þar um í samræmi við samkomulag þetta, án þess að leitað sé eftir opinberri greiðsluaðlögun sbr. l. 50/2009, um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði og/eða X. kafla a. í l. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. hvað varðar samningskröfur.

Með kröfum samkvæmt 1. mgr. er átt við allar kröfur milli aðila samkomulagsins og viðkomandi einstaklings.

3. gr. Markmið

Markmið sértækrar skuldaaðlögunar er að einstaklingar í alvarlegum skuldavanda geti fengið skilvirka og varanlega lausn, þar sem skuldir og eignir eru lagaðar að greiðslugetu, á grundvelli

AS

Fylgiskjal 1

einkaréttarlegs samkomulags skuldara og fjármálastofnana án aðkomu dómstóla. Sértaek skuldaaðlögun getur eftir atvikum átt sér stað með sölu eigna, eftirgjöf krafna, hlutfallslegri lækkun þeirra, framlengingu lána, eða tímabundnum gjaldfresti eða öllu framangreindu í senn auk mögulegrar samningsbundínnar yfirtöku kröfuhafa á eignum/veðandlagi gegn uppgjöri krafna án undangenginnar nauðungarsölu, sbr. 2. mgr. 11. gr. reglna þessara.

4. gr.

Aðgengi að sértækri skuldaaðlögun

Sértaek skuldaaðlögun er ætluð þeim einstaklingum sem eru með óuppgerðar skuldir gagnvart fjármálastofnunum sem eru aðilar að samkomulagi þessu. Því ná úrræði sértækrar skuldaaðlögunar almennt ekki til þeirra sem eru með óuppgerðar skuldir gagnvart öðrum aðilum. Fjármálastofnanir sem eru aðilar að samkomulagi þessu geta þó veitt heimild til undantekningar frá því skilyrði í þeim tilvikum sem um fáa aðila er að ræða sem fallast á að færa kröfur sínar niður til samræmis við tillögu um sértæka skuldaaðlögun.

Sértaek skuldaaðlögun kemur aðeins til greina ef sýnt þykir að vægari úrræði nægja ekki til að rétta af fjárhagsstöðu skuldara og fyrirséð er að viðkomandi geti ekki staðið í skilum af lánum sínum til langframa. Með vægari úrræðum er átt við til dæmis greiðslujöfnun, skuldbreytingu vanskila, lengingu lána eða frestun afborgana.

Kröfuhafar geta samþykkt sértæka skuldaaðlögun þrátt fyrir að skuldir lántaka stafi að miklu leyti frá sjálfstæðum atvinnurekstri sem þeir bera ótakmarkaða ábyrgð á.

Hafi lántaki fengið almenn úrræði sem lækka greiðslubyrði fasteignaveðlána skal sú skipan haldast, nema um bráðabirgðaráðstöfun hafi verið að ræða, eins og t.d. frestun afborgana (vaxtagreiðslur) eða frysting greiðslna með öllu.

Ef ómögulegt reynist að gera fullnægjandi greiðslumat, t.d. vegna þess að tekjustreymi er of óljóst til framtíðar eða af öðrum orsökum, þarf lántaki að leita annarra sértækra úrræða sem ganga lengra, sbr. 2. mgr. 16. gr. reglna þessara.

5. gr.

Umsjónaraðili

Sá viðskiptabanki eða sparisjóður sem er aðalviðskiptabanki lántaka, í samkomulagi þessu nefndur umsjónaraðili, leiðir skuldaaðlögunarferlið. Með aðalviðskiptabanka er átt við banka sem er með launaveltu lántaka. Ef aðstæður sem varða aðalviðskiptabanka eða lántaka sjálfan valda því að bankin þ getur ekki verið umsjónaraðili tekur sá banki eða sparisjóður sem á meiri hluta krafna á hendur skuldara að sér það hlutverk. Aðalviðskiptabanki getur falið öðrum viðskiptabanka, sparisjóði eða þriðja aðila að vera umsjónaraðili ef málefni varða starfsmenn hans eða aðra tengda aðila.

Fylgiskjal 1

II. kafli Umsjón og gagnaöflun

6. gr.

Beiðni um sértæka skuldaaölögum

Lántaki afhendir umsjónaraðila undirritaða beiðni um heimild til að leita sértækrar skuldaaölögunar. Með beiðni skal fylgja greinargerð um fjárhagslega stöðu lántaka og gögn til staðfestingar upplýsinga í henni. Þá skal lántaki undirrita heimild til umsjónaraðila þar sem veitt er heimild til að afla þeirra upplýsinga sem þörf krefur vegna greiðslumats og til þess að eiga samskipti við aðra kröfuhafa í tengslum við beiðni um skuldaaölögum.

Lántaka ber að afhenda umsjónaraðila eftirfarandi gögn áður en beiðni er tekin til meðferðar:

1. Staðfest skattframtöl síðustu þriggja ára.
2. Launaseðlar síðustu 6 mánaða.
3. Upplýsingar um eignir og skuldir og mánaðarlega greiðslubyrði af þeim.
4. Þinglýsingarvottorð fasteigna og bifreiða.
5. Staðfesting lánveitanda á uppreiknaðri stöðu veðskulda.
6. Yfirlit yfir aðrar tryggingar (stöðu ábyrgðaaðila sé um það að ræða).
7. Upplýsingar um ábyrgðir sem viðkomandi er í vegna þriðja aðila.
8. Greinargerð um fjárhagslega stöðu skuldara.

Umsjónaraðili getur kallað eftir frekari gögnum.

Í greinargerð lántaka um fjárhagslega stöðu hans skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:


1. Launatekjur lántaka og maka hans, samkvæmt vígðri eða óvígðri sambúð eða staðfestri samvist.
2. Aðrar tekjur lántaka og/eða maka.
3. Hvort gera megi ráð fyrir breytingu á tekjum og/eða ráðstöfunartekjum.
4. Sundurliðuð fjárhæð skulda sem þegar eru gjaldfallnar, svo og fjárhæð ógjaldfallinna skulda sundurliðað eftir kröfuhöfum.
5. Upplýsingar um meðaltal mánaðarlegra útgjalda skuldara og þeirra sem teljast til heimilis með honum síðastliðna 6 mánuði.
6. Annað sem máli getur skipt um greiðslugetu skuldara.
7. Áætluð afborgunarfjárhæð til greiðslu skulda og hvort þær séu mánaðarlegar eða ársfjórðungslegar.

Ef beiðni um sértæka skuldaaölögum er lögð fram af öðrum en lántaka sjálfum skal koma fram hver hafi hana uppi ásamt kennitölu hans og heimili, svo og umboð hans frá lántaka til að hafa uppi beiðni um skuldaaölögum fyrir hans hönd.

7. gr.

Hlutverk umsjónaraðila

Umsjónaraðili gerir ítarlegt greiðslumat fyrir lántaka og maka hans, þar sem frám koma upplýsingar um ráðstöfunartekjur og framfærslukostnað heimilisins, eignir, tekjur og skuldir. Við



Fylgiskjal 1

mat á greiðslugetu skal taka mið af áætluðum framfærslukostnaði, þannig að framfærslukostnaður sé metinn sem næst viðmiðunartölum Ráðgjafastofu um fjármál heimilanna. Á þessum grunni er áætluð greiðslugeta lántaka og maka og er hún lögð til grundvallar við að ákvarða þær skuldir sem heimilið getur borið til langframa.

Umsjónaraðili gerir tillögur um greiðslu þeirra skulda sem samkomulagið nær til. Það er svo í höndum lántaka að semja við aðrá kröfuhafa á grundvelli þeirra um skuldaskil, en umsjónaraðili skal láta honum í té þau gögn sem nauðsynleg eru til þess að kröfuhafi geti lagt mat á tillögurnar. Lántaki skal tilkynna umsjónaraðila um niðurstöðu samninga við kröfuhafa um skuldaskil innan þriggja vikna frá því að umsjónaraðili lætur honum í té nauðsynleg gögn samkvæmt þessari málsgrein.

Umsjónaraðili skal leitast við að ljúka afgreiðslubeiðni um sértauka skuldaaðlögun innan þriggja vikna frá því að lántaki hefur lagt fram öll gögn til kröfuhafa. Ef lántaki nær samkomulagi við kröfuhafa kynnir hann niðurstöðu þess fyrir umsjónaraðila sem gengur frá endanlegum samningi um sértauka skuldaaðlögun. Sértauk skuldaaðlögun kemst á þegar hlutaðeigandi kröfuhafar og lántaki hafa undirritað samninginn.

Umsjónaraðili skal taka að sér greiðslumiðlun í samræmi við niðurstöður skuldaaðlögunar, nema um annað sé samið.

Umsjónaraðila er ekki heimilt að taka gjald af kröfuhöfum vegna greiðslumiðlunar eða umsjónar nema sem nemur útlögðum kostnaði við greiðslumiðlunina. Umsjónaraðila er ekki heimilt að taka gjald af lántaka vegna greiðslumiðlunar eða umsjónar nema að því leyti sem mælt er fyrir um í 8. gr.

Tillögur umsjónaraðila um skuldaaðlögun ber ekki að líta á sem ráðgjöf eða tilmæli til annarra kröfuhafa og getur aldrei orðið grundvöllur skaðabótakröfu á hendur umsjónaraðila. Hver kröfuhafi tekur ákvörðun um skuldaaðlögun á eigin ábyrgð.

8. gr. Verðmat eigna

Umsjónaraðili verðmetur eignir. Við mat á fasteignum skal miðað við markaðsvirði þeirra en þó ekki lægra en fasteignamat eignar. Með fasteignamati er átt við húsmat og löðarmat.

Verði ágreiningur um mat á verðmæti fasteignar skal umsjónaraðili óska eftir verðmati löggilts fasteignasala. Umsjónaraðili ákveður í samráði við kröfuhafa val á löggiltum fasteignasala. Kostnaður af mati greiðist af lántaka.

Við mat á verðmæti bifreiða skal leggja til grundvallar söluverð samkvæmt útgefnum viðmiðum Bílgreinasambandsins eða mat löggilts bílasala.

Verði ágreiningur um mat á verðmæti bifreiðar skal umsjónaraðili óska eftir verðmati löggilts bílasala. Umsjónaraðili í samráði við kröfuhafa ákveður val á löggiltum bílasala. Kostnaður af mati greiðist af lántaka.

9. gr.

Tengiliðir

Kröfuhafar skulu hver fyrir sig tilnefna tengiliði sem taka við tillögum um skuldaaðlögun frá lántaka eða umsjónaraðila. Tilkynna skal um þá aðila til Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna sem heldur utan um þær upplýsingar. Tengiliðir þeirra aðila sem hagsmuná eiga að gæta í hverju tilviki skulu ef með þarf mynda sámráðshóp sem umsjónaraðili getur boðað á fund til að kynna og fjalla um tillögur.

III. kafli
Skilyrði sértækrar skuldaaðlögunar

10. gr.

Greiðslugeta

Það er skilyrði fyrir samþykki sértækrar skuldaaðlögunar að lántaki og/eða maki hans hafi greiðslugetu af skuldbindingum fyrir a.m.k. 110% af markaðsvirði veðsettra eigna. Sé greiðslugeta meiri skal greiðslugeta ráða fjárhæð skuldbindinga sem greitt er af. Með veðsettum eignum er átt við íbúðarhúsnaði sem samrýmist fjölskyldustærð og að jafnaði eina bifreið.

Þrátt fyrir ákvæði 1. málsgreinar er heimilt að veita þeim sem ekki uppfyllir skilyrði um greiðslugetu lána sem nema 110% af markaðsvirði veðsettra fasteigna langtímalán sem nemur a.m.k. 80% af markaðsvirði veðsettra eigna, enda hafi hann greiðslugetu til að greiða af því láni. Sú fjárhæð sem er mismunur á framangreindri fjárhæð og 110% af verðmæti fasteignar er sett á biðlán til þriggja ára á síðari veðrétti. Að þremur árum liðnum er greiðslugeta lántaka endurmetin og greiðslubyrði lána aðlöguð, eftir atvikum með sölu eigna. Beiting þessa úrræðis er háð frjálsu mati kröfuhafa.

Beiting úrræða hjá hverri og einni fjármálastofnun er háð því að þau samræmist gildandi lánareglum viðkomandi fjármálastofnunar og þeim lögum sem gilda um starfsemi hennar.

11. gr.
Sala eigna

Ef greiðslugeta er undir viðmiðunarmörkum í 10. grein má setja það skilyrði fyrir sértækri skuldaaðlögun að það takist að selja eða skipta á íbúðarhúsnaði og bifreið fyrir minni eða ódýrari eignir þannig að heildarskuldir verði aðlagðar að greiðslugetu allt þar til náð er niðurstöðu sem svarar til framangreindra viðmiðunarmarka um greiðslugetu.

Við sértæka skuldaaðlögun skal miða við að þær eignir verði seldar sem ekki eru nauðsynlegar til heimilishalds, svo sem sumarhús, ferðavagnar eða bílar, til að létta á skuldum og draga úr greiðslubyrði. Eignaleigur geta haft milligöngu um sölu á bifreiðum t.d. með því að leysa til sín bíl sem er með áhvílandi láni á markaðsverði sbr. 8. gr.

Gefa skal hæfilegan frest til sölu eigna. Heimilt er að beita tímabundnum úrræðum, s.s. greiðslufrestun á meðan á sölutilraunum stendur.

12. gr.

Endurfjármögnun lána

Þær skuldir sem eru undir 110% af markaðsverði veðsettra eigna standa óbreyttar eða eru endurfjármagnaðar með verðtryggðum eða óverðtryggðum lánum í íslenskum krónum. Lánveitendur bílalána geta þó ákveðið í sérstökum tilvikum að lán skuli áfram standa í erlendri mynt.

Ef lán vegna endurfjármögnum eru með breytilegum vöxtum kunna afborganir af þeim að hækka eða lækka í samræmi við almennar breytingar á mörkuðum.

13. gr.

Greiðslur samkvæmt greiðsluáætlun

Við gerð greiðsluáætlunar skal miða við að umsækjandi greiði eins mikið og greiðslugeta hans og maka, skv. 7. gr., leyfír.

Tilgreina skal sérstaklega þær skuldir sem falla innan greiðslugetu lántaka og hvaða hlutfall verði greitt af þeim skuldum á samningstíma. Einnig skal tilgreina skuldir sem falla utan veðs eða eru umfram viðmiðunarmörk skv. 10. gr. og hvaða hlutfall, ef eitthvað, verði greitt af þeim kröfum meðan á skuldaðlögun stendur.

14. gr.

Meðferð krafna í lok tímabils

Ef lántaki stendur við greiðslur samkvæmt greiðsluáætlun í 3 ár frá undirritun samnings um sértæka skuldaðlögun, falla niður eftirstöðvar þeirra krafna sem greiðsluáætlun náði ekki til. Hafi hluti veðkrafna verið settur á biðlán hefjast greiðslur þeirra að loknu skuldaðlögunartímabili, eftir því sem greiðslugeta lántaka hrekkur til. Veðskuldir umfram 110% af verðmæti eignarinnar sem standa jafnframt utan greiðslugetu lántaka í lok tímabils falla niður.

**IV. kafli
Ýmis ákvæði**

15. gr.

Synjun beiðni

Ákvæði laga um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðskrafna á íbúðarhúsnæði og X. kafla a. laga um gjaldþrotaskipti, er varða atvik sem leiða til þess að hafna beri greiðsluaðlögun skulu einnig gilda um sértæka skuldaðlögun eins og við getur átt sbr. þó 3. mgr. 4. gr.

Telji umsjónaraðili á einhverju stigi að grundvöll skorti fyrir sértækri skuldaðlögun, skal hann tilkynna það lántaka og helstu kröfuhöfum eins fljótt og við verður komið.

16. gr.

Lántaki stendur ekki við skuldbindingar samkvæmt sértækri skuldaaðlögun

Ef lántaki stendur ekki við greiðslur í samræmi við skuldaaðlögunina geta kröfuhafar ákveðið að skuldaaðlögun falli niður.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur lántaki óskað eftir tímabundnum greiðsluerfiðleikaúrræðum hjá lánastofnun meðan á skuldaaðlögun stendur. Skilyrði fyrir að slík úrræði séu veitt eru:

- a. Að greiðsluerfiðleikar stafi af óvæntum tímabundnum erfiðleikum vegna veikinda, slysa, minni atvinnu, atvinnuleysis eða öðrum ófyrirséðum atvikum.
- b. Að aðrir lánardrottnar umsækjanda samþykki einnig að veita aðstoð vegna greiðsluerfiðleika.
- c. Að greiðslubyrði umsækjanda samkvæmt greiðslumati sé umfrám greiðslugetu.
- d. Að greiðslubyrði umsækjanda eftir skuldbreytingu og/eða frestun á greiðslum rúmist innan greiðslugetu.

17. gr.

Rangar upplýsingar gefnar eða látið hjá líða að veita upplýsingar

Ef upp kemur rökstuddur grunur um að umsjónaraðila eða öðrum kröfuhöfum hafi verið veittar vísvitandi rangar upplýsingar eða látið hjá líða að veita nauðsynlegar upplýsingar svo unnt væri að meta með réttum hætti eignir, skuldir og greiðslugetu lántaka geta kröfuhafar ákveðið aðsértæk skuldaaðlögun falli niður. Ákvörðun um niðurfellingu skuldaaðlögunar skal tekin á sameiginlegum fundi kröfuhafa.

18. gr.

Aðilar samnings þessa skuldbinda sig til að fylgja vönduðum viðskiptaháttum í hvívetna, virða jafnræði í framkvæmd, heiðarlega upplýsingagjöf til allra viðskiptamanna sinna. Umsjónaraðili varðveitir gögn og skráir hvort fallist er á beiðni um skuldaaðlögun, með upplýstu samþykki lántaka. Heimilt er að varðveita gögn með rafrænum hætti.


19. gr.

Samkomulag þetta skal endurskoða í síðasta lagi fyrir lok árs 2012.

20. gr.


Samkomulag þetta er gert með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins þar sem samningsaðilum er ljóst að í því felst samræming á viðskiptaskilmálum keppinauta sem farið getur gegn banni við samkeppnishamlandi samstarfi skv. 10. gr. samkeppnislag, nr. 44/2005. Samningasaðilar munu óska eftir undanþágu Samkeppniseftirlitsins samkvæmt 15. gr. sömu laga.

Samstarf samningsaðila einskorðast við ákvæði samkomulagsins. Samkomulagið hindrar ekki að fjármálfyrirtæki geti veitt viðskiptavinum sínum frekari greiðsluerfiðleikaúrræði en samkomulag þetta mælir fyrir um eða keppi að öðru leyti á grundvelli viðskiptaskilmála.



Reykjavík 31. október 2009

Avant




Magnús Gunnarsson,
framkvæmdastjóri

Landssamtök lífeyrissjóða



Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri
Með fyrirvara um samþykki einstakra lífeyrissjóða.

Byr sparisjóður




Ragnheiður Z. Guðjónsson,
sparisjóðsstjóri

Lýsing



Halldór Jörgensson,
forstjóri

Íbúðaláanasjóður




Gunnhildur Gunnarsdóttir,
sviðsstjóri

NBI




Anna Bjarney Sigurðardóttir,
framkvæmdastjóri

Íslandsbanki




Birna Einarsdóttir,
bankastjóri

Nýi Kaupthing Banki




Finnur Sveinbjörnsson,
bankastjóri

Samband íslenskra sparisjóða ,



Guðjón Guðmundsson,
framkvæmdastjóri

Slitastjórn SPRON, *cg PPB*



Hlynur Jónsson,
formaður


Fylgiskjal 1

Samtök fjármálfyrirtækja,




Guðjón Rúnarsson,
framkvæmdastjóri

SP-Fjármögnun,



Kjartan Georg Gúmarsson,
framkvæmdastjóri

Tryggingamiðstöðin,



Óskar Baldvin Hauksson,
framkvæmdastjóri

R

Viðauki nr. 1

við samkomulag um verklagsreglur um sértæka skuldaaðlögun einstaklinga

Eftirtaldir lögaðilar, sem eru aðilar að Samtökum fjármálfyrirtækja (SFF) og Landssamtökum lífeyrissjóða (LL), falla undir samkomulag SFF, LL, Íbúðalánsjóðs og slitastjórnaðar SPRON, dags. 31. október 2009.

Eftirtalin aðildarfélög SFF falla undir samkomulagið:

- AFL-sparisjóður
- Avant hf.
- Byr sparisjóður
- NBI hf.
- Íslandsbanki hf.
- Lýsing hf.
- Nýi Kaupþing banki hf.
- SP fjármögnun hf.
- Sparisjóður Bolungarvíkur
- Sparisjóður Höfðhverfinga
- Sparisjóðurinn í Keflavík
- Sparisjóður Mýrasýslu
- Sparisjóður Norðfjarðar
- Sparisjóður Ólafsfjarðar
- Sparisjóður Skagafjarðar
- Sparisjóður Strandamanna
- Sparisjóður Suður-Þingeyinga
- Sparisjóður Svarfdæla
- Sparisjóður Vestmannaeyja
- Sparisjóður Þórshafnar og nágrenna
- Tryggingamiðstöðin



A handwritten signature in black ink, appearing to read "M. Jónasson", is written over a date in the same ink, which reads "1.10.2009".

Sameiginlegar reglur fjármálafyrirtækja um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja

1. Inngangur

Reglur þessar eru settar í samræmi við 3. gr. laga nr. 107/2009 um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins og skulu gilda til jafnlengdar því ákvæði laganna. Reglurnar eiga við lögmætar kröfur fjármálafyrirtækja, þ.e. kröfur sem njóta réttarverndar að íslenskum eða alþjóðlega viðurkenndum lögum. Telji lántaki kröfu fjármálafyrirtækis ólögmæta eða óréttmæta skal hann beina ítarlegum rökstuðningi með málsástæðum sínum til viðkomandi fjármálafyrirtækis. Sé niðurstaða fjármálafyrirtækis að krafan sé óréttmæt eða ólögmæt skal fella kröfuna niður að því leyti sem við á. Fjármálafyrirtækin hafa reglurnar til viðmiðunar við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja til að tryggja samræmi í vinnubrögðum við úrvinnslu mála. Reglurnar taka mið af þeim sjónarmiðum sem fram koma í athugasemdum við frumvarp það sem varð að lögum nr. 107/2009 um jafnræði og gegnsæi við meðferð einstakra mála, auk hinnar almennu kröfu um heilbrigða og góða viðskiptahætti. Markmið vinnu við endurskipulagningu fyrirtækja er að hámarka endurheimtur fjármálafyrirtækja, en höfð er hliðsjón af þeim skilyrðum og sjónarmiðum sem lýst er í reglum þessum og lögum nr. 107/2009. Samhliða þessum reglum vinna fjármálafyrirtæki í samræmi við önnur lög sem um starfsemi þeirra gilda, sbr. lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998 og fleiri lög. Á grunni þeirra laga hafa síðan öll fjármálafyrirtæki sem þessar reglur varða sett sér innri lána- og afskriftareglur sem fjalla um framkvæmd og ákvarðanatöku í einstökum lánamálum. Auk þess þurfa fjármálafyrirtæki í starfsemi sinni að fylgja almennum lögum eins og samkeppnislögum, 44/2005, lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2003 og lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 64/2006.

2. Skilyrði fyrir fjárhagslegri endurskipulagningu

Að neðan eru talin þau skilyrði sem fyrirtæki þarf almennt að uppfylla til að eiga kost á fjárhagslegri endurskipulagningu. Með fjárhagslegri endurskipulagningu er hér átt við það þegar endurskipulagning kann að leiða til eftirgjafar skulda eða annarra ívilnana frá gerðum samningum:

- 2.1. Endurheimtur krafna fjármálafyrirtækis verði betri eftir endurskipulagningu á skuldum fyrirtækis en við upplausn þess að mati fjármálafyrirtækis.
- 2.2. Fyrirtæki geti sýnt fram á að sjóðstreymi standi undir greiðslu á skuldum eftir endurskipulagningu. Við mat á fjárhæð skulda eftir endurskipulagningu verði höfð hliðsjón af væntri greiðslugetu, heildarvirði og eignavirði fyrirtækis .
- 2.3. Traust og trúnaður þarf að ríkja í viðskiptasambandi fyrirtækis og fjármálafyrirtækis. Í því sambandi er m.a. horft á viðskiptasögu fyrirtækisins, eigenda þess og stjórnenda.
- 2.4. Fyrirtækið sýni vilja til samvinnu og veiti fjármálafyrirtæki allar nauðsynlegar upplýsingar til að meta grundvöll fyrir fjárhagslegri endurskipulagningu.
- 2.5. Fyrirtæki veiti fjármálafyrirtæki heimild til að vinna fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækis í samvinnu við aðra kröfuhafa, þegar við á.
- 2.6. Fyrirtæki veiti fjármálafyrirtæki heimild til að framkvæma áreiðanleikakönnun á fyrirtækinu ef ástæða þykir til.

- 2.7. Ekki þyki líklegt að aðrir kröfuhafar muni krefjast gjaldþrotaskipta á fyrirtækinu.

3. Mat á fyrirtæki

Þegar kannað er hvort skilyrði fjárhagslegrar endurskipulagningar séu uppfyllt leggur fjármálafyrirtæki mat á ýmsa þætti sem snúa að rekstri, stjórnun, efnahag og rekstrarumhverfi fyrirtækisins m.a.:

- 3.1. Eignir og skuldir þar sem m.a. er lagt mat á:
 - 3.1.1. Verðmæti trygginga og helstu eigna fyrirtækis.
 - 3.1.2. Möguleika á hagræðingu, t.d. hvort selja megi óarðbærar eignir
 - 3.1.3. Skuldir og skuldbindingar fyrirtækisins, þ.m.t. ábyrgðir
 - 3.1.4. Tryggingastöðu fjármálafyrirtækis, þar sem m.a. er lagt mat á líftíma eigna og veða sem standa að baki skuldum
- 3.2. Greiðslugetu þar sem m.a. er lagt mat á:
 - 3.2.1. Rekstraráætlun, sjóðsstreymi og lykilforsendur.
 - 3.2.2. Áætlun um hagræðingu, t.d. hvort draga megi úr rekstrarkostnaði.
- 3.3. Verðmæti fyrirtækis með hliðsjón af áætluðu sjóðsstreymi.
- 3.4. Orðsporsáhættu fyrirtækis og fjármálafyrirtækis af fjárhagslegri endurskipulagningu.
- 3.5. Tengdir aðilar eru metnir heildstætt eftir því sem við á.

4. Mat á áframhaldandi þáttöku eigenda og stjórnenda fyrirtækis

Við mat fjármálafyrirtækis á áframhaldandi þáttöku eigenda og stjórnenda í rekstri fyrirtækja eftir fjárhagslega endurskipulagningu er einkum horft til viðskiptasögu þeirra, samstarfsvilja við hina fjárhagslegu endurskipulagningu og þýðingu þeirra fyrir framtíð fyrirtækja. Við mat á þessum þáttum er m.a. horft til eftirfarandi atriða:

- 4.1. Við mat á viðskiptasögu eigenda og stjórnenda er m.a. horft til eftirfarandi þáttu:
 - 4.1.1. Hefur almennt verið staðið við samninga viðskiptavinar og fjármálafyrirtækis?
 - 4.1.2. Hefur upplýsingagjöf almennt verið góð?
 - 4.1.3. Hafa arðgreiðslur og launagreiðslur verið í takt við rekstrarforsendur?
 - 4.1.4. Er rekstrarsaga fyrirtækisins góð þrátt fyrir fjárhagslega erfiðleika?
 - 4.1.5. Hafa samningar og lög verið brotin við meðferð og sölu eigna fyrirtækis?
- 4.2. Við mat á samstarfsvilja við framkvæmd endurskipulagningar er m.a. horft til eftirfarandi þáttu:
 - 4.2.1. Hafa allar nauðsynlegar upplýsingar verið veittar?
 - 4.2.2. Hefur fyrirtækið stuðlað að samstarfi kröfuhafa þar sem við á?
 - 4.2.3. Ríkir almennt traust milli aðila?
- 4.3. Við mat á því hvort þáttaka eigenda og stjórnenda bætir endurheimtur skulda er m.a. horft til eftirfarandi þáttu:
 - 4.3.1. Hafa þeir færni og / eða þekkingu sem er verðmæt viðkomandi rekstri?

- 4.3.2. Hafa þeir viðskiptasambönd sem eru rekstrinum dýrmæt?
- 4.3.3. Eru þeir handhafar leyfa sem eru rekstrinum verðmæt?
- 4.3.4. Er staða þeirra samkvæmt samningum slík að endurheimtur fjármálafyrirtækis verði lakari án þeirra?

5. Skilmálar samninga við endurskipulagningu

Í tengslum við samninga um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækis kann fjármála–fyrirtæki að gera kröfur um frekari skilmála og kvaðir á fyrirtæki eftir því sem við á. Þessir skilmálar geta t.a.m. falist í:

- 5.1. Krafa um eiginfjárframlag eigenda til rekstursins og / eða til niðurgreiðslu á s kulduum fyrirtækis við fjármálafyrirtæki.
- 5.2. Arðgreiðslubann og takmarkanir á úttektum eigenda.
- 5.3. Takmarkanir á launagreiðslum og öðrum hlunnindum eigenda og stjórnenda.
- 5.4. Takmarkanir á breytingu á stjórni fyrirtækis eða tilgangi þess án samþykksis fjármálafyrirtækis.
- 5.5. Krafa um auknar tryggingar fyrir skuldum fyrirtækisins, m.a. í eignum félagsins og sjóðstreymi og/eða eignarhlut eigenda í fyrirtæki.
- 5.6. Heimild til að skipa fyrirtæki tilsjónarman, ráðgjafa og/eða óháðan stjórnarmann.
- 5.7. Krafa um reglulega upplýsingagjöf um rekstur, efnahag og sjóðstreymi.
- 5.8. Krafa um að skuldum sé breytt í eigið fé og/eða fjármálagerningar gefnir út með breytirétti í hlutafé.

6. Aðferðarfræði og sjónarmið

Aðferðafræði við endurskipulagningu skulda mun öðru fremur taka mið af viðskiptalegum og samkeppnislegum sjónarmiðum ásamt kröfum um gegnsæi.

- 6.1. Taka skal tillit til samkeppnislegra áhrifa endurskipulagninga fyrirtækis samkvæmt álti Samkeppniseftirlitsins nr. 3/2008 frá 12. nóvember 2008. Í því sambandi skal m.a. leitast við að velja þá leið við endurskipulagningu sem eflir samkeppni eða raskar henni minnst. Ekki skal vikið til hliðar augljósum hagsmunum fjármálafyrirtækis af því að hámarka verðmæti, tryggja hagsmuni fjármálafyrirtækja og vinna hratt að úrlausn mála.
- 6.2. Meðan á vinnu við lausn á skul davanda fyrirtækja stendur kann að reynast nauðsynlegt að halda áfram innheimtu skulda til að gæta hagsmuna fjármálafyrirtækis. Með innheimtu er átt við innheimtu samkvæmt innheimtulögum nr. 95/2008 eða löginnheimtu samkvæmt réttarfarslögum.
- 6.3. Ekki er gert ráð fyrir því að niðurfelling skulda breyti neikvæðri eiginfjárstöðu fyrirtækja í jákvæða. Á hinn bóginn er henni ætlað að styrkja efnahag fyrirtækja til lengri tíma.
- 6.4. Fjármálafyrirtæki leitast við að hafa verklag eins gegnsætt og völ er á. Í því felst að allar ákvarðanir um skuldbreytingar og breytingar á skilmálum skulu fara í gegnum nákvæmlega skilgreint ferli hjá kröfueigendum og skal bókað sérstaklega um allar ákvarðanir og þær varðveisittar hjá kröfueiganda. Fara verður eftir sambærilegu ferli og gildir um lánveitingar og tryggja þarf hlutlægni við ákvarðanatöku.

- 6.5. Þar sem fyrirsjáanlegt er að greiðslugeta sé engin eða mjög takmörkuð verður þannig ekki séð að önnur úrræði séu tæk en að leita fullnustu í eignum lántaka.

7. Helstu gögn við mat og úrvinnslu mála

Áður en fjárhagsleg endurskipulagning á sér stað þá gerir fjármálafyrirtæki kröfu um eftirfarandi upplýsingar og gögn eftir því sem við á:

- 7.1. Staðfestar og/eða endurskoðaðar upplýsingar um rekstur, efnahag og sjóðstreymi fyrirtækis síðustu ára með skýringum.
- 7.2. Fjárhagsáætlun fyrir næstu 3-5 árin sem sýnir áætlaðan rekstrar- og efnahagsreikning og sjóðstreymi, ásamt sögulegum rekstrartölum. Einnig yfirlit yfir helstu áhrifaþætti og forsendur áætlana.
- 7.3. Sundurliðað yfirlit yfir skuldbindingar fyrirtækisins, þ.m.t. skuldir við fjármála-fyrirtæki, aðra lánadrottna og opinbera aðila, eignarleigusamninga og ábyrgðir fyrirtækis og eiganda þess.
- 7.4. Fjárfestingaáætlun þar sem skilgreindar eru þær fjárfestingar sem eru fyrirtækinu nauðsynlegar til að viðhalda áframhaldandi starfsemi og ná áætluðum árangri.
- 7.5. Upplýsingar um viðskiptasamninga, viðskiptasambond og tekjuskiptingu, einkum sérþekkingu eða einkaleyfi.
- 7.6. Skipurit fyrirtækisins og upplýsingar um stjórnendur.
- 7.7. Upplýsingar um tengd félög/fyrirtæki og viðskipti við tengda aðila, þar meðtalðar ábyrgðir.
- 7.8. Yfirlit yfir helstu rekstrar tengdar eignir.
- 7.9. Aldursgreindan lista yfir viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir, ásamt mati á endurheimtum og stöðu innheimtu.
- 7.10. Aldursgreindar birgðir og endurmetið virði þeirra.
- 7.11. Veðbókarvottorð eigna, fastafjármuna og lausafjármuna og uppreiknuð staða allra veðskulda.
- 7.12. Upplýsingar um breytingar á framsetningu reikningsskila.
- 7.13. Ákvarðanir um viðskiptasamninga og tryggingar sem hafa verið teknar á síðustu tveimur árum.
- 7.14. Upplýsingar um hvort fyrirtækið standi í málaferlum.
- 7.15. Aðrar upplýsingar sem að mati fjármálafyrirtækis eru talðar skipta máli við mat á grundvelli fjárhagslegrar endurskipulagningar.

8. Söluferli eigna


Fjármálafyrirtæki getur þurft að taka yfir eignarhlut í fyrirtæki að hluta eða öllu leyti í þeim tilgangi að tryggja fullnustu eigna fjármálafyrirtækisins eða sem þátt í fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækis. Ávallt er þó stefnt að fjárhagslegri endurskipulagningu án yfirtöku. Komi til yfirtöku hafa fjármálafyrirtæki hliðsjón af eftirfarandi sjónarmiðum við sölu yfirtekinna eigna, eftir því sem við á:

- 8.1. Stefnt er að því að selja eignarhluti í fyrirtækjum eins fljótt og hagkvæmt er.
- 8.2. Eignaumsýslufélag eða fjármálafyrirtæki halda utan um söluferli eigna, eftir atvikum, í samræmi við 21. og 22. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2004, þar sem er m.a. lýst tímabundnum heimildum banka til eignarhalds fyrirtækja í atvinnurekstri.


Fylgiskjal 2

- 8.3. Stefnt skal að opnu og gagnsæju söluferli og jafnræðis meðal fjárfesta.
- 8.4. Í einhverjum tilvikum kunna hagsmunir fyrirtækis og fjármálafyrirtækis að kalla á lokað útboð eða annars konar fyrirkomulag á sölu eigna, t.d. vegna ákvæða hluthafasamkomulags eða samþykkta um forkaupsrétt, sjónarmiða annarra eigenda, kröfuhafa eða eigenda viðskiptaleyfa, þegar áætlað söluverðmæti réttlætir ekki kostnað við opið útboð eða vegna annarra augljósra hagsmuna fyrirtækis eða fjármálafyrirtækis.
- 8.5. Ákvörðun um sölu á eignarlut fjármálafyrirtækis og aðferð við sölu skal rökstudd og skráð eins og aðrar ráðstafanir tengdar fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja.
- 8.6. Við sölu eigna verður höfð hliðsjón af álti Samkeppniseftirlitsins nr. 3/2008 frá 12. nóvember 2008 og umræðuskjali Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2009 um banka og endurskipulagningu fyrirtækja, sbr. lið 6.1 í þessum reglum.

Þessar reglur, eins og kynntar á morgunverðarfundi 3. mars, hafa verið staðfestar af FME



Fylgiskjal 3



 Arion banki

Úrræði fyrir fyrirtæki

Inngangur

Hér að neðan er lýsing á þeim úrræðum sem Arion banki býður við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja. Lýsingin er til viðbótar þeim úrræðum sem tilgreind eru í reglum Arion banka um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja. Reglurnar voru fyrst gefnar út í janúar 2009 og núverandi útgáfa þeirra var staðfest af Fjármálaeftirlitnu þann 25. júní 2010. Þessi lýsing á úrræðunum er birt með fyrirvara um samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Forsenda fjárhagslegrar endurskipulagningar

Með fjárhagslegri endurskipulagningu er átt við þegar endurskipulagning kann að leiða til eftirlögjafar skulda eða annarra fvinana frá gerðum samningum. Til að eingölfingar kost á fjárhagslegri endurskipulagningu þarf fyrirtæki að uppfylla skilyrði í sameiginlegum reglum fjármálaþyrtækja um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja. Meðal skilyrða sem þarf að uppfylla eru eftirfarandi:

- Endurheimtur krafna bankans verði betri eftir endurskipulagningu á skuldum fyrirtækis en við upplausn þess að mati fjármálaþyrtækis.
- Traust og trúhaður þarf að ríkja í viðskiptasambandi fyrirtækis við bankann, en í því sambandi er m.a. horft á viðskiptasögu fyrirtækisins, elgenda þess og stjórnenda.
- Áframhaldandi samstarf við eigendur og stjórnendur byggir á því að þeir þyki hafa fram að færa verðmæti er bæti endurheimtur fjármálaþyrtækis.
- Fyrirtækið sýni vilja til samvinnu og veiti fjármálaþyrtæki allar nauðsynlegar upplýsingar til að meta grundvöll fyrir fjárhagslegri endurskipulagningu.

Aðlögun skulda að virði fyrirtækja

Ef greining á stöðu fyrirtækis leiðir í ljós að reksturinn ber ekki núverandi skuldir kemur fjárhagsleg endurskipulagning til skoðunar. Skilyrði fyrir fjárhagslegri endurskipulagningu er að endurheimtur bankans í kjölfar hennar verði meiri en ef gengið er að eignum fyrirtækisins.


Gengið er út frá því að endurheimtur bankans miðist við 100% af virði fyrirtækis. Með virði er átt við heildarvirði (rekstrarvirði að viðbættum eignum sem ekki eru rekstrartengdar) eða eignavirði eftir því hvort er hærra. Rekstrarvirði er byggt á sjóðstreymisgreiningu sérfræðinga bankans en eignavirði er byggt á mati fagaðila á verðmæti eigna fyrirtækisins (t.d. fastelgnasala). Endurheimtur bankans samanstanda annars vegar af lánl innan greiðslugetu og hins vegar fjármögnun utan greiðslugetu.

Lán innan greiðslugetu

Lán innan greiðslugetu (t.d. fjárfestinga- og rekstrarlán) miðast við greiðsluþol fyrirtækisins. Greiðsluþol er metið af sérfræðingum bankans út frá ársreikningum síðustu ára, sjóðsstreymlsáætlun stjórnenda, upplýsingum um fyrirtækið og þá atvinnugrein sem fyrirtækið leggur stund á. Kjör lána og niðurgreiðsluferill taka mið af útlánareglum bankans og lánshæfismati viðskiptavinar. Til að draga úr genglsáhættu í rekstri fyrirtækja er gert ráð fyrir því að skuldir séu í sömu myntum og tekjur fyrirtækisins.

Fjármögnun utan greiðslugetu

Í þeim tilvikum sem greiðslugeta fyrirtækis er lægri en virði þess þarf að fjármagna mismun á lánum innan greiðslugetu og virðis. Æskilegast er að þessi munur sé fjármagnaður með elgin fé og gerir bankinn ávallt kröfu um aukið elginfjárframlag eigenda við fjárhagslega endurskipulagningu. Í þeim tilvikum sem ekki er hægt að brúa bil milli greiðslugetu og virðis með elgin fé er lagt mat á aðrar fjármögnumarleiðir, svo sem umbreytingu skulda í eigið fé, breytirétt, lán utan greiðslugetu eða biðlán. Nánar er fjallað um beltingu þessara úrræða hér fyrir neðan, en þau eru háð mati bankans á stöðu og stærð fyrirtækisins, atvinnugrein o.fl.



Nýtt eigið fé: Meginreglan er sú að samhliða skuldaðlögun þurfi að koma inn nýtt eigið fé, en eigið fé er mikilvægur þáttur í heilbrigðri fjármagnsskipan fyrirtækja. Eigendur eru ávallt hvattir til að koma inn með nýtt eigið fé, annað hvort sjálflir eða með því að fá nýja fjárfesta að fyrirtæklinu.

Hlutafé / breytiréttur: Ef eigendur geta ekki komið með nýtt eigið fé að rekstrinum, kemur til greina að breyta skuldum fyrirtækisins í hlutafé í félagini. Í einhverjum tilvikum er ekki teknin bein staða í fyrirtæklinu heldur veitt víkjandi lán með breytirétti bankans yfir í hlutafé. Skilyrði þessara lelda er að það séu verðmæti fólgin í slíkri stöðu fyrir bankann.

Lán utan greiðslugetu: Ef möguleikar eigenda til að leggja fyrirtæklinu til nýtt eigið fé eru ekki fyrir hendi og bankinn telur ekki hagstætt að breyta skuldum í hlutafé skoðar bankinn hvort hægt sé að fjármagna mismun á virði fyrirtækis og greiðslugetu með lánum utan greiðslugetu. Lánin eru eingreiðslulán á markaðsvöxtum með veðl í elgnum félagsins. Gert er ráð fyrir því að lánin verði endurfjármögnuð með rekstrarlánum, þegar reksturinn er hæfarli til þess að takast á við skuldir eða eigendur geta lagt félagini til fjármuni síðar til að takast á við lán utan greiðslugetu.


Blðlán / eigið fé: Möguleiki er á blðlánl í tilviki lítila og meðalstórra fyrirtækja, þar sem engin verðmæti eru talin fólgin í eignarhlut bankans og samstarf við núverandi eigendur er talin forsenda fyrir áframhaldandi rekstri. Blðlán ber lága vexti (2%) og er ekki verðtryggt. Höfuðstóll blðlánsins er á gjalddaga að tvelmur til þremur árum liðnum, en þá er gert ráð fyrir endurfjármögnum þess hluta sem reksturinn ber. Með blðláninu er skapað svigrúm fyrir bankann til frekari endurhelmtu ef skyndilegur viðsnúningur verður í rekstri fyrirtækisins. Til að styrkja efnahag fyrirtækja gerir bankinn þá kröfu að eigendur leggi fyrirtæklinu til aukið eigið fé sem komi til lækkunar á blðlánl. Til að stuðla að innkomu nýs elgin fjár er bankinn tilbúinn að lækka blðlán hlutfallslega meira en sem nemur elginfjárframlagi, en lækkunin tekur mlð af verðmæti blðlánsins að mati bankans á hverjum tímapunkti.

Skilmálar láanasamninga við skuldaðlögun

Láanasamningar sem gerðir eru við skuldaðlögun innihalda ítarlega láanskilmála sem kveða meðal annars á um tryggingar fyrir skuldum, takmörkun á arðgreiðslum, ákvæði um laun til stjórnenda, bann við frekari skuldsetningu, o.fl. Hér er nánar vísað til kafla 4.5 í reglum Arion banka um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja.

Eftirgjöf skulda

Skuldir umfram heildarvirði fyrirtækja eru afskrifaðar og með því er stuðlað að jákvæðri elginfjármynndun fyrirtækja í kjölfar fjárhagslegrar endurskipulagningar. Elgandi fyrirtækis hefur þannig ábata af því að halda áfram að hlúa að rekstri og auka arðsemi félagsins. Þannig er jafnframt stuðlað að bættum hágsmunum bankans þar sem fyrirtækið verður hæfara til að takast á við skuldbindingar sínar.




Fylgiskjal 4



ÚRRÆÐI FYRIR FYRIRTÆKI





Fylgiskjal 4

1. ALMENNT

- Í desember árið 2008 birti Íslandsbanki verlagsreglur á heimasíðu sinni varðandi úrræði til lausna á greiðsluvanda fyrirtækja í viðskiptum við bankann. Verlagsreglur þessar hafa nú verið uppfærðar með það að markmiði að bankinn geti betur mætt þörfum fyrirtækja í greiðsluerfiðleikum.
- Reglur þessar koma í stað áður birtra verlagsreglna og hafa að geyma upplýsingar um þau úrræði sem fyrirtækjum í greiðsluerfiðleikum standa til boða. Slík úrræði geta falið í sér eftirgjöf skulda að hluta sem og aðrar í vilnanir.
- Bankinn byggir allar ákvarðanir sínar um úrlausnir á greiðsluvanda fyrirtækja á vandlegri greiningu á fjárhagsstöðu viðskiptavinar, viðskiptasögu, formlegu áhættumati og ítarlegri skoðun á greiðsluhæfi. Þá taka ákvarðanir einnig mið af undirliggjandi áhættu og þeim tryggingum og áhættuvörnum sem eru til staðar í hverju tilviki.

2. ÚRRÆÐI ÍSLANDSBANKA – YFIRLITSMYND

| Úrræði | Skilgreining | Fyrir hverja? | Hver eru fyrstu skref fyrirtækisins? |
|--|---|---|---|
| Skilmálabreyting | Lenging lánstíma, tímabundin lækkun á greiðslubyrði lána, tímabundin frestu nágreiðslum lána. | Hentar fyrirtækjum í tímabundnum greiðsluerfiðleikum. | Hafa samband við ráðgjafa eða sinn tengilið í Íslandsbanka. |
| Höfuðstólslækkun erlendra lána | Höfuðstóll erlendra lána færður yfir í íslenskar krónur á lokagengi Seðlabanka Íslands þann 29. september 2008. Bankinn áskilur sér rétt til breytinga á skiptigengi og viðmiðunardégi eftir 30. júní 2010. | Höfuðstólslækkun gagnast fyrirtækjum með erlend lán sem hafa tekjur í íslenskum krónum. Hún mun í fæstum tilfella lækka greiðslubyrði nema sámlíða skilmálabreytingu. | Hafa samband við viðskiptastjóra eða sinn tengilið í Íslandsbanka. |
| Skuldaaðlögun | Heildarlán félagsins löguð að greiðslu- getu sámlíða endurskipulagningu rekstrar. Möguleg eftirgjöf skulda. Fullvist þarf að vera að ekki sé mögulegt að laga greiðslubyrði að greiðslugetu með endurfjármögnum, skilmálabreytingum eða höfuðstólslækkun. | Hentar fyrirtækjum í varanlegum greiðsluerfiðleikum þar sem skilmálabreytingar og/eða höfuðstólslækkanir erlendra lána duga ekki til. Leiðinni fylgja ýmsar kvaðir. | Kynna sér vinnuramma um skuldaaðlögun. Skoða yfirlit yfir þau gögn sem bankinn fer fram á og safna þeim saman. Hafa samband við viðskiptastjóra eða sinn tengilið í Íslandsbanka. |
| Úrræði sem bankinni getur verið aðili að: | | | |
| Samningur um frjáls skuldaskil | Samningur á milli lánveitenda og skuldara um úppgjör skulda. | Henta þeim félögum sem eru í varanlegum greiðsluerfiðleikum og áðurnefnd úrræði duga ekki til. Þá þarf að ríkja fullt traust á milli samningsaðila. | Hafa samband við viðskiptastjóra eða sinn tengilið í Íslandsbanka. Leita aðstoðar sérfræðinga, s.s. lögfræðings. |
| Nauðsamningar | Sjá 3. þátt laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. | Fyrir fyrirtækj í varanlegum greiðsluerfiðleikum þar sem önnur úrræði duga ekki til, t.d. vegna þess að ekki hefur náðst samstaða meðal kröfuhafa. | Leita aðstoðar sérfræðings/lögfræðings við gerð umsóknar til héraðsdoms og útvegun meðmæla tilskilins hluta kröfuhafa. |

3. ÚRRÆÐI ÍSLANDSBANKA – NÁNARI SKILGREININGAR

3.1 Skilmálabreytingar

Skilmálabreytingar fela í sér breytingu á áður umsöndu endurgreiðsluferli og miða að því að gera lántaka kleift að aðlaga endurgreiðslu að breyttu fjárstreymi. Slíkt úrræði getur hentað vel þegar t.d. sjóðsstreymi fyrirtækis stendur ekki undir greiðslubyrði lána vegna breytrrar eftirsurnar eða sölu eða ef sjóðsstreymi er árstíðabundið.

Skilmálabreytingar geta falið í sér:

- Breytingu á endurgreiðsluferli og endurgreiðslutíma.
- Að vanskilum sé bætt við höfuðstól.
- Óreglulegt endurgreiðsluferli.
- Samið um vaxtagreiðslur í tiltekinn tíma.
- Samið um fastar greiðslur í tiltekinn tíma (greiðslumark).
- Breytingu á mynt.
- Breytingu á ýmsu er varðar upphaflega skilmála láns eða lánasamnings, svo sem endurskoðun fjármála- og formkvaða.

3.2 Höfuðstólslækkun erlendra lána

Höfuðstólslækkun er ætlað að draga úr gengisáhættu og stuðla að traustari rekstrargrundvelli fyrirtækja sem hafa stærstan hluta tekna sinna í íslenskum krónum.

Til og með 30. júní 2010 er höfuðstóll erlendra lána lækkaður miðað við lokagengi Seðlabanka Íslands þann 29. september 2008. Um leið er lánunum breytt í íslenskar krónur. Lækkunin er um 25% að meðaltali miðað við gengi íslensku krónunnar í apríl og maí 2010, en er misjöfn á milli mynta. Bankinn áskilur sér rétt til breytinga á skiptigengi og viðmiðunardegi eftir 30. júní 2010.

Höfuðstólslækkun tekur til lána fyrirtækja í erlendri mynt, þar með talið lána og samninga Íslandsbanka fjármögnunar vegna kaupa á bifreiðum, atvinnutækjum og atvinnuhúsnæði.

Skilyrði fyrir höfuðstólslækkun er að lán hafi verið tekið fyrir 15. október 2008 og það sé í skilum. Til að geta sótt um höfuðstólslækkun þarf fyrirtæki að hafa að minnsta kosti 25% tekna í íslenskum krónum.

Kostir:

- Höfuðstóll láns lækkar.
- Gengisþróun hefur ekki bein áhrif á höfuðstól lánsins.
- Jafnari mánaðarleg greiðslubyrði.
- Lækkar skuldir fyrirtækja.

Ókostir:

- Höfuðstóll láns verður í íslenskum krónum og því mun styrking á gengi íslensku krónunnar ekki lækka höfuðstól lánsins.
- Hærri vaxtagreiðslur a.m.k. tímabundið þar sem innlendir vextir eru nú hærri en erlendir.
- Greiðslubyrði getur hækkað.

Fylgiskjal 4

3.3 Skuldaaðlögun

Skuldaaðlögun hentar fyrirtækjum í greiðsluerfiðleikum þar sem einfaldari úrræði svo sem höfuðstólslækkun og/eða skilmálabreytingar duga ekki til.

Reglur um skuldaaðlögun fyrirtækja skoðast sem viðauki við sameiginlegar reglur fjármálafyrirtækja um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja sem settar voru í samræmi við lög nr. 107/2009 og bankinn hefur tekið upp. Skuldaaðlögun er háð þeim skilyrðum og kvöðum sem tíundaðar eru í reglunum og sem Íslandsbanki setur hverju sinni.

Skuldaaðlögun miðar að því að jafnvægi verði komið á virði eigna og greiðslugetu annars vegar og fjárskuldbindinga fyrirtækja hins vegar, samhliða endurskipulagningu rekstrar. Skuldaaðlögun getur, í erfiðustu tilfellunum, falið í sér eftirgjöf skulda samhliða endurfjármögnun og er þá stuðst við eftirfarandi fjárhagsskipan og viðmið:

- *Lán innan greiðslugetu fyrirtækis. Lánum skipt í A- & B-hluta:*
 - A-hluti er tryggður að fullu með fastafjármunum svo sem fasteignum og fiskiskipum. Lán eru innan greiðsluhæfis félags og er miðað við að veðsetningarhlutfall sé allt að 80% af markaðsvirði undirliggjandi fastafjármuna. Lánstími og vaxtakjör taka mið af lánareglum bankans.
 - B-hluti getur verið tvískiptur:
 - Hefðbundin rekstrarfjármögnun á móti veltufjármunum, svo sem birgðum og kröfum, í formi skammtímalána. Hámarks veðhlutfall miðast við tegund undirliggjandi veltufjármuna.
 - Lán með jöfnum afborgunum, þar sem upphæð lána ræðst af áætlaðri greiðslugetu félagsins. Lán eru ýmist með veði í rekstrarfjármunum, án hefðbundinna trygginga eða styðjast við síðari veðrétti sem falla utan 80% veðsetningar, þ.e. að jafnaði utan ásættanlegs veðhlutfalls að mati bankans.
 - Lánstími og vaxtakjör taka mið af lánareglum bankans.

Lán utan greiðslugetu fyrirtækis, C-hluti:

- Eftirstöðvar heildarlána eru færðar í eingreiðslulán með gjalddaga eftir 3 ár. Hvorki eru greiddar afborganir af höfuðstól né vöxtum á lánstímanum. Lánið ber þó óverðtryggða kjörvexti sem leggjast við höfuðstól árlega.
- Í samningi um skuldaaðlögun er kveðið á um tiltekna eftirgjöf skulda að þremur árum liðnum ef við á, að því gefnu að fyrirtæki sé í skilum og standi við greiðslur A- og B- hluta. Við gerð endurfjármögnunarsamnings og á fyrstu tveimur árum lánstímans gefst eigendum þó kostur á að greiða upp lánið og kemur þá til niðurfelling á móti í þeim hlutföllum sem um var samið í upphafi.
- Eftirgjöf skulda verður ekki meiri en svo að eftir standi lán sem eru samtals 110% af verðmæti trygginga.
- Lán utan greiðslugetu geta ekki verið hærrí en 50% af samanlögðum útlánum fyrirtækisins, eftir höfuðstólslækkun erlendra lána ef við á. Reynist hlutfallið hærra er heimilt að greiða lán niður í leyfilegt hlutfall komi inn utanaðkomandi eigið fé.

Önnur úrræði geta einnig verið hluti af skuldaaðlögun. Dæmi um slíkt er sala eigna, tímabundnar óreglulegar greiðslur af lánum og aukning eigin fjár. Samningur um skuldaaðlögun felur í sér að félög með tekjur í íslenskum krónum en lán í erlendri mynt nýti möguleika til höfuðstólslækkunar.

Að framan er lýst verklagi og aðferðum við skuldaaðlögun fyrirtækja. Skuldaaðlögun kemur til viðbótar öðrum hefðbundnum úrræðum en kemur ekki í veg fyrir að fyrirtæki nýti sér formlega og óformlega nauðasamninga, gjaldþrot eða önnur úrræði.

Fylgiskjal 4

Við mat á hæfi fyrirtækis til skuldaaðlögunar þarf að vera fullreyst að vandi félagsins sé með þeim hætti að ekki sé mögulegt að aðlaga greiðslubyrði að greiðslugetu með höfuðstólslækkun, skilmálabreytingum eða öðrum almennum aðgerðum.

Skuldaðlögun miðar við að bankinn sé aðalkröfuhafi fyrirtækisins, þar sem aðkoma annarra kröfuhafa getur haft áhrif á endanlega útfærslu endurskipulagningar eða staðið í vegi fyrir því að skuldaaðlögun nái fram að ganga. Þá geta aðstæður kallað á aðrar útfærslur en hér er lýst, svo sem uppskiptingu félaga eða nýtingu breytiréttar og/eða áskriftarréttinda (warrants).

Fyrirvarar

- Viðaukinn lýsir í meginatriðum skilyrðum, heimildum og leiðum en skapar ekki einhliða rétt eða tilkall til skuldaaðlögunar.
- Viðauka þessum er ætlað að kynna þau úrræði sem fyrirtækjum standa til boða en úrlausn á fjárhagsvanda og val á leiðum í því sambandi er fyrst og fremst á eigin ábyrgð hvers fyrirtækis.
- Skattalegar kvaðir sökum ívilhana í tengslum við skuldaaðlögun eru á ábyrgð fyrirtækis.
- Kostnaður við vinnu vegna skuldaaðlögunar greiðist af fyrirtæki og er breytilegur eftir fjárhæð skulda og umfangi verks.
- Viðaukinn er birtur með fyrirvara um samþykki Fjármálaeftirlitsins.

3.4 Samningur um frjáls skuldaskil

Fyrirtæki geta leitað eftir samningi um frjáls skuldaskil vegna uppgjörs við kröfuhafa, oft nefnd óformlegur nauðasamningur. Slíkt getur átt ef greining á fjárhagsstöðu félags leiðir í ljós að framangreind úrræði henti ekki eða leysi ekki vanda fyrirtækis. Á það einnig við ef kröfuhafar eru margir eða bankinn ekki aðalkröfuhafi. Bankinn leitast við að styðja samninga um frjáls skuldaskil, að því gefnu að eftirtoldum atriðum sé fullnægt:

- Sýnt þykir að með síku muni bankinn endurheimta stærri hluta krafna sinna, ýmist sem hlutfall af heildarkröfum eða sem krónutöl, en með formlegrí fullnustuleið.
- Tryggt er að jafnræði ríki meðal kröfuhafa.
- Samstaða er meðal allra lánadrottna um úthlutun og efni óformlegs nauðasamnings.
- Bankinn telur að slíkt samrýmist markmiðum þeim sem sett eru fram í yfirlýsingu ríkisstjórnar Íslands um aðgerðir til að bæta rekstrarumhverfi fyrirtækja frá 2. desember 2008 þar sem m.a. er vísað til samkeppnissjónarmiða og að viðskiptavinum sé ekki mismunað með óeðlilegum hætti.
- Líklegt þyki að hægt verði að vernda verðmæti fólgin í fyrirtækinu, ýmist efnisleg eða óefnisleg, betur með óformlegrí fullnustuleið en formlegrí.
- Að samningarnir samrýmist að öðru leyti ákvæðum laga nr. 107/2009.

Samningur um frjáls skuldaskil getur falið í sér framsal eigna til bankans. Beint framsal eigna miðar að því að hámarka verðmæti eigna fyrirtækis með því að leita fullnustu krafna með beinum samningum við fyrirtækið sjálft og aðra kröfuhafa.

Öllu jafna leggst bankinn ekki gegn því að minni kröfuhafar geti fengið fulla greiðslu minni háttar skulda, enda náist full samstaða í þeim eftir meðal kröfuhafa. Við sölu slíkra eigna er verðmæti þeirra ráðstafað til kröfuhafa í samræmi við kröfuröð.

3.4.1 Breyting skulda í hlutafé eða ígildi eiginfjár

Í undantekningartilvikum getur bankinn fallist á að breyta skuldum í hlutafé, að hluta til eða í heild eða ígildi eiginfjár, svo sem í óformlegum nauðasamningum t.d. í þeim tilgangi að verja kröfu sem ella er talin töpuð.

Fylgiskjal 4

Ákvörðun um slíkt er háð samþykki stjórnar bankans.

3.5 Nauðasamningar

Fyrirtæki getur óskað eftir greiðslustöðvun og/eða heimild til að leita nauðasamninga sbr. lög nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Einnig er unnt að óska eftir nauðasamningi eftir upphaf gjaldþrotaskipta. Héraðsdómari veitir heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamninga að uppfylltum tilteknum skilyrðum og þarf m.a. ¼ kröfuhafa til að mæla með nauðasamningi.

Til að nauðasamningur teljist samþykktur þarf jafn hátt hlutfall kröfuhafa að samþykkja hann og það hlutfall eftirgjafar skulda sem lagt er til í samningnum. Þó þurfa að lágmarki 60% kröfuhafa ávallt að samþykkja samninginn svo hann komist á. Þetta merkir að t.d. 70% kröfuhafa þarf til að samþykkja samning sem leggur til að 30% krafna verði greiddar og 80% kröfuhafa að 20% krafna verði greiddar o.s.frv.

Nauðasamningar taka þó ekki til krafna sem tryggðar eru með veði í eignum. Veðkröfur eru því greiddar að fullu að því marki sem verðmæti eigna hrekkur til að greiða kröfuna. Þær kröfur sem ekki eru tryggðar með veði falla því undir nauðasamninginn, komist hann á. Lögfræðiinnheimta bankans sér um að gæta hagsmunu bankans við formlega nauðasamninga í samráði við viðkomandi afkomu- eða eftirlitseiningu bankans.

3.6 Nauðungarsala


Um nauðungarsölù gilda lög nr. 90/1991. Bankanum ber að gæta hagsmunu sínna við nauðungarsölù með því að bjóða í eignir á opnu uppboði. Þetta er gert til að tryggja að sem mest verðmæti fáist fyrir eignina sem síðan er ráðstafað til greiðslu veðkrafna.

Bankinn tekur afstöðu til þess hvort hann ver kröfu sína á uppboði og er þá lagt til grundvallar að veðréttur bankans, þ.e. áhvílandi veðskuldir, séu innan markaðsvirðis eignarinnar. Sé bankinn hæstbjóðandi á uppboði leysir hann eignina til sín. Að uppboði loknu úthlutar sýslumaður andvirði eignar til kröfuhafa í samræmi við kröfuröð.

Umsjónaraðili fullnustueigna annast sölu eigna sem bankinn hefur eignast á nauðungaruppboði. Eignir eru auglýstar á almennum markaði. Skili endursala hærra verði en innlausnarverð á uppboði nýtur uppboðsþoli þess með frekari innborgun á skuldir, eftir að tillit hefur verið tekið til eignarhalds- og sölukostnaðar.

3.6.1 Yfirtaka starfsemi eða eigna

Til þess getur komið að bankinn leysi til sín starfsemi eða eignir fyrirtækis í þeim tilgangi að tryggja fullnustu kröfu. Skulu slíkar eignir seldar jafnskjótt og hagkvæmt er í samræmi við 22. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálaufyrirtæki, að teknu tilliti til samkeppnissjónarmiða. Þá kann að vera að einstakar einingar eigi sér rekstrargrundvöll og verður þá leitast við að hámarka verðmæti þeirra með því að færa þær út úr rekstrinum og koma þeim í rekstrarhæft form með endurskipulagningu og öðrum viðeigandi aðgerðum.



Fylgiskjal 5

17. september 2010

Úrræði Landsbankans til aðstoðar fyrirtækjum í erfiðleikum



INNGANGUR

Aðgerðum í þágu fyrirtækja í greiðsluerfiðleikum er skipt í fjóra flokka fyrir utan hefðbundin úrræði greiðslustöðvunar og nauðasamnings. Þar er m.a. horft til eðlis og stærðar fyrirtækja ásamt getu númerandi eigenda til að leggja fram nýtt eigið fé í reksturinn.

Ljóst er að upp geta komið tilvik sem ekki eru talin falla í neinn þessara flokka og verður þá að leita annarra leiða við úrlausn þeirra. Landsbankinn setur ýmis skilyrði og skilmála í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu sem m.a. koma fram í 2., 5. og 7. kafla í sameiginlegum reglum fjármálafyrirtækja um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja. Bankinn getur einnig sett frekari skilyrði en þau sem fram koma í sameiginlegu reglunum, t.a.m. skilyrði um að fá hlutdeild í framtíðar söluhagnaði eigna innan 3-5 ára. Eitt af markmiðum endurskipulagningarinnar er að fyrirtæki verði greiðsluhæft til lengri tíma. Ef bankinn telur vafa leika á að hægt sé að ná því markmiði þá getur hann hafnað tillögu um endurskipulagningu.

A. Skuldbreyting – greiðsla á vöxtum ásamt hluta afborgana:

Fyrirtækjum sem geta einungis greitt vexti og hluta afborgana m.v. uppfærð vaxtakjör stendur til boda að fá greiðslufrest á hluta eða öllum afborgunum lána í 12-24 mánuði. Miða skal við að aforganir séu greiddar eins og kostur er og að skuldsetning verði í þeirri erlendu mynt sem endurspeglar best tekjur fyrirtækjanna. Til lengri tíma litið verða fyrirtækin að geta staðið við allar skuldbindingar sínar við bankann m.v. eðlilegt endurgreiðsluferli..

B. Niðurfærsla á skuldum fyrirtækis á móti eiginfjárframlagi eiganda:

Landsbankinn er reiðubúinn að færa niður skuldir fyrirtækja gegn því að eigendur leggi fyrirtækinu til nýtt hlutafé. Samhlíða þessu kemur til greina að breyta skuldum í hlutafé eða víkjandi lán. Við endurskipulagningu skulda skal tryggt að nýtt eigið fé frá eigendum og eftirstöðvar skulda séu að mati bankans að lágmarki 100% af virði endurmetinna eigna, eða af verðmæti fyrirtækis með hliðsjón af áætluðu sjóðstreymi* eftir því hvort er hærra, að viðbættu virði annarra trygginga. Nýtt eigið fé greiðist inn á lán fyrirtækis hjá bankanum. Miða skal við að skuldur eftir niðurfellingu og eiginfjárframlag eiganda séu að jafnaði ekki hærri en 90% af eignavirði eða heildarvirði, hvort sem er hærra og verði í þeim myntum sem endurspeglar tekjur fyrirtækjanna. Fyrir hverja krónu eigin fjár sem eigendur leggja fyrirtækinu til umfram 10% af heildarvirði eða eignavirði, lækka skuldir fyrirtækis um 1,5 krónur á meðan skuldir eru umfram 70% af heildarvirði eða eignavirði. Miðað skal við að niðurfærsla verði ekki hærri en 60% af höfuðstól lána. Kjör og lánstími á lánum eftir endurskipulagningu eru samkvæmt gjaldskrá bankans hverju sinni og taka mið af undirliggjandi veðum. Stefna skal að því að eins mikill hluti lána fyrirtækis og mögulegt er sé í endurgreiðsluferli en ljóst er að í sumum tilfellum þarf hluti lána að vera á formi eingreiðsluláns:

*Heildarvirði

C. Niðurfærsla á skuldum án eiginfjárframlags eiganda:

Hjá fyrirtækjum í greiðsluerfiðleikum með vaxtaberandi skuldir undir 750 m.kr, kemur til greina að bankinn færí niður skuldir fyrirtækis að hluta, án eiginfjárframlags eiganda, enda sé ljóst að eigandi geti ekki reitt fram nýtt eigið fé. Við slíka endurskipulagningu skal tryggt að eftirstöðvar skulda séu að mati bankans

Fylgiskjal 5

að lágmarki 100% af virði endurmetinna eigna eða af heildarvirði, eftir því hvort er hærra, að viðbættu virði annarra trygginga. Þetta á sérstaklega við hjá fyrirtækjum þar sem reksturinn byggir á vinnuframlagi eigenda sjálfrá og bankinn telur ekki raunhæft að hann eignist hlutafé fyrirtækisins. Miðað skal við að niðurfærsla verið ekki hærri en 60% af höfuðstól lána. Kjör og lánstími á lánum eftir endurskipulagningu eru samkvæmt gjaldskrá bankans hverju sinni og taka mið af undirliggjandi veðum. Reynt er að hafa sem mest af lánum fyrirtækis í endurgreiðsluferli en ljóst er að þegar ekkert eigið fé kemur frá eigendum þá þarf hluti lána í sumum tilvikum að vera á formi eingreiðsluláns.

D. Yfirtaka Landsbankans á hlutafé í fyrirtæki í samráði við eigendur:

Verði engin ofangreindra leiða til að bæta stöðu fyrirtækisins getur heppilegasta lausnir verið að Landsbankinn eignist fyrirtækið með samningum við eigendur, annað hvort einn eða með öðrum stórum kröfuhöfum. Hlutafé fyrrí eigenda tapast allt, „enda verðlaust þegar hér er komið. Þegar þessari aðferð er beitt er markmið bankans að bjarga verðmætum sem myndu ella tapast við gjaldþrot og tryggja að sem mest fáist upp í skuldir þegar fyrirtækið verður selt. Í sumum tilvikum getur sú óvissa sem kann að ríkja um aðrar skuldbindingar þó komið í veg fyrir að hægt sé að breyta skuldum í hlutafé.

